Háskóli Íslands

Hugvísindadeild

Íslenskuskor

Ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar í Lbs 838, 4to

I. bindi

Ritgerð til M.A.-prófs

Harpa Hreinsdóttir

Kt.: 1409592009

Leiðbeinendur: Margrét Eggertsdóttir,

Sveinn Yngvi Egilsson

Apríl 2007

Ágrip af efni ritgerðar um ljóðabréf sr. Bjarna Gissurarsonar

Sr. Bjarni Gissurarson (1621 - 1712) var afkastamikið skáld um sína daga en hefur því miður fallið í gleymskunnar dá. Virðist svo vera vegna þess að handrit af verkum hans komust snemma í hendur safnara en flækust ekki manna á meðal í misjöfnum uppskriftum. Kosturinn er sá að handritin þrjú sem geyma verk Bjarna eru öll eiginhandrit sem hann gekk sjálfur frá.

Bjarni orti allskonar kvæði; sálma, gamanvísur, náttúrufarsvísur, ádeilur o.fl. En í þessari ritgerð eru einungis skoðuð ljóðabréf og einungis í einu handritanna þriggja, Lbs 838, 4to. Þrátt fyrir takmörkun efnisins fylla ljóðin sem um er fjallað yfir hundrað síður af handritinu. Uppskriftir af þessum ljóðabréfum fylgja ritgerðinni í fylgiskjölum, sem eru í sérstöku bindi.

Ljóðbréf Bjarna eru af ýmsu tagi og virðist viðtakandi hverju sinni ráða mestu um form og jafnvel efnisval bréfs. Hægt er að finna dæmi um glæsileika í formi og stíl, dýrt kveðnar vísur og á hinn bóginn einföld, tær kvæði þar sem ekkert fer milli mála.

Stærstu ljóðabréfaflokkarnir eru annars vegar til Vilborgar Jónsdóttur sýslumannsfrúar á Felli við Hornafjörð og hins vegar til Guðrúnar Finnbogadóttur, ungrar vinnkonu í Skriðdal. Þessir viðtakendur ættu að gefa nokkra mynd af því hve fjölbreytilegu fólki Bjarni sendi bréf sín.

Í ritgerðinni er reynt að rökstyðja að Bjarni Gissurarson hafi verið frumkvöðull í samningu ljóðabréfa á íslensku. Enn fremur er reynt að sýna fram á hvað einkennir bréf hans helst, t.d. hvað varðar efni, vísanir, myndmál og annað þvíumlíkt.

I. bindi geymir ritgerðina sjálfa en fylgiskjöl eru í II. bindi. Þau innihalda ítarlegt efnisyfirlit yfir Lbs 838, 4to og stafrétt og uppsett ljóðabréf Bjarna. II. bindi fylgir einnig geisladiskur með myndum af öllum síðum handritsins, Lbs 838, 4to.

Efnisyfirlit

Inngangur 5

1. Bjarni Gissurarson, ljóðabréfskrif og Lbs 838, 4to 7
Æviágrip 7
Ljóðabréfskrif og hefð 7
Uppbygging bréf og ljóðabréfa 9
Hlutverk viðtakanda og skálds 13
Frumkvöðull í ritun ljóðabréfa á íslensku. 16
Eiginhandrit Bjarna Gissurarsonar 17

2. Einstök ljóðabréf Bjarna í Lbs 838, 4to 22
Ættartala og kort 23
Börn Arndísar Bjarnadótttur 26
Gissur Þorleifsson 26
Sigríður Þorleifsdóttir 28
Brúðkaupsljóð handa Gróu Þorleifsdóttur 29

Jacob Bjarnason og fjölskylda 32
Jacob 32
Guðný, eiginkona Jacobs 38
Ingibjörg Jacobsdóttir 40

Eyrekur Bjarnason og fjölskylda 43
Eyrekur 43
Margrét Eyreksdóttir 46

Henrich Bjarnason og fjölskylda. 49
Henrich 49
Guðrun Árnadóttir, kona Henrichs 53

Vilborg Jónsdóttir á Felli við Hornafjörð 56
Efni bréfanna 58
Myndmál í ljóðabréfum til Vilborgar 61
Hverfulleikinn 61
Kenningar 64
Myndhverfingar og allegóríur 65
Vísanir 66
Stílbrögð 69

Guðrún Finnbogadóttir 70

Heiðarlegir kennimenn í Múlasýslu s.78
Páll Ámundason, prófastur 79
Sr. Guðmundur Árnason 79
Solveig Árnadótti, kona sr. Guðmundar 84
Sr. Bjarni Einarsson 85
Sr. Ólafur Ásmundsson 87
Bessi Guðmundsson 87
Björn Pétursson 90

Vinir og kunningjar 92
Börn sr. Ólafs Stefánssonar í Vallanesi 92
Jón Ísleifsson 94
Kristín Eyreksdóttir 96
Ástríður Hjálmsdóttir 97
Árni Alexandsson 97
Einar Sveinsson 100
Guðfinna Vigfúsdóttir 102
Þóra Jónsdóttir 103
Margrét Vagnsdóttir 105

3. Lokaorð 107

Heimildaskrá 110

Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um ljóðabréf í einu handriti Bjarna Gissurarsonar. Leið mín að viðfangsefninu hefur verið ákaflega tilviljanakennd en mætti rekja þannig:

Á haustönn 2006 valdi ég námskeiðið *05.42.10 List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Ég vissi lítið um Hallgrím og ekkert um 17. öldina; satt best að segja bjóst ég við að þetta yrði námskeið um sorg og sút því óljósar hugmyndir mínar um skáldið og tímann sem hann var uppi voru litaðar af alls konar hörmungum.

Námskeiðið kom mér afar ánægjulega á óvart. Það snérist að stórum hluta um að benda á nýmæli, t.d. í skáldskap á 17. öld, og sýna fram á góð tengsl íslenskra fræðimanna og skálda við Norður–Evrópu. (Þar ber auðvitað Brynjólfur Sveinsson biskup höfuð og herðar yfir samtíðarmenn sína.)

Í námskeiðinu áttu allir að skrifa ritgerð og fyrir tilviljun, enn og aftur, valdi ég að skrifa um myndmál og allegóríu í verkum Bjarna Gissurarsonar; hafði þar undir litlu ljóðabókina *Sólarsýn*, sem er úrval úr verkum hans.

Við ritgerðaskrifin opnaðist fyrir mér ný veröld og ég varð ákaflega heilluð af Bjarna, ekki hvað síst einstaklega jákvæðu viðhorfi hans til lífsins. Þess vegna ákvað ég að skrifa MA ritgerð um eitthvað tengt hans verkum.

Ég lét mynda handritið Lbs 838, 4to og fékk það á geisladiski – til þess eins að horfa á gersamlega ólæsilegan texta á mínum tölvuskjá. Næsta skref var að kenna sjálfri mér að lesa úr fljótaskrift, sem ég gerði með því að skoða vandlega texta í *Sólarsýn* og texta í handritinu og búa mér til nokkurs konar dulmálslykil með því að klippa undarleg tákn út (í myndvinnsluforriti) og nota úrlesinn textann til að vísa mér leið að merkingu táknanna. Þessi aðferð virkaði en það tók nokkurn tíma að ná sæmilegu valdi á skriftinni. Sjálfsagt er eitthvað mislesið í fylgiskjölum þessarar ritgerðar þótt ég hafi margfarið yfir þau.

Ég fékk aðstoð við að takmarka umfjöllunarefnið og ofan á urðu ljóðabréf Bjarna, í þessu handriti. Þessi ritgerð fjallar því um ljóðabréf, sem eru mörg og afar fjölbreytt, eftir því hverjum Bjarni er að skrifa. Auðvitað eru ljóðabréfin öll afrit Bjarna sjálfs, því viðtakendur hafa væntanlega ekki endursent þau. Handritið, Lbs 838, 4to, er eiginhandrit

og ég hef hvað eftir annað staðið mig að því að hugsa við hvaða aðstæður þessi bréf voru skrifuð og reynt að sjá Bjarna fyrir mér við verkið.

Fyrsti kafli ritgerðarinnar fjallar um ljóðabréf og bréf sem bókmenntagrein. Reynt er að tengja þá umfjöllun við ljóðabréfasamningu Bjarna, annars vegar hvað varðar form og hins vegar efnisþætti. Í fyrsta kaflanum er einnig örstutt æviágrip Bjarna Gissurarsonar.

Annar kaflinn er veigamesti hluti þessarar ritgerðar. Hann er umfjöllun um einstök ljóðabréf eða ljóðabréfasypur, flokkuð eftir viðtakendum. Þar er reynt að draga út og benda á sérstök einkenni, myndmál, rímskraut, mismunandi stíl eftir viðtakendum o.s.fr. Í lokin eru helstu niðurstöður dregnar saman.

Ritgerðin er í tveimur bindum þar sem hið síðara eru fylgiskjöl. Fylgisskjölin eru öll ljóðabréf handritsins Lbs 838, 4to sett upp eftir líklegum bragarháttum og raðað í sömu röð og umfjöllun um þau í öðrum kafla ritgerðarinnar sjálfrar. Einnig fylgir yfirlit yfir kvæðin í handritinu sjálfu þar sem ég hef reynt að sýna efnisflokkun Bjarna með mismunandi litu letri. Aftast í fylgiskjalabindinu er svo geisladiskur með myndum af Lbs 838, 4to. Leiðbeiningar um hvernig hann megi nota eru í inngangi annars bindis.

Ég þakka leiðbeinendum mínum fyrir veitta aðstoð og uppörvun. Sérstakar þakkir fær Jón Marinó Samsonarson, sem sagði mér ýmislegt merkilegt um efnið, auk þess að gefa mér leyfi til að vitna í metnaðarfulla og ítarlega cand. mag. ritgerð sína um Bjarna Gissurarson, ævi hans og skáldskap.

1. Bjarni Gissurarson, ljóðabréfaskrif og Lbs 838, 4to

Í þessum kafla er stutt æviágrip Bjarna en síðan er fjallað almennt um ljóðabréf og reynt að tengja þá umfjöllun við ljóðabréfin í Lbs 838, 4to. Í lok kaflans er umfjöllun um handritið sjálft.

Æviágrip

Bjarni Gissurarson fæddist árið 1621. Hann var sonur Gissurar Gíslasonar, prests í Þingmúla í Skriðdal, og Guðrúnar, dóttur Einars í Eydölum.

> Bjarni lærði í Skálholtsskóla, var síðan skrifari Brynjólfs biskups Sveinssonar um hríð, en gerðist prestur í Þingmúla eftir föður sinn árið 1647 og hélt þann stað samfellt í 55 ár. Bjarni kvæntist Ingibjörgu, dóttur séra Árna Þorvarðarsonar í Vallanesi. Þau hjón eignuðust sjö börn.[1]

Bjarni missti konu sína 1698 og hafði á árum áður misst tvo eldri syni sína, Gissur og Árna.[2] Hann bjó áfram að Þingmúla þar til snemma árs 1702 en lét þá af prestsskap og flutti til Arndísar, dóttur sinnar, og manns hennar, sr. Þorleifs á Hallormsstöðum. En sr. Þorleifur lést af slysförum sumarið 1702 og Arndís varð að leysa upp heimilið 1704. Þá fóru hún og Bjarni að Stóra–Sandfelli þar sem Eiríkur eldri, sonur Bjarna, bjó. Á Stóra–Sandfelli var Bjarni næstu fimm árin en flutti aftur að Hallormsstöðum þegar Eiríkur yngri, sonur hans, varð þar prestur. Frá 1709 og til æviloka, 1712, var hann á Hallormsstöðum.

Í næsta kafla, á síðu 23, er ættartala sem sýnir þá afkomendur Bjarna sem hann skrifaði ljóðabréf til og afritaði svo sjálfur í Lbs 838, 4to. Á síðunni eftir ættartölunni er kort sem sýnir meðal annars bæina sem Bjarni bjó á helftina af ævi sinni.

Ljóðabréfaskrif og hefð

Ljóðabréf má rekja aftur til Rómverja til forna og þessi kveðskapargrein gekk í endurnýjun lífdaga með endurreisninni og síðar barokkstíl.

> Ljóðabréfið einkenndist af ytri búningi, en efni þess getur verið á margan hátt. Í æðri skólum, sem mótaðir voru af fornmennta– og endurreisnarstefnu var latína megin kennslugrein og fornir, latneskir höfundar í miklum metum. Það verður eins konar æfing og þjálfun hjá skólapiltum að setja saman ljóðabréf á latínu og lærðir menn senda latnesk ljóðabréf sín á milli. Jafnframt er formið notað í kvæðagerð á þjóðtungum og náði það, er tímar liðu, miklum þroska. Einkum mun þar gæta áhrifa frá

[1] Jón Marinó Samsonarson. 1960b, s. 106.
[2] Upplýsingar úr *Íslendingabók*.

> ljóðabréfum Horazar (Clément Marot, Boileau, Samule Daniel, Pope, Baggesen). Sennilegt er að ljóðabréfið íslenska sé grein af þessum stofni.[3]

Í Danmörku virðast ljóðabréfaskrif á nýlatínu einkum hafa verið bundin endurreisninni en ljóðbréfaskrif á móðurmáli eru aftur á móti tengd barokkstíl:

> Again, looked at from this angle, the most radically innovative aspect of Baroque poetry was its use of the vernacular. The early Baroque poets who composed in Danish expressed themselves in the very same forms that were most familiar in Latin poetry: the private letter in verse, the occational poem ... These were the preferred forms of Anders Arrebo ... and Thomas Kingo.[4]

Í Skálholtsskóla var Brynjólfur Sveinsson skólameistari drjúgan hluta sautjándu aldar, 1638–1675, og var hann m.a. þekktur fyrir framúrskarandi góð tök á latínu, sem og stórt og gott bókasafn með fjölda latínurita. Í gömlu latínuskólunum var mjög mikil áhersla lögð á latínukennslu. Sigurður Pétursson segir um áhrifin sem þessi áhersla hafði: „... það voru einkum ungir menn sem fengust við að yrkja á latínu enda má segja að latnesk ljóðagerð hljóti að hafa verið þeim mjög töm á því aldursskeiði þegar þeir höfðu nýlokið námi úr latínuskóla.“[5]

> Af þeim sem sendu Stefáni Ólafssyni ljóðakveðjur voru að minnsta kostir tveir, þeir Bjarni Gissurarson og Marteinn, sem trúlega höfðu ekki stundað nám erlendis. Sé svo er þetta góður vitnisburður um það hvers megnugir latínuskólarnir í Skáholti og á Hólum voru þegar á fyrri hluta 17. aldar. Þótt ekki sé varðveittur latínukveðskapur þessara manna verður að telja að sá grunnur sem þeir byggðu á hafi nægt þeim til að ráðast í það að semja latnesk kvæði, enda hefði lærdómsmaðurinn Stefán varla hrósað þeim fyrir lærdóm hefði ekki verið svo. [6]

Sigurður segir einnig: „Varðveitt eru nokkur ljóðabréf á latínu samin af Íslendingum á fimmta áratug sautjándu aldar.“[7] En hann bætir því við að einungis eitt slíkt bréf sé til í frumgerð.

Vitað er um eitt ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar ort á latínu, sem hann sendi Stefáni Ólafssyni til Kaupmannahafnar, sbr. tilvitnun hér að ofan, og annað ljóðabréf sendi hann Stefáni síðan á íslensku. Bjarni vann sem skrifari Brynjólfs biskups í Skálholti þegar þetta

---

[3] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 369.

[4] Skafte Jensen, Minne. 2002, s. 11. Sjá má dæmi um ljóðabréf, *Til Brigitte Baltzlow* paa hendes indfaldende Nafns Dag Dend 1 Febr. 1689, eftir Thomas Kingo, á http://www.kalliope.org/flines.pl?mode=1&fhandle=kingo. Það er skemmtileg tilviljun að kvæði Kingos til Birgitte endar á sams konar uppsetningarskrauti og tileinkunarorð Bjarna í upphafi bréfsins „Elleptu liod Vilborgu til handa“. Svo virðist sem Danir hafi ort ljóðabréf á móðurmálinu á þessum tíma en einungs af ákveðnu tilefni, s.s. nafnadegi, afmælisdegi, gjöf eða einhverju svoleiðis. Sjá *Kalliope Digtarkiv* á http://www.kalliope. org og *Arkiv for dansk litteratur*, á http://www.adl.dk. Fyrrnefndi vefurinn er miklu bitastæðari.

[5] Sigurður Pétursson. 2006a, s. 59.

[6] Sigurður Pétursson. 2006b, í *Lokaorðum*, óprentaðrar greinar þar sem blaðsíðutal vantar.

[7] Sigurður Pétursson. 2006a, s. 56.

var. Varðveist hefur svar Stefáns við þessum bréfum, dagsett 17. apríl 1645, þar sem Stefán segir m.a.:

> Ég hef fengið tvö bréf frá þér, elsku–Bjarni, hingað til Hafnar voru þau hvortveggja jafn kærkomin. Hið fyrra var á rómverskri (latínskri) tungu og er óhætt að segja að það var rómversku (latínu) bragð að því, en hið síðara var þjóðlega fyndið og skemtilegt. Í því fyrra auglýstir þú ást þína og velvild til mín, og líka hinn nátturlega lipurleik gáfna þinna, en í hinu síðara iðni þína að safna smáblómum í þeim görðum menta og þokkagyðjanna, sem nú eru svo vel ræktaðir í suðurhluta Íslands að slíkir finnast hvergi. Ég á við Skálholt ...[8]

Því miður eru þessi bréf Bjarna Gissurarsonar til Stefáns glötuð.

Uppbygging bréfa og ljóðabréfa

Til eru reglur um klassíska uppbyggingu bréfa, *Ars dictaminis*, að líkindum allt frá fornrómverskum tíma þótt elsta varðveitta kennslubókin í bréfagerð hafi verið samansett í klaustrinu í Monte Cassino á Ítalíu 1087.[9] Samkvæmt henni og fleiri kennslubókum í bréfagerð átti bréf að skiptast í þessa þætti:

I. Salutatio (heilsun)

II. Exordium (inngangur)

III. Narratio (frásögn)

IV. Dipositio (efnisröðun) og úrvinnsla eða petitio (beiðni)

V. Conclusio (lokaorð)[10]

Höfundar *Íslenskrar stílfræði* segja að heldur séu fá dæmi í íslenskum bréfasöfnum þar sem formúlum bréfagerðar sé fylgt út í æsar.

> Þannig vantar oftast annan kaflann, innganginn; eftir að hafa heilsað vindur bréfritari sér umsvifalaust að efninu. Þess má geta að bréfin eru oftar en ekki varðveitt í afritum þar sem vafalaust hefur verið tilhneiging til að strika slíkar kurteisisformúlur út. [11]

Mörg ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar geyma þá suma þá efnisþætti sem á að vera að finna í klassískum ljóðum, jafnvel alla efnisþættina. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna „Virduglegu*m* sysluman*n*e Birne Pieturs: vijsa send“[12]sem nánast smellpassar við formið

[8] Tilv. í bréf Stefáns Ólafssonar úr Jón Þorkelsson. 1885, s. XL.
[9] Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994, s. 29.
[10] Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994, s. 29.
[11] Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994, s. 30.
[12] Einstök ljóð sem vitnað er til í þessari ritgerð má öll finna í Bindi II, Fylgiskjölum, þar sem efnisyfirlit vísar á blaðsíður.

hér að ofan. Þetta er með stystu ljóðabréfum Bjarna og því heppilegt að fella það inn í þessa umfjöllun.

Viðtakandi er ávarpaður strax í upphafi, með orðunum „Ydar goda giedpryde“. (Síðar í kvæðinu eru ávörpin „ydar milldin margfölld / og giæda nadin medstæd“; og „ydar náde“.) Þessi ávörp sýna hvernig Bjarni bugtar sig og beygir fyrir Birni sýslumanni:

Ydar goda giedpryde
og giæda nadin medstæd,
þád af gude j þjódlod
þydan*n* vijda stidur lijd.
Sádu madur sad bodar,
sijdar hrodur lidgodan*n*,
heidur, glede g*udz* lid
og groda hladin*n* fiesiod.

Þetta fellur vel að klassískri uppbyggingu bréfa, sem lýst var hér á undan. Inngangsorð (*exordium*) áttu einmitt að gera viðtakanda sér hliðhollan, með lofsamlegum ummælum, eins og Bjarni gerir í 1. erindi þessa kvæðis. Ávarpsorðin (*salutatio*) eru afar smeðjuleg, í augum nútíma lesanda.

Í frásagnarhættinum (*narratio*) á að vera undanfari og tilefni bréfsins. Frásögn af ellimörkum og að Bjarni liggi nánast í kör gæti fallið undir þetta auk þess að sýna auðmýkt sendanda bréfsins:

Kallin*n* forn j kör elli
kallast ma nu sen*n* fallin*n*
vetur þustin*n* hellst hatar,
hylur sig j rum jl
helgitijda lios leider
lijdu*m* þo j náms hlijd
hlyrnir þegar vo varnar
vinda klijd um fjalltind.

Í þriðja erindi er beiðni (*petitio*) um tóbak. Þessi bljúga ósk um tóbak er dulbúin þannig að Bjarni segist sjálfur mundu senda Birni sýslumanni tóbak ef hann bara ætti það til. Af lítillæti talar Bjarni um sig sem „kallkind“ í þessu erindi en ávarpar Björn sýslumann „ydar náde“:

Senda munde kallkind,
kiæmist hun j þan*n* slæm
ydar milldin margfölld
sem morgu*m* veiter glede biörg,
snuid laufe so kallt kuef
kugist fra j nefssug
ellebrekin of mikil
ydar náde forrad.

„Í lokaorðum eru síðan niðurstöður dregnar og bréfritari kveður með kurteisisorðum og auðmýkt og smjaðri þar sem það á við.“[13]

> Herra tijgnar, ha mögn,
> himna jofurs, sigurgjöf
> ydur veite a Andskota
> jllum þeim sem skada vill
> eckta brude, busnækter,
> born sæl, eg um mæle,
> gotzid laust *og* grunn fasta,
> geyme drottinn hier j heim.

Í lokaerindinu hér að ofan er beðið um guðs hjálp og guðs náð fyrir allt heimilisfólkið á bænum og eignirnar með. Bjarni gengur meira að segja svo langt að leggja þessa blessun á, þegar hann skrifar „eg um mæle“. Það er alls ekki laust við smjaður í erindinu, t.d. mun guð (Herra tignar, há mögn himnajöfurs) afhenda Birni sigurgjöf gegn hinum illa andskota. Þetta sýnir tign Björns því varla færi svo gífurlega háttsettur guð að splæsa slíkum verkfærum á almúgann.

Á næstu síðu er yfirlit yfir efnisþætti í ljóðabréfum til Vilborgar Jónsdóttur á Felli við Hornafjörð en Bjarni skrifaði henni mörg ljóðabréf og reyndi að vanda sig vel því Vilborg gaf honum góðar gjafir að launum. Það mætti líta svo á að Vilborg hafi verið bakhjarl (patrón) Bjarna.

Samskipti þeirra hefjast með þakkarbréfi sem Bjarni skrifar eftir að Ísleifur sýslumaður, eiginmaður Vilborgar, hafði beitt sér fyrir því að Jacob Bjarnason fékk brauðið Kálfafellsstað í Suðursveit. Síðan ganga stöðugt bréf og gjafir á milli þeirra. Í Lbs 838, 4to eru öll bréfin nema þau fyrstu tvö. Í þeim kemur fram að gjafir Vilborgar voru rausnarlegar og af ýmsu tagi. Má þar nefna peningar (brennt silfur); vaðmál, skinn í skæði og eitt sinn gefa þau Vilborg og Ísleifur Bjarna hest. Bjarni launar gjafirnar með löngum ljóðabréfum til Vilborgar og tekur jafnan fram að guð launi fyrir sig. Þessu eru gerð betri skil í næsta kafla en á næstu síðu sést hvernig efnisþættir raðast í Vilborgar–bréfunum.

[13] Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994, s. 30

Röðun efnisþátta í ljóðabréfum til Vilborgar

1. bréf	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Elli og hverfulleiki**	**Fréttir**	**Ellimörk**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Blessun / bæn**
2. bréf	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Elli og hverfulleiki**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	
3. bréf	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Prédikun**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Ádeila**	**Blessun / bæn**
4. bréf	**Ávarp**	**Elli og hverfulleiki**	**Blessun / bæn**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn** **Ellimörk**	**Blessun / bæn** **Ellimörk**
5. bréf	**Ellimörk**	**Ávarp**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**		
6. bréf	**Kenningar yfir skáldskap**	**Ávarp**	**Hrós um Vilborgu og minnst á 7 börn.**	**Kristilegar vísanir um 7.**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir** **Ellimörk**	**Blessun / bæn**
7. bréf	**Ellimörk vísun í Hávamál**	**Ávarp**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	**Elli og hverful-leiki**	**Blessun / bæn**
8. bréf	**Formáli og vísanir í Hávamál**	**Ellimörk**	**Ávarp**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	**Blessun / bæn**
9. bréf	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Ellimörk**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	
10. bréf	**Ávarp**	**Elli og hverfulleiki**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	**Elli og hverful leiki**	**Blessun / bæn**
11. bréf	**Elli og hverful leiki**	**Ávarp**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**	**Elli og hverful leiki**	**Blessun / bæn**
12.bréf	**Ávarp**	**Elli og hverful leiki**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Blessun / bæn**	**Blessun / bæn**	**Blessun / bæn**	
13. bréf	**Elli og hverful leiki**	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Elli og hverfulleiki**	**Blessun / bæn**
14. bréf	**Kristur er ljósið**	**Elli og hverfulleiki**	**Ávarp**	**Blessun / bæn**	**Þakkir fyrir gjöf**	**Fréttir**	**Blessun / bæn**

Svo sem sést á þessari yfirlitssíðu yfir efnisþætti í ljóðum til Vilborgar þá hefjast þau fyrstu ævinlega á ávarpi eða heilsun (*salutatio*). Þegar á bréfskiptin líður kemst hins vegar dálítið los á einstaka þætti. Inngangur (*exordium*) getur verið blessun eða bæn, umfjöllun um hverfulleika (eða elli), þakkir fyrir seinustu gjöf eða eitthvað þvíumlíkt. Fréttir eru fastur liður í bréfum Bjarna til Vilborgar og falla auðvitað undir frásögn (*narratio*). Af fréttunum dregur Bjarna oftast ýmsan lærdóm, svo sem að ekki borgi sig að selja dönskum allan fiskinn og svelta svo að vetri; að það boði ógæfu ef fólk sem á varla til hnífs og skeiðar rjúki í að gifta sig o.s.fr., svo ekki sé minnst á guðfræðilegar útleggingar Bjarna sem taka drjúgt pláss í sumum bréfunum. Það mætti því halda fram að úrvinnsla (*dispositio*) sé í hverju bréfi. Lokaorðin (*conclusio*) eru undantekningarlaust blessun Vilborgar og fjölskyldu og bænir fyrir þeim.

Þótt fá bréf finnist í íslenskum bréfasöfnum sem skrifuð eru eftir hinni klassísku uppskrift, *Ars dictaminis*, kann vel að vera að rímuð bréf, þ.e. ljóðabréf, séu skipulögð með hliðsjón af henni, sérstaklega ef viðtakandi er af háum stigum og bréfritari vill vanda sig vel.

Hlutverk viðtakanda og skálds

Eins og kemur fram í næsta kafla má skipta ljóðabréfum Bjarna í nokkra flokka eftir tengslum viðtakenda við skáldið; reyndar skiptir Bjarni þeim sjálfur í sinni uppröðun og inngangsorðum að sumum flokkum í eiginhandritinu. Hér á eftir verður sýnt hver skiptingin eftir efni eða tilgangi er, í handritinu Lbs 838, 4to. En fyrst verður sjónum beint að viðtakendum og fjölda bréfa.

Fullkomið jafnvægi eftir kynjum virðist ríkja séu einungis viðtakendur skoðaðir: 13 karlar og 13 konur fá bréf, auk eins bréfs til barnahóps sr. Ólafs í Vallanesi, sem erfitt er að flokka eftir kyni.

Sé bréfafjöldi hins vegar talinn eftir kynjum ruglast jafnvægið heilmikið: Alls eru 29 bréf send til karla en 45 bréf send til kvenna, sem gerir samtals 74 ljóðabréf, auk bréfsins til barnanna.

Ef litið er eingöngu á bréf til annarra en fjölskyldumeðlima hallar enn meir á karlkynið því Bjarni skrifar 13 bréf til karla en 31 bréf til kvenna (þar vega vitaskuld bréfin 15 til

Vilborgar og bréfin 10 til Guðrúnar Finnbogadóttur þungt), auk þess sem var skrifað barnahópnum.

Það er því vel ljóst að Bjarna lætur miklu betur að halda sambandi bréfleiðis við konur en við karla. Að mínu viti er þetta óvenjulegt og fellur ekki að kenningum um klassísk ljóðabréfaskrif eða skrif sprottin af latneskum rótum:

> There is no doubt but that the formal and thematic functions of friendship have been, as a matter of fact, fundamental in epistolary literture. ... The framework of the epistle in Horace is the friendly advice given by an older man to a younger man who is not as advanced as he is in the long road to experience and wisdom. ... In this tradition the relationship is normally masculine.[14]

Vissulega á þessi rammi sem hér er lýst við mörg kvæði Bjarna, einkum þó til unglinga. Góð dæmi um svona lærimeistara–lærisveins samskipti eru bréf Bjarna til Gissurar Þorleifssonar í Kaupmannahöfn eða bréfið hans til Jóns Ísleifssonar. Bjarni gerir ekki mikið af því að ráðleggja fullorðnum karlmönnum, hvorki vinum sínum né sonum.

Aftur á móti er hann fullur góðra ráða þegar kemur að kvenfólki og setur sig yfirleitt ekki úr færi í að benda á góða kosti kvenna og hlutverk þeirra í lífinu. Meginhlutverk kvenna er að halda öllu í röð og reglu á heimilinu og í heimilislífinu; þær eiga að gæta hússins og heimilisins svo allt gangi þar eins og til er ætlast.

Endurreisnarskáld ytra slepptu því ekki að skrifa ljóðabréf til kvenna. En formið varð losaralegra og bréfin hverfust um ást eða kvenlegt eðli; þetta urðu bréf til kvenna en ekki til vina og horfið var frá meginefni ljóðabréfa, vináttunni. [15]

Þessi staðhæfing á engan veginn við um Bjarna Gissurarson. Svo virðist sem vinskapur hafi miklu oftar orðið með honum og konum heldur en körlum. Þessar konur voru á ýmsum aldri og af ýmsum stigum. Ég nefni sem dæmi Guðfinnu Vigfúsdóttur, barnfóstru á Kálfafellsstað í Suðursveit, f. 1648, Guðrúnu Finnbogadóttur, sem er 15 ára vinnukona þegar ljóðabréfasendingar til hennar hefjast og Vilborgu sýslumannsfrú Jónsdóttur að Felli, sem er 23 ára þegar Bjarni byrjar að senda henni bréf.

Bréf Bjarna til kvenna eru alla jafna hlýleg og innileg. Auðvitað er í þeim mikið kristniboð og áminningar um að gleyma nú ekki bænum til guðs en það er oft í hvatningar– eða huggunarskyni. Körlum, einkum Jacobi syni sínum, virðist Bjarni frekar skrifa hverfulleikakvæði og ábendingar um að heimurinn sé blekking, lífið sem rykkorn

[14] Guillén, Claudio. 1986, s. 78–79.
[15] Sjá Guillén, Claudio. 1986, s. 79

o.s.fr. Þetta er að sjálfsögðu ekki algilt; Bjarni skrifar Vilborgu stundum um hverfulleika en Henrich, sonur hans, fær hvatningu, jafnvel huggun.

Það er reyndar dálítið ruglandi að stundum fjalla ljóðbréfin alls ekki neitt um þann sem þau eru stíluð á. Sem dæmi má nefna „Sine mij*n*um S.Jacob *og* konu h*a*ns liodabög*ur* send*ar*“, sem fjallar annars vegar um látna eiginkonu Bjarna, Ingibjörgu, og hins vegar um nýfædda dóttur Jacobs sem látin er heita eftir henni.

Ljóðabréf Bjarna eru oft skrifuð til að fræða, aðallega um kristindóm, og skemmta, með gríni og kerskni um náungann. Hann gerir örugglega ráð fyrir að bréfin verði lesin af fleirum en viðtakanda, jafnvel lesin upphátt fyrir allt fólkið á bænum. Dæmi um slíkt kvæði er „Enn adrar til Einars S.S.“ þar sem er gert góðlátlegt grín að vinnufólkinu í síðari hluta kvæðisins. Það hefur sjálfsagt öllum þótt gaman að fá um sig vísu og hann gætir þess ávallt að vera ekki illkvittinn þegar hann yrkir gamanmál um fólk.

Reyndar tekur Bjarni það gjarna fram, sé viðtakandi af háu standi, að ljóðabréfinu skuli brennt við fyrsta tækifæri, því það sé svoddan drasl. (Nánast öll bréfin til Vilborgar sýslumannsfrúar á Felli enda á þessum skilaborðum.) En þetta er bara riddaraleg hógværð og Bjarni hefur örugglega ekki ætlast til að skilaboðin væru tekin bókstaflega. Það að hann skuli svo sjálfur taka afrit af öllum ljóðabréfunum sýnir hug hans til eigin verka og að honum þykir greinilega eitthvað í þau varið.

Af því ljóðabréf Bjarna eru langoftast send um skamman veg, innan sveitarinnar eða í nágrannasveit, eru þau væntanlega ekki skrifuð af því Bjarni hafi átt svo erfitt að hitta viðtakendurna. (Sjá kort á s. 24.) Þetta styður það að markmið hans hafi verið þau sem nefnd voru hér á undan, mennta og skemmta, en ekki það halda uppi „hálfu samtali“[16] við einhvern sem hann aldrei hitti. Undantekningar er að sjálfsögðu bréfaskipti við Vilborgu á Felli og Jacob á Kálfafellsstað og þeirra fólk enda búa þau í Suðursveit, Austur–Skaftafellssýslu (sjá kort á s. 25).

[16] Hér er vitnað í Guillén, Claudio: „The first is a response to Artemon, who edited Aristotle's letters and proposed what became a frequent topos in epistolary theory: the idea that the letter is a halve dialogue, or part of a conversation with an absent friend.“. 1986, s. 77.

Frumkvöðull í ritun ljóðabréfa á íslensku

Svo sem áður hefur komið fram var nokkuð um að Íslendingar væru að senda rímuð bréf sín á milli, á nýlatínu. Þetta þótti til marks um góða menntun. Bjarni Gissurarson sendi eitt svoleiðis bréf til Stefáns Ólafssonar í Kaupmannahöfn, eins og minnst hefur verið á.

Alls eru varðveitt 157 ljóðabréf, á íslensku, til 60 manna[17] í þremur eiginhandritum Bjarna, svoleiðis að hann hefur verið drjúgur við kolann í ljóðabréfagerð.

Bjarni er þó ekki fyrstur til yrkja ljóðabréf á íslensku. Finna má nokkur einstök dæmi og hefur Jón M. Samsonarson bent á eitt bréf eftir Staðarhóls–Pál; fjögur ljóðabréf eftir Ólaf á Söndum og svo eitt ljóðabréf Einars í Eydölum þar sem fram kemur að hann hefur sent fleiri slík, til sonarsonar síns.[18] Hugsanlega eru bréfin Ólafs á Söndum þó fremur huggunarsálmar en ljóðabréf.[19] Og eins og Jón M. Samsonarson hefur bent á þá hafa ljóðabréf nokkra sérstöðu og alveg sérlega slæma geymslumöguleika:

> En ef litið er á magn hinna varðveittu kvæða, verður að hafa í huga, að ljóðabréf eru oft tímabundinn kveðskapur og geymsluskilyrði þeirra munu harðla lítil miðað við sumar almennari kvæðagreinar.[20]

Varðveist hefur kvæðakver Stefáns Ólafssonar, í Vallanesi, með kvæðum frá æskuárum hans, ortum í Kirkjubæ og Skálholtsskóla á árunum 1635–1643:

> Þetta kver er merkilegt fyrir þá sök, að það mun gefa allgóða mynd af veraldlegum kveðskap eystra, eins og hann var á mótunarárum þeirra Stefáns og Bjarna. Kvæðin skiptast í tvo megin flokka. Annar þeirra er ljóðabréf. Þau eru flest eftir Stefán sjálfan ... Kvæði Stefáns eru til frænda hans og vina og iðulega sést, að hann hefur fengið eða ætlast til að fá ljóðabréf frá þeim. Sýnilega hafa ljóðabréf gengið fram og aftur milli hagorðra manna á Austfjörðum, um það leyti sem Bjarni var að komast á legg.[21]

Ástæða þess að ljóðabréf Stefáns hafa varðveist er sem sagt að hann safnaði þeim sjálfur saman og síðan var safnið afritað margoft. Bjarni Gissuarson gerði slíkt hið sama, þ.e. afritaði sín ljóðabréf með öðrum kvæðum en kvæði hans voru þó lítt kunn um aldir. Um þetta segir Jón Marinó Samsonarson:

> Undarlegt er, hve lítið verður vart við uppskriftir á kvæðabókum Bjarna, í heild eða að hluta. Svo virðist sem þær hafi ekki farið víða manna á meðal, enda er varðveisla þeirra eftir því. Athugandi er að báðar útgáfur eldri kvæðabókarinnar lenda allsnemma í höndum safnara og liggja lengi hálf gleymdar á erlendum söfnum. ... Kvæðasyrpur Bjarna hafa geymst furðu vel, en ekki farið á tvist og bast, eins og svo mörg kvæðahandrit önnur. Þetta er ómetanlegt fyrir þá, sem nú vilja kynnast kvæðum hans, en að

---

[17] Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 369– 370.
[18] Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 370.
[19] Við skoðun í gagnagrunni Helgisiðastofu í Skálholti, http://tf.is:8080/truararfur/salmar/index.asp, þar sem öll kvæðin úr ÍB 70 4to eru aðgengileg sá ég ekkert sem gæti talist að vera ljóðabréf en mér kann auðvitað að hafa skjöplast.
[20] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 370.
[21] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 370.

> sama skapi hefur skáldið goldið þess á liðnum öldum. Kvæði Bjarna hafa almennt verið minna kunn en efni stóðu til og kvæðabækurnar lítt þekktar.[22]

Þetta er væntanlega skýringin á því að engan sálm er að finna eftir Bjarna, í sálmabók Þjóðkirkjunnar, og að í rauninni er einungis kvæðið „Um samlíking sólarinnar" tiltölulega almennt þekkt því það hefur það ratað í kennslubækur framhaldskóla.

Eiginhandrit Bjarna Gissurarsonar

Til eru þrjú handrit með ljóðum Bjarna og eru öll talin rituð af honum sjálfum.

Handritin Thott 473, 4to og MS. Boreal 78 eru meira og minna uppskriftir af sömu kvæðunum. Líklega er MS. Boreal 78, sem er varðveitt á Englandi, eldra en Thott 473, 4to, sem er geymt í Danmörku.[23] Hvorugt handritanna kemur við sögu þessarar ritgerðar.

Handritið Lbs 838, 4to er geymt í handritadeild Þjóðarbókhlöðu, áður Landsbókasafns. Það handrit er yngst þessara þriggja eiginhandrita Bjarna. Einungis eitt kvæði úr Thott 473, 4to er tekið upp í Lbs 838, 4to, en að öðru leyti er þetta handrit óskylt hinum.

Jón Marinó Samsonarson hefur rökstutt að efni Lbs 838, 4to sé frá u.þ.b. 1689 til 1709. Síðan er viðbót við sjálfa kvæðabókina með kvæðum ortum 1709 – 1711.[24]

Í formála að Lbs 838, 4to segir Bjarni, á fyrstu síðu:

> Þetta kuer hefur jn*n*e að halda nockr
> heilagar songvijsur, kuæde og ljod
> þeim til godrar uppvaknyngar sem guds
> ord elska: en*n* hitt an*n*ad er gjiort j stunda
> stytter fyrer þa sem j sijnu*m* hybijlahattu*m*
> hoflega glede og skiemtan ecke ovirda.
>
> Lesarin*n* er vinsamlega um*m*beðin*n*, þo han*n* sie ad gafunu*m*
> ypparlegur e*n* þesse*r* kuedlijngar hafa að syna, að
> han*n* misvirde ecke þo þetta sie lióst og fordilldar–
> laust, helldur min*n*ist þess ad sa herra sem lient hefr
> þær hau gafurnar han*n* hefur lijka giefid þær
> min*n*e og lægre og huad eitt sem [ ][25]urin*n*
> hefur, það hefur han*n* medtekid.[26]

Bjarni afsakar sem sagt hve sum ljóðanna eru einföld og „fordilldarlaus". Eiginlega má segja að þessi formáli gefi til kynna að ljóðabókin sé einstaklingsmiðuð, líkt og er hvað mest er í tísku í skólamálum nútímans. Guðsorðið gæti gagnast þeim sem það elska,

---

[22] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 169.
[23] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 105.
[24] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 118 –119.
[25] Úr eyðunni les Jón Marinó Samsonarson orðið „maðurinn", sjá 1960a, s.118.
[26] Lbs 838, 4to, s. 1 í kvæðabókinnni, sjá DejaVu 23 á geisladisknum með II. bindi ritgerðarinnar.

önnur kvæði gætu verið til skemmtunar og ekki hvað síst eru mörg ljóðin það einföld að þau henta þeim sem „minni og lægri gáfurnar“ hafa þegið af guði.

Þrátt fyrir þennan hógværa inngang má finna mörg glæsilega ort kvæði, t.d. ljóðabréfin til Vilborgar Jónsdóttur, og rímskraut, t.d. í „En*n* vijsa til Margretar“, þar sem hann notar bæði *akrosticon og telestichon.* Dæmi um gullfallegt en að sama skapi einfalt kvæði mætti telja „Voggulioð send Ingebiorgu Jacobsdott*u*r“.

Til eru mörg efnisyfirlit eða registur yfir kvæðin í þessu handriti. Fremst í handritinu sjálfu er efnisyfirlit raðað eftir upphafi ljóða[27] og annað raðað eftir titlum ljóða.[28] Þau eru talin skrifuð af Páli stúdenti Pálssyni.[29] Aftan við ljóðin í handritinu er registur þar sem upphafi ljóða er raðað eftir blaðsíðutali í handriti.[30] Þetta efnisyfirlit er með annarri hendi en ljóð Bjarna og eflaust sett inn síðar. Jón Marinó Samsonarson hefur svo sett upp afar mikið og nákvæmt yfirlit yfir öll ljóð Bjarna í öllum þremur eiginhandritunum.[31].

Ég sló inn það registur sem fylgdi aftast í handritinu, sem er raðað eftir blaðsíðutali, og reyndi síðan að glöggva mig á flokkun kvæðanna í handritinu. Mitt efnisyfirlit fylgir með fylgiskjölum, aftast, þar sem reynt er að tákna mismunandi efnisþætti með litum. Sett er inn upphaf hvers ljóðs, ásamt blaðsíðutali í handriti og númeri myndar af síðum á geisladisknum á sem fylgir þessari ritgerð.

Eftir að hafa sett þetta svona upp bjó ég til yfirlit yfir helstu efnisþætti í kvæðasyrpu Bjarna, Lbs 838, 4to:

s. 1–21	Þýðing á dönskum sálmi.
s. 22–47	Frumortir sálmar.
s. 48–60	Þakklætisvísur og áminningarvísur.
s. 61	Brúðkaupskveðja.
s. 64–80	Ljóðabréf til valdsmanna og og embættismanna og fólks þeim tengt.
s.99–104	Ljóðabréf til kunningja.
s.108–119	Ljóðabréf til fjölskyldumeðlima.
s. 120–154	Ljóðbréf til Vilborgar.
s. 155	Ljóðabréf til sýslumanns.
s. 156–161	Kvæði um Stóru bólu.
s. 162–205	Grín og gamanvísur um sveitunga

[27] Sjá Deja Vu nr. 7. á geisladisknum með II. bindi ritgerðarinnar.
[28] Sjá Deja Vu nr. 15. á geisladisknum með II. bindi ritgerðarinnar.
[29] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 117.
[30] Sjá Deja Vu nr. 321 á geisladisknum með II. bindi ritgerðarinnar.
[31] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 70–104.

	og heimilisfólk.
s. 181–187	Lífshistoria og grafskrift Sigurðar Hjálmarssonar.
s. 188–199	Þorri og Góa.
s. 200–221	Gamanvísur um sveitunga og heimilisfólk.
s. 223–232	Þorri, Góa og fleiri mánuðir.
s. 232–241	Gamanvísur um sveitunga og heimilisfólk.
s. 242–247	Ýmislegt.
s. 248–255	Ljóðabréf til Gunnu og tveggja annarra, þ.á.m. sonardóttur.
s. 256–258	Lýsingar á veðri og tíðarfari.
s. 259–264	Grínvísur og tvö ellikvæði.
s. 265–271	Sálmar.
s. 272–274	Sveitin.
s. 275–281	Ljóðabréf til ýmissra.
s. 282–286	Sálmar.
s. 287–289	Um veðurfar.
s. 290–292	Ljóðabréf.
s. 293–298	Ýmislegt.

Að þessu loknu einfaldaði ég skiptinguna enn meir og taldi blaðsíður til að sjá umfang hver efnisflokks. Þá lítur þetta svona út:

Kristilegt efni: Sálmar; þakklætis– og áminningarvísur; huggun .....72 síður
Ljóðabréf.....111 síður
Bóla, ólán .....11 síður.
Grín og gaman.....66 síður.
Þorri, náttúran, veðrið .....37 síður
Ellin.....2 síður.
Alls.....299 síður

Sem sjá má af þessari grófflokkun er langstærsti hluti Lbs 838, 4to ljóðabréf. Jón Marinó Samsonarson bendir víða á, í sinni cand.mag. ritgerð, að ellin hafi orðið Bjarna æ hugstæðari og hennar sjái víða skil í kvæðum hans. En í rauninni eru bara tvö stutt kvæði sem kalla mætti ellikvæði, í þessu handriti. Á hinn bóginn vega ellin og lýsingar á ellimörkum æ þyngra inni í öðrum kvæðum, sérstaklega ljóðabréfunum.

Segja má að í ljóðabréfunum megi finna alla þá efnisþætti sem eru yrkisefni hinna ljóðanna í kvæðasyrpunni, þá langoftast tvo til þrjá efnisþætti en einstaka sinnum alla efnisþættina.

Sem dæmi um hið síðarnefna mætti taka „S. Jacob en*n* liod send vm*m* vortijma“. Þar eru efnisþættirnir þessir:

Guðsorð og áminning um að gera sér grein fyrir valdi guðs ..... 1.–6. erindi.
Ýmislegt ..... 7.–8. erindi
Áminning um skyldur hjóna og foreldra ..... 9.–10. erindi
Góðlátlegt grín um nafn Ingibjargar o.fl. ..... 11.–15. erindi.
Góðlátlegt grín og kristilegar þenkingar um hin börnin ..... 16.–17. erindi
Blessun ..... 18. erindi
Ellin og ellimörk ..... 19.–22. erindi.
Kristilegt efni ..... 22.–23. erindi

Annað dæmi er „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar sem nu fylgia“:

Elli ..... 1. erindi
Veður og náttúra ..... 2.–4. erindi
Kristilegt efni, þ.m.t. kristilegar áminningar ..... 5.–8. erindi
Um börnin, blessun guðs en einnig spaug 10.–16.erindi
Um vinnufólkið, spaug ..... 13. og 17.–18. erindi
Erindið: Beiðni um enskt tóbak ..... 20. erindi
Kristileg blessun ..... 21. erindi.

Að síðustu ætla ég að taka dæmi af bréfi til Gunnu. Bjarni skrifaði henni 10 bréf og e.t.v. er hún meðal þeirra sem hann telur, í formála að kvæðasyrpunni sinni, hafa hlotið minni og lægri gáfurnar; að minnsta kosti eru ljóðabréfin til Gunnu afskaplega tær og einföld og laus við fordilld. Dæmið er af kvæðinu „Þridju vijsur til Gun*n*u“ sem skiptist þannig í efniflokka:

Kristilegt efni og áminningar ..... 1.–5. erindi
Veður, færð og náttúra ..... 6.–7. erindi.
Elli Bjarna ..... 8. erindi.
Kveðjur til húsbænda ..... 9.–10. erindi.
Blessun ..... 11. erindi.

Svo sem sjá má af þessum dæmum eru ljóðabréfin stundum smækkuð mynd af allri kvæðasyrpunni Lbs 838, 4to. Áður hefur verið sýnt fram á að hin klassíska bygging bréfa eigi vel við ljóðabréf Bjarna en hér er reynt að sýna fram á að efnisval og efnistök ljóðabréfanna endurspegli stundum flokkun Bjarna á kvæðunum öllum, í handritinu. Þetta hefur sennilega ekki komið nógu skýrt í ljós áður því efnisyfirlitin sem gerð hafa verið eru ýmist röðun í stafrófsröð eftir titli eða upphafi ljóðs og menn ef til vill ekki skoðað flokkun eftir efni nægilega vel. Í lok Lbs 838, 4to, ræður blaðsíðutal röðun en þar er aðeins raðað eftir upphafi ljóðs. Það hve skýr efnisflokkun Bjarna er sést best ef raðað er fyrst og fremst eftir blaðsíðum og svo titlum ljóða.[32]

Það má nefna fjöldi dæma um efnisþáttinn Stóru bólu í ljóðabréfum Bjarna, sem og umfjöllun um annað ólán eða hörmungar. Nokkur kvæði hans fjalla svo beinlínis um Stóru bólu. Hér verður ekki gerð grein fyrir þessum samsvörunum heldur vísað í umfjöllun um einstök ljóð eða ljóðaflokka, í næsta kafla þessara ritsmíðar. Ég held reyndar að þessi samsvörun sé tilviljun, að Bjarni hafi ekki vitandi vits látið ljóðabréf spegla alla kvæðasyrpuna. Þótt hugsunarháttur kristinna manna á 17. öld hafi gert ráð fyrir að með skilningi á „bók náttúrunnar“ myndu þeir skilja orð guðs í Biblíunni betur; að hið smáa endurspeglaði hið stóra eða óendanlega þá held ég að hér sé ekki um þetta að ræða heldur áhugaverða tilviljanakennda samsvörun á „mikró–kosmos“ og „makro–kosmos“, miðað við að smáheimurinn sé heimur ljóðsins og sá stóri heil ljóðabók.

Það er reyndar ljóst að Bjarni lítur á ljóðabréf sem stöðugt fyrirbæri, þar sem allt er í röð og reglu („kosmos“) því hann fylgir nokkuð vel hinum sígildu reglum sem sögðu fyrir um hvernig skyldi bréf skrifa.

Í þessum kafla hefur verið reynt að sýna fram á að Bjarni Gissurarson hafi verið frumkvöðull í ljóðabréfasamningu á íslensku, a.m.k. miðað við gífurleg afköst hans. Það er helst frændi hans, Stefán Ólafsson í Vallanesi, sem veitti honum einhverja samkeppni á tímabili. Fjallað var um hugtakið ljóðabréf og sú umfjöllun tengd Bjarna. Loks var reynt að sýna fram á að efnisþættir í ljóðabréfum hans endurspegli efnisþætti annarra ljóða í eigin röðun Bjarna sjálfs í Lbs 838, 4to.

Í næsta kafla verður fjallað um einstök ljóðabréf og ljóðabréfaflokka.

[32] Þá röðun eftir blaðsíðutali og upphafslínum ljóða má sjá í lok II. bindis þessarar ritgerðar. Einnig skoðaði ég vel titla eintakra ljóða til að glöggva mig á röðun Bjarna eftir yrkisefni eða hlutverki ljóðanna í Lbs 838, 4to. En engin skrá yfir blaðsíðutal og titla fylgir ritgerðinni.

2. Einstök ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar í Lbs 838 4to

Bjarni skrifaði fjölda ljóðabréfa um ævina[33] og einungis hluta þeirra er að finna í Lbs 838, 4to, sem er hið yngsta af þremur eiginhandritum skáldsins. Mér telst svo til að í þessu handriti séu alls 76 bréf en telja má eitt þeirra huggunarsálm, tvö eru pöntuð erfiljóð (annað þeirra er reyndar „huggunarljóðabréf“) og eitt er brúðkaupsljóð. Þessi ljóðabréf má sjá í fylgiskjölum með ritgerðinni en einungis er fjallað um brúðkaupsljóðið hér. Það kann að orka tvímælis að hafa það með en í byggingu og efnistökum reyndist það nógu líkt ýmsum öðrum ljóðabréfum Bjarna til að fá að fljóta með. Grunnur þessarar ritgerðar er því 72 ljóðabréf auk eins brúðkaupssálms. Líkast til eru flest þessi bréf skrifuð frá því laust fyrir 1700 og hið yngsta er ársett 1711.

Það kemur á óvart þegar farið er að skoða viðtakendur þessara bréfa hve margir þeirra búa í mjög miklu nábýli við Bjarna, sjá yfirlitskort á bls. 24. Þeir einu sem búa langt í burtu eru Jacob, sonur Bjarna, sem býr að Kálfafellsstað í Suðursveit, og Vilborg Jónsdóttir, sem býr á Felli „í Hornafirði“, eins og Bjarni titlar bæinn yfirleitt. Fell var hins vegar í Borgarhafnarhreppi og myndi núorðið teljast til Suðursveitar, sjá kort á bls. 25. Á sömu síðu er kort sem sýnir viðtakendur Bjarna í Breiðdal.

Bjarni raðar sjálfur upp ljóðum, þ.m.t. ljóðabréfum, í handritið. Mestan part er það skipuleg röðun eftir efni ljóðanna og tilgangi en allra aftast í handritinu er aðeins komin los á hana. Þessari röðun er að mestu fylgt í ritgerðinni þótt brugðið sé út af henni ef eitt eða tvö bréf til viðtakanda eru miklu aftar; Hér eru ljóðabréf flokkuð eingöngu eftir viðtakanda.[34]

Bjarni skrifar mörg bréf til fjölskyldumeðlima. Þeim bréfum eru gerð skil hér á eftir en til glöggvunar er ættartala á næstu síðu.

Í fylgiskjölum með ritgerðinni, bindi II, er ljóðum raðað í sömu röð og í umfjöllun þessa kafla.

---

[33] Jón Marinó Samsonarson segir: „Mér telst svo til, að í kvæðasyrpum Bjarna séu u.þ.b. 157 ljóðabréf. Þau eru skrifuð til um 60 manna. ... Einna viðamestir eru kvæðaflokkar Bjarna til Guðnýjar Pálsdóttur, Arndísar Bjarnadóttur og Vilborgar Jónsdóttur.“ Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 371.

[34] Til dæmis er eitt ljóðabréf til Vilborgar mjög aftarlega í handriti meðan önnur fjórtán standa í röð miklu framar.


Bjarni Gissurarson ~ Ingibjörg
Gissur
Dó 22 ára
Árni
Dó 18 ára
Arndís ~ Þorleifur
Dó 1702
Jakob ~ Guðný
Eiríkur „eldri“ ~ Þorgerður
Eiríkur „yngri“ ~ Þuríður
Giftast líklega seint
Henrik ~ Guðrún
Pétur ~ Gróa
Gissur
Sigríður
Vilborg
Ingibjörg
Margrét
Kristín
Guðmundur
Margrét
5 börn, fædd frá 1714
14 börn


Sr. Bjarni Einarsson
Ás
Sr. Ólafur Stefánsson
Vallanes
og börn
Sigríður Þorleifsdóttir
Mjóanes
Eyrekur eldri
Stóra-Sandfell
Arndís, Bjarni, Eyrekur yngri
frá 1704
Arndís, Bjarni, til 1704
Hallormsstaður
Sr. Guðm. Árnason til 1708
Sr. Eyrekur yngri, Bjarni, frá 1709
Einar Sveinsson
Arnaldsstaðir
Henrich Bjarnason
frá 1710
Bjarni til 1702
Þingmúli
Kristín Eyreksdóttur
Skriðuklaustur
Bessi sýslumaður
Árni og Lukka
Geitdalur
Henrich
Borg
0
3 km


Lagarfljót
Skriðdalur
Þingmúli
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Breiðdalur
Þverhamar
(Margrét Vagnsdóttir)
Breiðdalsvík
Streiti
Þóra Jónsdóttir
17 Kilometers
©2005 - Landmælingar Íslands


Skálafellsjökull
Hafrafell
Hafrafellshnúk
Hornafjörður
Staðarey
Skálafellshnúta
Botnafjall
Borgarhafnarheiði
Grind
Kálfafellsfjöll
Kálfafellsdalur
Staðarfjall
Kálfafellsstaður
Jacob Bjarnason
Steinasandur
Steinafjall
Hólmafjall
Fell
Fell
Vilborg
Jón Ísleifsson
9 Kilometers
©2005 - Landmælingar Íslands

Börn Arndísar Bjarnadóttur

Í eldri ljóðahandritum tveimur skrifar Bjarni langflest ljóðabréf til Arndísar, dóttur sinnar. „Hann sendir Arndísi 27 ljóðabréf árin 1679– 1701...[35]. Þá býr hún á Hallormsstað en hann í Þingmúla.

Í Lbs 838, 4to er hins vegar ekkert ljóðabréf til Arndísar. Að öllum líkindum er það af því þau feðgin eru meira eða minna samvistum, fyrst á Hallormsstað en síðar í Stóra–Sandfelli. Þegar Bjarni fer aftur á Hallormsstað, í hárri elli, gæti Arndís hafa komið með eða orðið eftir á Stóra–Sandfelli. Hann biður fyrir kveðju til hennar, í „Sonar dottur min*n*e Margrete Eireksdotte*r* að storasandf: vijsa send“ en ómögulegt er að tímasetja það ljóðabréf með nokkurri nákvæmni.

Þótt Bjarni skrifi ekki Arndísi, í Lbs 838, 4to, skrifar hann flestum börnum hennar. Þrjú ljóðabréf eru til Gissurar Þorleifssonar, eitt til Sigríðar Þorleifsdóttur og brúðkaupskveðja til Gróu Þorleifsdóttur.

Gissur Þorleifsson

Í ljóðabréfinu „Dottur sine mij*n*um Gissure Þorleif.s. vijsa send ad Hallormstödu*m*“ á Bjarni erindi en að venju hefur hann langan formála að því. Ljóðið er ort undir einhvers konar vikivakahætti. Fimmta (og síðasta) vísuorð geymir oft spakmæli, t.d. „sijn*u* erfide sæla er god að sediast a“[36], sem minnir óneitanlega á boðskap Hávamála um að „sumur [er sæll] af verkum vel.“[37]

Eftir 5 vísna formála, þar sem Bjarni óskar Gissuri ástar guðs, foreldra blessan o.þ.h. nefnir hann erindið sem er að biðja Gissur að smíða fyrir sig góða reku. Í 6.–12. erindi lýsir Bjarni rekunni og lofar Gissuri jafnframt launum sem eru tóbak: „Fioru*m* sin*n*um færdu a mot / fim*m* þu*m*lunga af danijskrerót ...“[38] Gissur er fæddur 1683 og fram kemur í bréfinu að faðir hans er á lífi en hann lést veturinn 1702. Gissur er því í mesta lagi 19 ára gamall. Sjálfsagt var það nógu hár aldur til tóbaksneyslu forðum tíð en Bjarni bendir reyndar á það að tóbak er góður gjaldmiðill og verðgildi þess eykst eftir því sem líður fram á vor, áður en kaupmenn koma. Bjarni segir um þetta:

---

[35] Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 371.
[36] „Dottur sine mij*n*um Gissure Þorleif.s. vijsa send ad Hallormstödu*m*“, 4. erindi.
[37] „Hávamál“, 69. erindi.
[38] „Dottur sine mij*n*um Gissure Þorleif.s. vijsa send ad Hallormstödu*m*“, 8. erindi.

tobaks sijgin sullturin*n* ad,
san*n*a taka nu bændr þad,
hart eru nefin hrist og nuin j huorju*m* stad.[39]

Bjarni nefnir síðan almennar fréttir í 13.–14. erindi, biður fyrir kveðju til allra á heimilinu í 15. erindi og lýkur bréfinu að venju með bæn og blessun Gissuri til handa. Þetta kvæði hlýtur að vera ort meðan Bjarni var enn í Þingmúla, þ.e. fyrir sumarið 1702.[40]

Næsta ljóðabréf er sent Gissuri til Kaupmannahafnar, árið 1705. Ekki er ljóst hvað Gissur er að gera þar en líklegast að hann hafi siglt til náms. Augljóst er af ljóðabréfinu að Bjarni hefur talsverðar áhyggjur af piltinum í stórborginni. Kann að vera að málsatvik vegna hans eigin sonar, Gissurar Bjarnasonar, spili þar inn í en sá Gissur lést ungur í Kaupmannahöfn og hafði þá stofnað til talsverðra skulda.

Í bréfinu til Gissurar Þorleifssonar lýsir hann ást sinni á honum, óskar honum velgengni og leggur þunga áherslu á bænagjörð. Svo snýr hann sér að öllu því sem Gissur ætti að varast, t.d. slæman félagsskap sem gæti leitt hann í ýmsar ógöngur:

Vondan*n* selskap varast skalltu
vin*n* so allt med dygd *og* tru,
alogur bæde og ordin strijd,
um*m*bera verdur fyrr og sijd
þolinmæde og hlydne er hent a huorre tijd.[41]

Gissur á fyrst og fremst að vera hófsamur og halda sig við sína líka. Hann þarf að gæta sín á svikráðum, sem Bjarni dregur saman í spakmælið „hittist ei hið hreinagull j huorre skjel.“[42] Helstu vítin sem þarf að varast eru merkilega nútímaleg:

Dryckjuskapin*n* dubl *og* spil
dragdu e*ck*e hugarins til
ungan*n* tæmde penijnga pu*n*g,
pokins dryckjan mikil *og* þung
þess hefur margra girndin goldid gömul *og* ung.[43]

Sjálfur fór Bjarni aldrei til Kaupmannahafnar en augljóslega hafa gengið sögur um lifnað sumra stúdenta þar og borist honum til eyrna.

Eftir þessi varnaðarorð ráðleggur Bjarni Gissuri að læra nú vel dönsku og þýsku líka því slík kunnátta geti komið sér vel. Í næstsíðasta erindinu stappar hann stálinu í Gissur,

---

[39] „Dottur sine mij*n*um Gissure Þorleif.s. vijsa send ad Hallormstödu*m*“, 12. erindi.
[40] Upplýsingar um búsetu Bjarna og margt sem snertir ævi hans eru frá Jóni Marinó Samsonarsyni. 1960a, s. 1–68.
[41] „En*n* vijsur sendar Gissure j Kaupinhafn 1705“, 8. erindi.
[42] „En*n* vijsur sendar Gissure j Kaupinhafn 1705“, 9. erindi.
[43] „En*n* vijsur sendar Gissure j Kaupinhafn 1705“, 10. erindi.

gerir e.t.v. ráð fyrir heimþrá eða annarri „erfiðistijd“ og bendir Gissuri á að öll él birti upp um síðir:

> ... en*n* þo ad gangi vedrid strijtt,
> kjem*u*r um sijder solar skinid sætt og hlytt.[44]

Ljóðabréfinu lýkur síðan á hefðbundinni bæn fyrir Gissuri.

Þriðja ljóðabréfið er sent til Gissurar ári síðar og er hann enn í Kaupmannahöfn. Kvæðið hefst á stuttri bæn en svo ítrekar Bjarni að guðhræðsla og hófsemi séu lykillinn að góðu lífi.[45] Ein vísan hvetur Gissur enn og aftur til að forðast áfengisneyslu og Bjarni bendir á að slagandi vínsvelgir verði sér til skammar:

> verdr einatt vijnsuelgurin*n*
> valtur a fot med skam*m*rauda kin*n*.[46]

Bjarni lýkur svo kvæðinu með áherslu á að muna ævinlega guðs orð og síðan bæn um eð guð hjálpi Gissuri.[47]

Sigríður Þorleifsdóttir

Bjarni skrifar eitt bréf til þessarar dótturdóttur sinnar, sem þá er 17 ára vinnukona í Mjóanesi. Kvæðið byrjar á að telja upp æskilega kosti í lífinu, sem eru einkum góð heilsa og lifandi trú. Allt er fengið frá guði, hann er „ein*n* sem fæder, kostar, klæder kuin*n*u og man*n*.“[48] Í þriðja erindinu leikur hann með nafn Sigríðar:

> Sigurvin*n*ingin sie þier nær
> san*n*arlega mij*n* dott*er* kiær
> sigurin*n* reider sa til best
> san*n*ur gud sem orkar mest,
> gott sigrijdar gaf h*an*n þier nafn og giædin flest.[49]

Þetta er fyrsta dæmið í ritgerðinni um leik með nafn, einkum merkingu þess og hverju máli sú merking skiptir. En mjög víða bregður Bjarni fyrir sig orðsifjafræði og fjallar sérstaklega um nafn viðtakanda ljóðabréfins. Einkum á þetta við um bréf sem skrifuð eru

---

[44] „En*n* vijsur sendar Gissure j Kaupinhafn 1705“, 12. erindi.
[45] „Þridju vijs*ur* til Gissurs – 1706“, 1.–3. erindi.
[46] „Þridju vijs*ur* til Gissurs – 1706“, 4. erindi.
[47] „Þridju vijs*ur* til Gissurs – 1706“, 5–6. erindi.
[48] „Dottur dotter minne Sigrijde Þorleifs dottr vijsa send ad Mioanese 1706“, 2. erindi.
[49] „Dottur dotter minne Sigrijde Þorleifs dottr vijsa send ad Mioanese 1706“, 3. erindi.

börnum og unglingum en má aðeins sjá í bréfum til fullorðinna, t.d. fyrsta bréfinu sem hann skrifar til Vilborgar Jónsdóttur á Felli.[50]

Síðan heldur Bjarni áfram að brýna Sigríði, dótturdóttur sína, í að heiðra guð, bæði innan og utan kirkju því orð guðs „... er lios *og* leidarvijser a lifsins vad.“[51] Almennar ráðleggingar fylgja þar á eftir, s.s. að hlýða húsmóður sinni og læra húsverk sem varða mat og ull. Bjarni stingur einni ellivísu inn í þetta ljóðabréf, segir síðan að allir séu frískir hjá sér og notar næstsíðasta erindið til að segja Sigríði að móðir hennar óski henni alls hins besta og biðji guð að vera með henni. Síðasta erindið er blessun yfir húsráðendum sem Sigríður á að skila til þeirra.

Það er lítið um þetta ljóðabréf að segja annað en að það líkist meir sálmi en persónulegu bréfi til barnabarns. Líklega er tilgangurinn sá að stappa stálinu í þessa ungu vinnukonu, efla hana í að treysta drottni og hlýða sinni húsmóður.

Brúðkaupsljóð handa Gróu Þorleifsdóttur

Það orkar kannske tvímælis að telja ljóðið „Farsæl ósk, ungu*m* hionu*m* send. Petre Sigurðs sine og Gróu Þorleifs dott*er* á þeirra giptij*ngar* deig*i* j vijsu sett“ í hópi ljóðabréfa en verður samt gert. Að sjálfsögðu er bygging þessa brúðkaupssálms eða brúðkaupsljóðs nokkuð frábrugðin ljóðbréfunum. En margt er sameiginlegt, svo sem blessun til handa viðtakanda, leikur að nöfnum og fleira.

Það sem er ólíkast í byggingu brúðkaupsljóðsins og venjulegra ljóðabréfa er að hið fyrrnefnda er sett upp sögulega, þ.e. atburðir eru raktir í tímaröð og af þeim dreginn lærdómur. Ljóðið skiptist nokkurn veginn í þrennt:

- Úr efni *Gamla testamentisins* eru 5 vísur;
- Úr efni *Nýja testamentsins* eru 4 vísur;
- Ávörpun og heilræði til brúðhjónanna sjálfra eru 5 vísur.

Lokaerindið er svo hefðbundin blessunarorð til brúðhjónanna.

---

[50] „Ehruverdugre heidurs Quuin*n*u Vilborgu Jonsdott*er* ad Felle i Hornafirdi vijsur sendar 1689“, 3. erindi, sjá stafrétta uppskrift Kristins E. Andréssonar á Thott 473, 4to, sem geymd er á Handritadeild Þjóðarbókhlöðu. Þar sem Thott 473, 4to er að öðru leyti en þessu eina dæmi utan umfjöllunar þessarar ritgerðar þótti mér ekki ástæða til að leita í frumritinu heldur lét uppskriftina nægja.

[51] „Dottur dotter minne Sigrijde Þorleifs dottr vijsa send ad Mioanese 1706“, 5. erindi.

Kvæðið hefst á því að guð, sem er kenndur á fornan hátt „allvalds jöfur“, lítur ánægður yfir sköpunarverk sitt. Þessu hefur Móses lýst vel, segir í brúðkaupsljóðinu. Síðan er sagt frá sköpun Adams og Paradísarvist hans, svo Evu og að þessi tvö urðu fyrstu hjónin.[52]

En nú syrtir í álinn, eins og allir lesendur eða áheyrendur hafa vitað upp á sínu tíu fingur:

villtist Adam ur kiolltu
g*uð*z nadar j böl bæde
braða naud, kuol og dauda.
lygð satans, hion hugðu
heilráð, en*n* for s*e*m aður
...
dapurleg var su hrapan.[53]

Það er eftirtektarvert að Adam er sá sem axlar ábyrgðina, hann villtist úr kjöltu guðs náðar og þótt hjónin hafi bæði fallið fyrir svikráðum satans virðist sökin á syndafallinu vera fyrst og fremst Adams, miðað við þetta erindi.

Í 6. erindi eru *Gamla* og *Nýja testamentið* tengd saman því þar er fjallað um guð sem: „Keypte gud Adam aptur / og allt lid h*a*ns j fridin*n*,“ með því að gefa mannkyninu son sinn sæta:

heilagt blod Jesu goda
su er laug sem ad best fæger
synder af Adamskindu*m*[54]

Adam syndgaði en Jesús keypti okkur frjáls af þeim syndum með sínu blóði. Næstu erindi fjalla um hvernig sálin kann að meta Jesúm sem gaf okkur eilíft líf og hve gott er að dvelja í guðsríki. Í 9. erindi kemur fram að hjónabandið er heilög stofnun, sem drottinn setti til að við forðuðumst lastahætti.

10.–14. erindi fjalla um þau Gróu og Pétur sem eru að ganga í hjónaband þennan dag. Pétur er sagður ættgóður brúðgumi, leikið er með nafn hans sem þýðir „hörð hella“ og vonast til að lind renni af hellunni mannkyninu til líknar, líkt og gerðist með nafna hans í *Nýja testamentinu*.[55]

---

[52] „Farsæl ósk, ungu*m* hionu*m* send. Petre Sigurðs sine og Gróu Þorleifs dottr á þeirra giptij*ngar* deig*i* j vijsu sett“, 3. erindi.
[53] „Farsæl ósk, ungu*m* hionu*m* send. Petre Sigurðs sine og Gróu Þorleifs dottr á þeirra giptij*ngar* deig*i* j vijsu sett“, 4. erindi.
[54] Farsæl ósk, ungu*m* hionu*m* send. Petre Sigurðs sine og Gróu Þorleifs dottr á þeirra giptij*ngar* deig*i* j vijsu sett“, 6. erindi.
[55] Ég finn því miður ekki ritningarstað sem gæti verið grunnur þessa nafnleiks. E.t.v. er almennt vísað til þess að Pétur lærisveinn hafi miðlað mönnum hinu lifandi vatni, sem er boðskapur Krists.

Það er einnig leikið með nafn Gróu; sagt að allt muni gróa hjá henni. Minnst er á föður hennar sem nú dvelur í Paradís. Gróa á að verða „hugfroe bonda sijns“[56] og sjá um að „bræda yfir hússvandrædin“[57]. Gróa á sem sagt að vera ljúfur sáttasemjari meðan talsvert er gert úr hörku Péturs eða styrkleika, með vísunum í Pétur postula og merkingu nafnsins. Af öðrum ljóðabréfum Bjarna má ráða að sáttasemjarahlutverkið er hið mikilvægasta á heimilinu og hann sparar ekki að benda sínum pennavinkonum á það. Í ljóðabréfum til karla fjallar hann yfirleitt ekki um styrk og þolgæði sem helstu kosti, þótt hann geri svo í þessu brúðkaupskvæði.

14. erindi lýkur á: „og an*n*ist vel þurfaman*n*in*n*.“ Mjög víða í ljóðabréfum Bjarna minnir hann á nauðsyn þess að gefa snauðum og reynast þeim vel. Hann hefur líkast til í huga bókstaflega merkingu orða Krists þegar hann kemur í dýrð sinni og englafjöld og allar þjóðir stilla sér upp fyrir honum og hann flokkar sauðina frá höfrunum, þ.e. hina réttlátu frá þeim ranglátu. Þá segir Mannssonurinn við þá sér til hægri handar:

> Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig,[58]
>
> Síðan mun hann segja við þá til vinstri handar: ‚Farið frá mér, bölvaðir, í þann eilífa eld, sem búinn er djöflinum og árum hans.[59]
>
> Því hungraður var ég, en þér gáfuð mér ekki að eta, þyrstur var ég, en þér gáfuð mér ekki að drekka.
>
> Þá munu þeir svara: ‚Herra, hvenær sáum vér þig hungraðan eða þyrstan, gestkominn eða nakinn, sjúkan eða í fangelsi, og hjálpuðum þér ekki?`
>
> Hann mun þá svara þeim: ‚Sannlega segi ég yður: Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér.`
>
> Og þeir munu fara til eilífrar refsingar, en hinir réttlátu til eilífs lífs.`[60]

Það er því ekkert undarlegt að í leiðbeiningum fyrir hjónaband sé hvatning til að annast þurfamenn vel því bókstafstrúin bendir á að sinni menn ekki minnstu bræðrum Krists fari þeir til eilífrar refsingar.

Lokaerindi brúðkaupskvæðisins eru blessunarorð til brúðhjónanna.

---

[56] Farsæl ósk, ungu*m* hionu*m* send. Petre Sigurðs sine og Gróu Þorleifs dottr á þeirra giptij*ng*a*r* deig*i* j vijsu sett“, 14. erindi.
[57] Sama heimild og sama erindi.
[58] Matteusarguðspjall 25:35.
[59] Matteusarguðspjall 25:42.
[60] Matteusarguðspjall 25:44–56.

Jacob Bjarnason og fjölskylda

Óvenju mörg ljóðabréf eru til þessarar fjölskyldu og nærtækasta skýringin á því er að fjölskyldan bjó að Kálfafellsstað í Suðursveit. Annars konar samskipti en bréfaskriftir við hin börnin Bjarna hljóta að hafa verið töluverð því þau búa nánast í sömu sveitinni. Samband við Jacob varð hinsvegar að rækja með bréfum.

Önnur ástæða fyrir hve mörg bréf teljast til fjölskyldu Jacobs eru bréfin til Ingibjargar litlu Jacobsdóttur. Bjarni tekur sérstöku ástfóstri við hana af því hún heitir eftir konu hans. Óvíst er að Bjarni hafi nokkru sinni séð Ingibjörgu eða systkini hennar því langur vegur er úr Skriðdal í Suðursveit.

Hér verður byrjað á að gera grein fyrir bréfunum til Jacobs og konu hans en endað á Ingibjargar bréfum. Almennt gildir það að bréfin til Jakobs eru ópersónuleg og stundum jafnvel ekkert minnst á hann, ekki einu sinni ávarp. Ljóðabréfin fjalla ýmist um annað fólk en Jacob eða eru hverfulleikakvæði frá upphafi. Þetta er svolítið skrítið í ljósi þess að Bjarni er víða hlýlegur í ljóðabréfum til Henrichs sonar síns. Hann er hins vegar ópersónulegur í garð Jacobs og Eyreks, hugsanlega af því þeir eru hærra settir en Henrich.

Jacob

Í „Sine mij*n*um S. Jacob *og* konu h*a*ns liodabög*ur* send*ar*“ fjalla fyrstu fimm erindin um Ingibjörgu heitna, konu Bjarna. Hann hrósar henni mikið og segir m.a.: „Su var lios j sijnu huse /sidade allt *og* bjo til fridar“.[61] Eina sæmilega þekkta kvæði Bjarna nú á dögum fjallar einmitt um hve Ingibjörg var sólin í lífi Bjarna, það er „Um samlíking sólarinnar“.[62]

Tvö erindi fjalla síðan um að Ingibjörg sé nú á himnum og hve Bjarni vonast til að hitta hana eftir dauðann. Það er ekki fyrr en í 8. erindi sem tilefni ljóðabréfsins kemur fram: Að Jacob hafi látið dóttur sína heita eftir ömmunni Ingibjörgu. Kvæðinu lýkur svo með blessun nafnsins og blessun Ingibjargar litlu.

[61] „Sine mij*n*um S.Jacob *og* konu h*a*ns liodabög*ur* send*ar*“, 2. erindi.
[62] Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla. 1960, s. 7–10.

Það sem nútímamanni finnst nokkuð sérstakt við þetta ljóðabréf er að viðtakendur þess, Jacob og Guðný, eru ekki nefnd á nafn og ekki einu sinni ávörpuð. Bréfið fjallar alls ekki um þau og gæti í rauninni allt eins verið stílað á ungbarnið Ingibjörgu.

Í næsta ljóði, „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“[63] er enn fjallað að mestu leyti um Ingibjörgu litlu, aðeins minnst á annað fólk eða önnur viðfangsefni en alls ekki foreldrana sem bréfið er stílað til.

Hann byrjar á að staðhæfa að hann eigi unga konu sem hann geti ekki kvatt.[64] Ástir firnast fljótt ef menn hittast sjaldan, segir hann, og vitnar svo í Hávamál[65]:

> mællte þui fordum
> madurin*n* vijser
> ad oft skyllde huor
> sin*n* ast vin hitta [66]

Bjarni gerir talsvert úr andstæðum elli og æsku, í þessu ljóðabréfi. Niðurstaðan er: „Ungt *og* hid gamla / e*ck*e a saman“.[67] Hann minnist á að ljóðabréfinu og litlum pakka af tóbaki[68] sé pakkað inn í trefil; sá trefill er „utlifað töj / eins og kallin*n*“ og nýtist ekki í annað en diskaþurrku Ingibjargar.[69]

Í sjöunda erindi er vísun til Mörtu í *Nýja testamentinu*,[70] sem mæddist forðum og látið að því liggja að Ingibjörg hafi átt að heita Marta. En Ingibjörg er engin Marta heldur nýsprottin rós af hendi guðs.

Í erindunum sem eftir eru heilsar Bjarni Ingibjörgu og kallar hana konu sína[71]; fram kemur að hann sendir aukalega ljóð til Ingibjargar með þessu ljóðabréfi, líkast til „Fagurleg nöfn kristilegrar bænar sem h*eilagir* lærifedur hafa samantekið: utsett í ljod“,[72] sem hann segir vera náttvísu, samda í andvökum. Bjarna finnst upplagt að Ingibjörg litla

---

[63] Bjarni notar orðið „ljúflingsháttur“ fyrir fornyrðislag.
[64] „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 1–4. erindi.
[65] Sjá 44. erindi „Hávamála“.
[66] „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 2. erindi.
[67] „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 4. erindi.
[68] Sjá „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 5. erindi. Jón Samsonarson hefur rökstutt að Guðfinna, sem tóbakið fær, hafi verið systir Bjarna þótt aðrar heimildir nefni systur Bjarna Guðleifu.. Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 4. Ég er ósammála Jóni um þetta því í Manntali 1703 er Guðfinna á Kálfafellsstað talin Vigfúsdóttir. Það hefðu því bæði skírnarnafn og föðurnafn þurft að ruglast til að kenning Jóns Marinós standist.
[69] „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 6. erindi.
[70] Sjá Lúkasarguðspjall 10:41.
[71] „Enn vijsur til S. Jacobs liuflijngshattur“, 8. erindi.
[72] Ljóðið er á s. 29 í Lbs 838, 4to.

læri þetta kvæði og kveði við raust. Lokaerindið er svo blessun yfir Ingibjörgu og systur hennar.[73]

Í þriðja ljóðinu til Jacobs, „S. Jacob en*n* lioð send vm*m* vor tijma“ kemur fram að eftir að hafa eignast þrjár dætur[74] hefur honum loksins fæðst sonur.[75] Fyrstu þrjú erindin fara í þakklæti til guðs, í 4. erindinu leikur Bjarni sér með nafnið Guðmundur, sem er nánast nafni guðs, segir hann, og svo taka við þrjú erindi þar sem Bjarni blessar soninn og biður fyrir honum.

Í 9. erindi og áfram er málinu snúið að foreldrunum og ábyrgð þeirra. Þar segir m.a.:

> hirtid bornin h*an*n sem akuad
> heilnæmt verdur bodordid þad.

Þessi skylda foreldranna, að hirta börnin eins og guð ákvað og það sé heilæmt boð kemur nútímamanni spánskt fyrir sjónir. Jón Marinó Samsonarson hefur skýrt þessa skyldu og rökin fyrir henni prýðilega:

> Hlutverk mannsins var að aga huga og hjarta til hlýðni við guðs boð hér á jörðu, svo að hann yrði verðugur að stíga fyrir fótskör drottins að vegferð lokinni. Brautin var ein, sem lá til björgunar og eilífrar sælu, og það var krafa trúar og kirkju, að foreldrar beindu börnum sínum þegar frá upphafi á réttan veg og hirtu úr hjörtum þeirra hvers konar heimslega bernsku. ... Þetta bjargræði hefur orðið ýmsum torskilið síðar, en þess ber að gæta, að hirtingin eins og kirkjan kenndi hana er ekki útrás fyrir reiði heldur beint til sáluhjálpar. Hún á að kenna mönnum fyrstu sporin á vegi aga og hlýðni.[76]

Bjarni snýr sér svo fljótlega að uppáhaldsyrkisefni sínu, Ingibjörgu. Hann leikur með nafn hennar, bendir t.d. á að í Asíu afguðasið hafi Ingi verið mikilvirtur kóngur. Þarna vísar Bjarni til *Snorra–Eddu*, eins og oftar, en hefur sér það ætíð til afbötunar kristnum manni að telja goð og hetjur vera venjulega menn í Asíu, sem sögur hafi magnast af (sbr. Prologus *Snorra–Eddu*). Um þetta eru nokkur erindi en skýrast sést á því 14. hvernig konungsnafnið Ingi er fest við björgu (ráðin og riettsæmið) guðs:

> Kongs vid naffn j soma safne
> situr hun fest,
> þess sem a um himinin*n* ha
> *og* hierodin flest,
> rádin oll *og* riett sæmid best
> reikna eg þetta virðijngar mest

---

[73] Systirin er líklega Margrét, fædd 1700 og einu ári yngri en Ingibjörg. Árið 1702 fæddist systirin Kristín og úr því Bjarni nefnir hana ekki í blessunarorðunum er hún sennilega ófædd. Það þýðir að Ingibjörg litla, sem á að þurrka af diskum og læra langa sálma utan að er líklega ekki nema 2–3 ára.
[74] Sjá „S. Jacob enn liod send vm*m* vor tijma“, 10. erindi.
[75] Skv. *Íslendingabók* fæddist sonurinn Guðmundur árið 1705.
[76] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 6–7. Tilvitnun birt með leyfi hans.

Margrét, systir Ingibjargar, fær eitt erindi þar sem kemur fram að nafn hennar megi þýða vel, en Bjarni sleppir samt alveg að þýða það. Þriðja systirin er Kristín, hún fær líka eina vísu, nafn hennar minnir á Krist og er þar af leiðandi „dyrlegt nafn“.[77]

Bjarni blessar hjónin í 18. erindi. Að því búnu fjallar hann um eigin kröm og elli í vísunum sem eftir eru, þ.e. 19.– 23. erindi og bregður upp glæsilegum hverfulleikamyndum á stundum:

> Æfin lijdur, limunu*m* suijdr
> lue *og* rid,
> heimurinn vijdur rekur *og* rijdur
> ránglætid:
> Drottni bydin fögnud og frid
> folk ad sjidur lijtur þui vid.[78]

Hér byrjar hann á lýsingu á hrörnandi líkama, síðan tekur við heimurinn stóri sem er að vissu leyti einnig að hrörna því hann „rijdur ránglætið“. Svo tekur stærsta myndin við, mynd óendanleikans hjá drottni, með fögnuð og frið. Því miður sér fólk ekki stærstu myndina og lítur síður við að bíða eftir henni. Samsvörun hins smáa (líkamans) og hins stóra (heimsins) er hér skýr. Hrörnandi líkami og hrörnandi heimur haldast í hendur í myndmáli vísunnar. Þetta tengist eflaust hugmyndum um að Guðs orð birtist ekki bara í heilagri ritningu heldur einnig í „riti náttúrunnar“, *biblia naturae*. Þar sem guð skipaði öllu á réttan máta í veröldinni er hægt að öðlast dýpri skilning á guði með því að skoða sköpunarverk hans í umhverfinu og túlka þau.

> Menneskets legeme og sjel var en slags miniatyrutgave av den store verdens legeme og sjel. Det fantes derfor analogier og korrespondanser mellom det lille mennesket (*mikrokosmos*) og den store verden (*makrokosmos*). Alt måtte tenkes sammen, alt utgjorde en levende helhet, alt var forbundet i en kosmisk værenskjede som omfattet hele naturen. Derfor kan et nivå i kjeden øve innflytelse på tinge som befinner seg på et annet nivå i kjeden.[79]

Í næsta erindi líkir Bjarni holdi sínu við tjaldbúð, sem skekkist og hallast. En í lokaerindunum tveimur kemur fram að Kristur muni líkna hinum lúna líkama og fyrir „dauda dreyrann rauda“ Jesú Krists geti hann mýkt dauða Bjarna og leitt hann inn í ljósríkið.[80]

---

[77] „S. Jacob enn lioð send vm*m* vor tijma“, 16.–17. erindi.
[78] „S. Jacob enn lioð send vm*m* vor tijma“, 19. erindi.
[79] Gilje, Nils. 2001, s. 105.
[80] „S. Jacob enn lioð send vm*m* vor tijma“, 22. og 23. erindi.

„En*n* áttmæla til S. Jacobs“[81] er samansafn af hverfulleikamyndum, sumum mjög glæsilegum. Fyrsta erindið segir að lífið sé stutt, erfitt og jafnvel sár nauð. Í öðru erindinu er birt hver hverfulleikamyndin af annarri:

Lijfid er lijkt sem gufa,
lanid, bola, duft, vindur
draumur ein*n*, akurblóme,
eigi par má þad seigia,
þoka sky skam*m*vin*n* reykur,
skugge, blundr, heytugga,
ha*n*d–breidd, vefarans vinda,
vokua klid, sorg, erfide.

Þetta erindi minnir óneitanlega á „Svanasöng“ Stefáns Ólafssonar, en í honum segir, eftir yfirlýsingu um að hafa misst heilsuna fertugur:

alt, sem audnan gaf,
eins og ryk,
augnablik,
ókyrt hjól,
vindblásin bóla,
báran, ar eda máni.[82]

Það er nánast óhugsandi að annar hafi ekki haft hinn að fyrirmynd, líklega er það Bjarni sem fær nokkrar hverfulleikamyndir lánaðar hjá frænda sínum Stefáni [83] því ætla má að „Svanasöngur“ Stefáns sé eldri en kvæði Bjarna í Lbs 838, 4to. Það sem Stefán kallar „ryk“ og „ar“ verður hjá Bjarna „duft“, báðir fjalla um „bólu“ og báðir nefna lukkuna, Stefán segir „auðnan“ en Bjarni „lanið“.

Bjarni dregur augljóslega upp miklu fleiri hverfulleikamyndir en Stefán enda er allt kvæðið til Jacobs um hverfulleika lífsins, þar sem Stefán tók einungis fá dæmi í samhengi síns kvæðis. Öll atriðin í þessu erindi Bjarna eiga við upphafið: „Lijfið er lijkt sem“.

Síðasta erindið segir að guð verði skáldinu vonandi meinabót svo hann megi reyna að meðtaka akurland drottins:

un*n*um glas æfe ren*n*ur,
aumt holld sijgur ad molldu:
æ gladur vil eg ódáins
akurland guds medtaka.[84]

[81] Bjarni kallar dróttkvæði ævinlega áttmælur.
[82] Stefán Ólafsson. 1886, s. 226.
[83] Bjarni og Stefán voru systkinabörn.
[84] „Enn áttmæla til s. Jacobs“, 3. erindi.

Stundaglas ævinnar rennur og aumt holldið sígur að moldu. Báðar þessar myndir, þ.e. lífstundaglasið og ellin sem beygir mann alveg ofan að moldu eru algengar í hverfulleikakvæðum. Það sem ég tel skerpa þessar ímyndir betur eru andstæðurnar í erindinu: Stundaglas ævinnar og æ (í merkingunni ávallt, að eilífu) annars vegar og hins vegar andstæðurnar mold, sem aumt holldið sígur í, og ódáins akurland guðs. Bjarni finnur þarna samsvaranir í hinu smáa og forgengilega í jarðvistinni og hinu óumræðilega stóra og eilífa á himnum.

Bjarni sendir Jacobi aðra áttmælu miðað við heiti ljóðbréfsins, „On*n*ur slijk“, sem kemur fast á eftir „En*n* áttmæla til S. Jacobs“. Kvæðið er dýrt kveðið[85] en virðist fyrst og fremst vera ósk um að nýtt ár muni færa öllum frið.

Kvæðið „En*n* Hindarhliod s. Jacob send“ er kannski athyglisverðast fyrir þær sakir að nánast ekkert er minnst á Jacob í þessu kvæði, nema örlítið og óbeint í upphafserindinu.

Fyrstu þrjú erindin eru gamansöm lýsing á því þegar Bjarni missti skjóðuna sína, með oblátunum, í Grímsá, á leið til messu í Þingmúla.

Seinni þrjú erindin eru til Guðnýjar, konu Jakobs. Þar er Bjarni að þakka fyrir skæðin sem hún sendi honum og segist senda dálítið tóbak með sínu bréfi, til Finnu, sem er gælunafn Guðfinnu. Í fimmta erindinu fjallar hann um dyggðir Guðnýjar, sem stjórnar húsinu og Bjarni biður guð að hjálpa henni „að hegda ollu j hof *og* mat.“ Því miður er megnið af sjötta erindinu ólæsilegt en miðað við upphafið hefur það verið blessun yfir Guðnýju.

Seinasta ljóðabréfið sem Bjarni sendir Jacobi syni sínum ber yfirskriftina „luckan og lijfed er vallt. vijsa þa umm send S.Jacob. 1710“. Eins og fyrirsögnin ber með sér er þetta hverfulleikakvæði. Fyrsta erindið er þannig:

> Veralldar gotzid vallt er miog og veran j heime,
> lijfid eins og da eda draumur,
> duelur ei meir en*n* vatna straumur.

Jarðlífið sjálft er hverfult eins og straumvatn, jafnvel blekking líka, því það er „eins og dá eða draumur“. Sé þetta rétt hlýtur hið raunverulega og mikilsverða líf að hefjast eftir dauðann, á himnum.

[85] Mér hefur ekki tekist að setja þetta kvæði upp í samræmi við reglur um hendingar og stuðlasetningu í dróttkvæðum. Ég reikna því með að það sé eitthvað bogið við „On*n*ur slijk“ í fylgiskjölum eða að kvæðið sé alls ekki ort undir venjulegum dróttkvæðum hætti.

Í næstu erindum er bent á að æskublómi og afl séu hverful og vari stundum ekki lengi, vænlegast fyrir menn er að taka heiminum með fyrirvara. Lukkan er fallvölt alveg eins og sólskinið: „Optlega ran*n* fyrer skinið sky, og skuggin*n* brade“.[86]

Bent hefur verið á það að svona hugsunarháttur hafi verið í tísku á 17. öld: „Heimurinn er blekking og allt sem blasir við mönnum er í raun annað. Frá sjónarmiði barokktímans er það sáluhjálparatriði fyrir hvern mann að gera sér grein fyrir þessu.“[87]

Bjarni snýr sér svo að sögulegum vísunum til að rökstyðja hverfulleika lífins enn betur. Hversu hátt sem menn hreykja sér er lukkan brigðul og dauðinn skammt undan.

Hann byrjar á að taka dæmi af ríkum bónda sem kættist mjög yfir sínum fullu hlöðum af korni. En daginn eftir var þessi ríki bóndi dauður.

Síðan er minnst á konungborna menn til forna: Babilons jöfur var steypt úr stóli[88]; Haman var hengdur þrátt fyrir virðingu og völd.[89]: Heródes dó og varð maðkafæða.

Niðurstaða Bjarna í þessu kvæði er að það sé æskilegra að bera kross en gullkrans, sjálfsagt vegna þess að gullkrans gjörir menn hrokafulla en krossinn minnir okkur ávallt á Krist og ríkið sem hann býður. Lokaerindið er ósk um siðun drottins svo dauðinn verði okkur ávallt hugleikinn.

Guðný, eiginkona Jacobs

„Quin*n*u S. Jacobs Gudniu Gudmu*n*dsdótt*er* liod send“ er fyrsta ljóðið til hennar, miðað við röðun Bjarna sjálfs í Lbs 838, 4to. Í fyrstu tveimur erindunum fjallar hann um tengdir þeirra Guðnýjar og þá ást sem þurfi að sýna þeirra vegna. Í þriðja erindinu leikur hann með nafn Guðnýjar, sem er: „Nafn af gudi gjort gott *og* mikilsvert“. Svona nafn verður að prýða og við tekur upptalning á skyldum Guðnýjar sem mætti á nútímamáli draga saman í að hafa alla heimilismenn góða:

> Pryd þu nafnid nytt nægdar blessan j skrytt,
> gled so gódan*n* man*n* *og* guds saudi jafnan.
> Bornum, hju *og* hus, hönd þijn sie a fús,
> allt ad vernda vel, so vijke af stygdarjel[90].

---

[86] „luckan og lijfed er vallt. vijsa þa umm send S.Jacob. 1710“, 2.–4. erindi.
[87] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 233.
[88] Sjá t.d. Jeremía 51:29–30.
[89] Esterarbók 7:10.
[90] „Quin*n*u S. Jacobs Gudniu Gudmu*n*dsdótt*er* liod send“, 4. erindi. Það er vafamál hvernig setja skuli upp vísurnar en ég kaus að hafa þennan háttinn á.

Næstu tvö erindi fjalla um Ingibjörgu litlu og Ingibjörgu heitna. Vísan um látna eiginkonu Bjarna er einkar falleg og í henni einlægur tónn:

> Hana hefi eg þreid hi*er* sijdan burtu leid,
> bratt mu*n* nalgast nu nadar stu*n*din su
> ad fin*n*e eg flockin*n* þann fagurglega skryddan*n*
> sem un*n*e eg allra hæst eylijfum gude næst.[91]

Lokaerindið er blessun yfir öllum; fjölskyldu, hjúum og börnum.

Strax á eftir koma í handritinu „Aðrar vijsur til Gudniar". Þar byrjar Bjarni á tilkynningu um að hann sendi „Remunds rímur" sínar með þessu bréfi en byrjar svo sinn ellisöng, eins og oft og víða í ljóðabréfum. Hér afsakar hann lélega skrift vegna þess að höndin er bág; hann á líka erfitt með að lesa vegna glýju í augum og líklega vegna lélegra gleraugna:

> Brunaglerin baga nú skij
> bokalesturin*n* fellur þui
> af glerinu lika glansin*n* ber
> glyju og slijm ad augu*m* mier
> ...[92]

Niðurstaðan af því sem Bjarni dregur saman í augnaraun og handa kul[93] er sett fram í einhvers konar hverfulleika–málshætti í lok 3. erindis, þ.e. „æskublomid allt burt nemur ellin þuer."

Eftir fjögurra vísna inngang um eigin ellimörk koma ráðleggingar og áminningar um rétta hegðun Guðnýjar og hennar húsmóðurskyldur:

> Elskadu gud *og* ectaman*n*
> aumkadu jafnan fatæka*n*
> hirtadu bornin hægt *og* vel
> hiuonum syndu módr þel,
> husunum sorgun hafdu j gát ef hrytur á jel.[94]

Augljóslega á hún að elska guð og sinn ektmann. Það að aumka fátækan vísar til þess að menn eiga að gera við sína minnstu bræður sem væru minnstu bræðurnir Kristur til að flokkast nú örugglega með sauðunum í himnaríki. Að móðurþelið skuli sýnt hjúum en

---

[91] „Quin*n*u S. Jacobs Gudniu Gudmu*n*dsdótt*er* liod send", 6. erindi.

[92] Ég get ekki skilið þetta öðru vísi en svo að brunaglerin séu gleraugu. Bjarni minnist víðar á slík tól, segir t.d. „brunaglerin lijtt liena / lioman*n*um en*n* tal goma" í „Tolftu liod til vilborgar", 9.erindi; „Sjon er dauf j giegnu*m* glerid" í „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliód", og fleiri dæmi mætti nefna.
Gleraugu voru ákaflega sjaldséð á tímum Bjarna þótt vitað sé um örfá dæmi. Elsta dæmið um gleraugnanotkun hér á landi er frá miðri sextándu öld.

[93] „Adrar vijsur til Gudniar", 4. erindi.

[94] „Adrar vijsur til Gudniar", 5. erindi.

börnin skuli hirta hægt og vel er í samræmi við skilaboð Bjarna til Jacobs (reyndar mun seinna skrifuð) þar sem sagði:

> hirtid bornin h*an*n sem akuad
> heilnæmt verdur bodordid það[95]

Í umfjöllun minni um ljóðabréfið til Jacobs, s. 34, var vísað í skýringar á þessu athæfi eða hugsunarhætti.

Ljóðabréfinu til Guðnýjar lýkur á blessun yfir henni og tveim dætrum, sem Bjarni kallar tvær liljur. Þetta ljóðabréf er því skrifað fyrir 1702 því það ár fæddist þeim Guðnýju og Jacobi þriðja dóttirin.

Ingibjörg Jacobsdóttir

Eins og áður hefur komið fram var Ingibjörg, elsta dóttir Jacobs og Guðnýjar, í miklu uppáhaldi hjá afa sínum Bjarna enda var hún látin heita eftir ömmu sinni. Bjarni sendi Ingibjörgu litlu langt vögguljóð. Það er dálítið álitamál hvort telja megi vögguljóð til ljóðabréfa þótt vissulega sé hvort tveggja tækifærisljóð. Hér kýs ég að telja þetta vögguljóð með ljóðabréfum, þótt viðtakandi hafi verið ólæs og í vöggu. Einhverjir aðrir hafa lesið þetta bréf og það er svo sem ekkert nýtt í ljóðabréfum Bjarna að hann fjalli um annað en viðtakendur bréfanna og beini máli sín til annarra en þeirra. Mætti halda því fram að vögguljóðið sé fyrst og fremst handa Guðfinnu, fóstru Ingibjargar og mikillar vinkonu Bjarna, sem hún geti svo kveðið yfir barninu í vöggunni.

Ljóðabréfið sem hér um ræðir heitir „Vogguliod send Ingebiorgu Jacobsdott*u*r“ og er 26 erindi, sett upp í fornyrðislagi eða ljúflingslagi eins og Bjarni kallar bragarháttinn.[96]

Í fyrstu þremur erindunum gleðst Bjarni yfir því að stúlkan skuli skírð Ingibjörg og minnist látinnar konu sinnar með sama nafni. Í fjórða erindinu kemur fram að hann vonast til að vögguljóðið verði áhrínsorð:

> ord þau sem eg vil
> a þi*er* hrij*n*e
> medan lif er
> lied lijkama þijnu*m*.

[95] „S. Jacob en*n* liod send vm*m* vor tijma“, 9. erindi.
[96] Sjá „Vogguliod send Ingebiorgu Jacobsdott*u*r“, 26. erindi.

Síðan hefst löng þula þar sem öll erindin hefjast á „Giefe Jesus þier“ og taldir eru þeir kostir, dyggðir, skapferli eða líf sem Jesús er beðinn að gefa Ingibjörgu. Þulan teygir sig yfir 5.–21. erindi með þeirri undantekningu þó að 10. erindi hefst ekki á þessum orðum. Það er vegna þess að Bjarni gerir mætti bænarinnar svo hátt undir höfði að hún þarf 2 erindi. Það er ákaflega róandi eða seiðandi að lesa gegnum þessi erindi sem öll hefjast eins. Vögguljóð voru öðrum þræði hugsuð til að róa óvær börn og á svo einnig við um þetta.[97] En endurtekning fyrstu línu hvað eftir annað fær mann svolítið til að trúa því að ljóðið verði áhrínsorð; það er einhver galdur fólginn í endurtekningunni en ekki bara sefjunarmáttur.

Þegar „Giefi Jesus þi*e*r“ erindunum lýkur er bent á að Jesús geti liðsinnt í öllu og síðan minnst á samband Ingibjargar við hann, sem er hin sígilda mynd af brúður og brúðguma. Skínandi brúðarkápu, sem fær blóm sitt „j benju*m* h*erra*nz og blodinu rauda“ mun Ingibjörg bera til æviloka og enginn veit hvort lifið verði langt eða skammt.[98]

Síðustu þrjú erindin eru ósk um að sömu heillir og fylgdu nöfnu hennar forðum fylgi þessari litlu stúlku og blessunaróskir fylgja síðan; loks kveðjuvísa.

Seinna ljóðabréfið til Ingibjargar ber yfirskriftina: „Jngebiorgu Jacobsdottur lioð send að Kalfafellsst:“. Í fyrsta erindinu lítur Bjarni um öxl, til látinnar eiginkonu sinnar:

> Ingebiorgu un*n*e eg j Mula leinge
> nu er hun burt en*n* kallin*n* kiell
> og komin sudr j Nautafell,
> honu*m* er sijdan horffin*n* vegur og geinge.

Í síðasta vísuorðinu sést hve missir hans er mikill, bæði hvað snertir konuna og Þingmúla, þar sem hann bjó í 55 ár. Að þessu minningarbroti liðnu snýr Bjarni sér að því að heilsa Ingibjörgu, sem hann kallar „mij*n* hjartans goda kuin*n*a“[99] og telur svo upp æskilega kosti hennar og hvetur til góðrar hegðunar í næstu erindum.

Þá tekur við langur kafli um ellina og áhrif hennar. Fyrst bendir Bjarni á andstæðurnar elli, sem nálgast moldu, og æsku, sem er eins og blóm sem teygir sig úr moldunni:

> Ellin kallin*n* ofan að jorðu beyer,
> en*n* æskan þig s*e*m unga rós
> up j þetta veralldarlios [100]

---

[97] „Vogguliod send Ingebiorgu Jacobsdott*u*r“, 25. erindi.
[98] Sjá 22. og 23. erindi í „Vogguliod send Ingebiorgu Jacobsdott*u*r“.
[99] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 2. erindi.
[100] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 6. erindi.

Hann telur upp lélega skrift og ójafnar línur, nefnir að á augun dragi ský, að hann valdi varla fjöðrinni og að bókstafir hallist sitt á hvað. Sömuleiðis sé uppsetning textans léleg og lesarinn skilji ekki neitt. Þess vegna ætlar Bjarni, segir hann, að láta skrifaratækin laus, líkt og menn dragi lekan bát í vetrarnaust „þui sijgur að lifjsins ende.“[101]

Í næstu erindum lýsir Bjarni því að honum hafi aldrei dottið í hug að ellin legðist á sig; vissulega sá hann bogin gamalmenni af báðum kynjum en tengdi það ekki við sig, í æsku sinni.[102] En nú hefur hann aldeilis kynnst ellinni:

> Hú*n* þó fare hægt u*m* stund *og* tijma
> hefur þó til sem hamraflagd,
> hælkrokin*n og* miadmarbragd,
> veit þad huor sem vid hana for ad glijma.[103]

Hér er freistandi að álykta að Bjarni vísi í söguna af glímu Þórs við Elli kerlingu, í höll Útgarða–Loka.[104] Bjarni hefur sjálfsagt litið á Þór sem kappa, upprunninn í Asíu, eins og Prologus *Snorra–Eddu* segir. Erindi síðar í kvæðinu styður við þessa skoðun:

> Ecke er hægt vid ellina kapp ad þreita:
> hun hefr flestum komid á knie
> þo kempur være a jordunne
> megnar eingin mot tak hen*n*e ad veita.[105]

Ellin leggur alla að velli, sama hvors kyns þeir eru eða hvort þeir eru ríkir eða snauðir. Bjarna lýsir eigin reynslu af ellinni þannig að hun velti honum hálfdauðum fyrir sér og „vesol beinin vefur saman j keinge“.[106]

Stundum líkjast ellivísur Bjarna einna helst sjúkraskýrslu og svo er um þessa hér:

> Kladan*n* eykur, kuldan*n* fota *og* handa,
> heyrn burt tekr værdu*m* ver
> veyker syn en*n* goma kier
> volun*n*e lætr vellta af þungu*m* anda.[107]

Væntanlega er þessi nákvæma lýsing á eigin líðan til marks um hverfulleika holdsins. Það borgar sig ekki að berjast gegn ellinni því hún þokar manni nær dauðanum, sem að lokum

---

[101] Sjá „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 7.–12. erindi.
[102] Sjá „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 13.–14 erindi.
[103] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 15. erindi.
[104] Gylfaginning *Snorra–Eddu*, 46. kafli.
[105] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 20. erindi.
[106] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 17. erindi.
[107] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 18. erindi.

mætir með sitt banaspjót. Það er í sjálfu sér jákvætt að hraða dauðanum svo menn lendi sem fyrst í sæluvist og því lífi sem er eilíft: „daudanu*m* ad sinn dregr j lifjið sæla“ [108]

Eftir þennan langa kafla um ellina og forgengileika líkamans staðhæfir Bjarni að Ingibjörg, „Vng mijn kona“, muni ekki skilja það sem Bjarni, „kallin*n* þin*n*“, er að fást við. [109] Því sé hjónaskilnaður þeirra óumflýjanlegur. Sjálfsagt hefur þetta líkingamál þótt við hæfi í byrjun átjándu aldar en mér, sem nútímalesanda, finnst þessi hjónabandslíking afa og barnabarns fremur óþægileg.

Bjarni virðist gera ráð fyrir því að Ingibjörg lesi þessar vísur fyrir aðra á bænum og komi þannig lífinu í bögurnar.[110] Hér er ekki minnst einu orði á að brenna bréfið, eins og Bjarni hvetur jafnan háttsett fullorðið fólk til að gera.

Í síðustu erindunum kveður hann Ingibjörgu og óskar henni alls hins besta. Hann biður og fyrir kveðju til bróður Ingibjargar og loks kveðju til „finnu guds“ sem „fordu*m* var en*n* syster mijn“[111] og er þar sjálfsagt að tala um Guðfinnu, sem hann hefur sent tóbak og kveðjur áður.

Það er sérstaklega athyglisvert í þessu ljóðabréfi að engin kveðjuorð eru til foreldra Ingibjargar, né heldur blessunarorð.

Eyrekur Bjarnason og fjölskylda

Eyrekur „elldre“ Bjarnason var lögréttumaður og hreppstjóri á Stóra–Sandfelli í Skriðdalshreppi. Kona hans hét Þorgerður Jónsdóttir og þau áttu einkadótturina Margréti. Einnig virðast þau hafa fóstrað Sesselju, dóttur úr fjölmennum barnahópi Henrichs Bjarnasonar, sem var á svipuðu reki og Margrét.

Eyrekur

Í Lbs 838, 4to eru tvö ljóðabréf til Eyreks. Í því fyrra á Bjarni erindi en það tekur talsverðan tíma að bera það upp; fyrst er fjallað almennt um tíðafar og óþurrk sem Eyreki ætti reyndar að vera fullkunnugt um enda búa þeir í sömu sveit. Í 7. erindi ber Bjarni upp

[108] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 21. erindi.
[109] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 22. erindi.
[110] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 24. erindi.
[111] „Jngebiorgu Jacobsdottur liod send ad Kalfafellsst:“, 27. erindi.

tilefni bréfsins, sem er að hann vantar tágar í tunnusveiga[112] sem hafa væntanlega þjónað sama tilgangi og tunnugjarðir í nútímanum.

Síðan minnist hann á uppáhaldsbarnabarnið sitt, Margréti Eyreksdóttur, sem hann virðist hafa jafnmiklar mætur á og Ingibjörgu litlu á Kálfafellsstað. Bjarni segist senda henni „suartan pijs“,[113] þ.e. stubb af tóbaki.[114] Bjarni yrkir svo tvær vísur til Margrétar. En að venju endar Bjarni ljóðabréfið á bæn og blessun yfir hjónunum, í tveimur lokaerindum.

Það sem einkum einkennir þetta bréf til Eyreks er hversu ópersónulegt það er. Í bréfum til Henrichs Bjarnsonar ávarpar Bjarni hann „Henrich minn“ eða skrifar bréfin í hlýlegum tóni. Bréfið til Eyreks er allt öðru vísi og sem dæmi má taka að hann er ekki ávarpaður fyrr en undir lok bréfins:

> Jckar halldist heilsa fridur
> ...
> hyrlega oll vj*er* heilsu*m* ydr[115]

Þérunin í þessu vísubroti gerir ljóðabréfið enn ópersónulegra. Bréfin til Eyreks og Jacobs Bjarnasona eru í rauninni ópersónulegri en mörg bréf Bjarna til kunningja sinna.

Þótt næsta ljóðabréf heiti „Adrar til Eyreks“ er það í rauninni alls ekki til Eyreks, heldur Þorgerðar konu hans. Hún er ávörpuð í fyrsta erindinu:

> Hussins Modur gjæsku godri,
> giarnan vil eg j þessu*m* hrodre[116]

Síðan tekur við huggulegur spjalltónn þar sem Bjarni lofar húsfreyjuna og tjáir sig um kvenfólkið á heimilinu. Það er áhugavert að sjá hvað Bjarni telur til kvenlegra lista og kvenlegra dyggða. Um Margréti, 6 ára[117] einkadóttur hjónanna, segir hann t.d.:

> take hu*n* ad sier truna a Christum,
> tel eg þad sie ad kuen*n*mans listu*m*
> lykill trur og bænin blijd[118]

---

[112] „Epterfylgiande liod send sonu*m* mijnu*m*; Logrettumanenu*m* Eyreke elldra að Sandfelle Stora þesse vijsa send“, 7. erindi.
[113] „Epterfylgiande liod send sonu*m* mijnu*m*; Logrettumanenu*m* Eyreke elldra að Sandfelle Stora þesse vijsa send“, 10. erindi.
[114] Í orðskýringum við *Kvæði eftir Stefán Ólafsson I*, s. 11, er orðið pijs skýrt sem tóbaksnurta.
[115] „Epterfylgiande liod send sonu*m* mijnu*m*; Logrettumanenu*m* Eyreke elldra að Sandfelle Stora þesse vijsa send“, 12. erindi.
[116] „Adrar til Eyreks“, 1. erindi.
[117] Manntal 1703 á http://www.skjalasafn.is/manntol/
[118] „Adrar til Eyreks“, 3. erindi.

Setta litla, sem sjálfsagt er Sesselja Henrichsdóttir, er svo lítil (reyndar bara ári yngri en Margrét[119]) að hún er rétt að byrja að vingast við guð. En vinnukonurnar eru dyggðum prýddar, t.d. Guðrún Sigurðardóttir, sem er fróm og ástundar dyggð, Guðrún Finnbogadóttir sem mun dafna fyrir vilja guðs og Gunna hin þriðja, sem vinnur af dyggð og trúskap. Það fylgir því ábyrgð að hafa hjú; guð mun launa húsráðendum að taka Guðrúnu Finnbogadóttur inn á heimilið og menn eiga að sýna Laugu gömlu hlýhug.[120]

Vinnumennirnir þrír fá eitt erindi hver. Guð er beðinn um að gefa einum þeirra kraft til að vinna, annar er mærður fyrir að vera æruverður og dyggðum kenndur, sá þriðji er nú eitthvað laus í rásinni, „næmur a dreingia sull og sid“.[121]

Allt þetta fólk sést í manntalsgrunninum 1703, nema þessi þriðji piltur. Ég álít að bréfið sé skrifað 1703 því þá er Guðrún Finnbogadóttir 15 ára vinnustúlka á Stóra–Sandfelli; tveimur árum síðar er hún farin þaðan.[122] Bjarni flutti sjálfur að Stóra–Sandfelli árið 1704.

Eins og í fyrra ljóðabréfinu til Eyreks er hann sjálfur ekki ávarpaður fyrr en í næstsíðasta erindinu. Það er þó mun hlýlegra ávarp en í því fyrra:

> Styrki þig min*n* sonurin*n* sæte
> sjálfur gud og hans orlæte
> blesse og audge bunad þin*n*,
> so ad þu meiger midla af borde
> molunu*m* efter drottins orde
> voludu*m* lijd j si*er* huort sin*n*[123]

Í lokaerindi eru hjónin svo minnt á skyldur sínar sem húsbændur, þau eiga að halda rétt bæði hey og hjú.

Ég veit ekki hvers vegna bréfin til Eyreks hafa yfir sér heldur kuldalegan blæ. E.t.v. ber Bjarni svona mikla virðingu fyrir þessum syni sínum sem hefur embætti hreppstjóra og lögréttumanns að honum finnist þurfa að þéra hann og huga að formlegheitum, í fyrra bréfinu. Hugsanlega er skýringin sú að Bjarna virðist miklu lagnara að skrifa til kvenna en karla, sem sést m.a. á því að miklu fleiri bréf eru til kvenna en karla í Lbs 838, 4to, þótt jafnræði ríki í fjölda viðtakenda. Þar sem Bjarni fékk að dvelja á Stóra–Sandfelli á

[119] Manntal 1703 á http://www.skjalasafn.is/manntol/
[120] „Adrar til Eyreks“, 4.–8. erindi.
[121] „Adrar til Eyreks“, 9.–11. erindi.
[122] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 395.
[123] „Adrar til Eyreks“,12. erindi.

árunum1704–1709[124] og leið þar vel, finnst mér mjög ólíklegt að það hafi verið kalt milli þeirra feðga, þótt svo kunni að virðast af bréfunum tveimur.

Margrét Eyreksdóttir

Áður var minnst á að Margrét Eyreksdóttir væri uppáhald afa síns. Þessi skoðun er byggð á því að hann yrkir til hennar 5 ljóðabréf en næsta fá til annarra barnabarna. Bréfin eru full af hlýju og umhyggju. Einnig sýnir Bjarni skáldlega leikni sína í sumum þessara bréfa.

Fyrsta ljóðabréfið ber yfirskriftina „Hans ungu dott*ur* Margretu vijsa send“ og kemur beint í kjölfar síðara bréfsins til Eyreks. Kvæðið er ort undir dróttkvæðum hætti, þ.e. með aðal– og skothendingum, en hvert erindi er þó aðeins 4 línur. Hugsanlega voru þessar vísur sendar Margréti þegar hún var smábarn þótti þeim sé raðað í seinni tímaröð í handritinu; a.m.k. kemur fram ósk um að Margrét „tijngist“[125], þ.e. læri að tala. Í þessu þriggja erinda ljóði leikur Bjarni sér með orð sem hljóma líkt en eru merkingarfræðilega óskyld, þ.e. stílbragðið *paronmasia*:

> vingan fae af vænstu*m* Kongi
> og vænginn h*a*ns t*il* bordz og sæng*ur*[126]

„Vingan“, „vænstum“ og „vænginn“ hljóma þarna saman og auka áhrifamátt kvæðisins, auk venjulegra braghlutverka, þ.e. vingan er skothending og „vænginn“ ber höfuðstafinn og er aðalhending.

Næsta kvæði til Margrétar er ort af miklu listfengi. Þetta er ljóðabréfið „En*n* vijsa til Margretar“, sem ort er undir dróttkvæðum hætti. Í ljóðinu notar Bjarni stílbragðið *akrosticon,* þ.e. lætur upphafsstafi í vísuorðum mynda nafnið MARGARITA. Þessi lenging á nafni Margrétar er nauðsynleg svo síðasti stafur hvers erindis geti raðast saman í GIMSTEIRN. Það stílbragð nefnist *telestichon*. Yfirleitt er nafnið Margrét talið þýða perla en Bjarni virðist skilja það sem gimstein.[127]

---

[124] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 65.
[125] „Hans ungu dott*ur* Margretu vijsa send“, 1. erindi.
[126] „Hans ungu dott*ur* Margretu vijsa send“, 2. erindi.
[127] Þessi sami misskilningur kemur fram í umfjöllun um Margréti Ólafsdóttur, sjá „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 3. erindi.

Fyrsta erindið er þannig (ég hef feitletrað upphafstafina í orðunum tveimur sem mynda akrosticon og telesticon og tek fram að strikin að síðasta bókstaf eru í uppsetningu Bjarna sjálfs):

M – alid kys eg mitt lose
milldin guds og þa snilld
liome mier, so blijda bæn
biodeg þier j fiesiod
dotter goda, barn blijtt,
blómin*n* sie og hár some
Christus þier, eg hier fære
kostuligust yfer þi ——————————**G**

Kvæðið fjallar síðan um hvernig Margrét skuli iðka sína trú kvölds og morgna og heiðra foreldra sína. Æskilegir kostir sem prýða meyjar eru taldir upp: Hlýðni við guð; siðsemd; hógvær orð; rómblíð ræða og rödd, t.d. til að syngja sálma, og að læra verkvit af móður sinni[128]. Það er merkilegt að Bjarni telur lestrarkunnáttu til nauðsynlegs náms ungrar stúlku:

Bokalesid veg vijse
vijsan þj*er* ad lof prijsi,
þu so nægd og nam fa*er*
ad nija up*p* þitt sin*n*u b——————————**I**[129]

Ljóðabréfinu lýkur á blessunarvísu, þar sem beitt er klifun til að sýna öll áhrif sem Jesús getur haft:

A – llar þier j höpp, heiller
halldist fyrer guds valld
dotter god, en*n* hefe hitt
sem halla kan*n* j motfall.
Jesus sie þijn leid, lios,
lijfid, sæla, fridur, hlijf:
blodid h*erra*ns j hánaudu*m*
hrijne a þier, gód mij ——————————**N**

Jesús er lífið, ljósið, sælan, friðurinn, hlífin og loks hámarkið: Ósk Bjarna þess að blóð Jesú hrinji á Margréti ef eitthvað bjátar á. Þetta kann að virðast nútímamanni heldur ógeðfelld tilhugsun en á tímum Bjarna var talið eðlilegt að hugsa afar bókstaflega um pínu og dauða Krists og hve hreinsandi, jafnvel huggandi, blóð hans væri.

Næsta ljóðabréf til Margrétar er stutt og líklega hugsað sem fornyrðislag. Það heitir „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* vijsa g*e*fin“ Þetta er enn eitt uppeldis– eða heilræðakvæðið. Margréti er uppálagt að læra sem flesta sálma og [kristileg] ljóð;

[128] „En*n* vijsa til Margretar“, 4.–8. erindi.
[129] „En*n* vijsa til Margretar“, 7. erindi.

gróðinn af slíkum námssjóði eru heiður og æra.[130] Margrét á líka að huga að kvenverkunum sem eru aðallega að stilla ankanna lífsins og ekki að spilla lofi manna.[131] Á nútímamáli mætti orða þetta hlutverk þannig að hún ætti að æfa sig í að hafa alla góða og vera sjálf til friðs. Meiri hluti bréfsins er þó um guðs hjálp sem ávallt sé til staðar og í lokin er minnst á enda lífsins, þegar við blasir fagnaðartíðin hjá guði.

Svo kemur bréf til Margrétar sent að sumri til og bjartsýni og lífsgleði einkenna það mjög. Það ber yfirskriftina „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* að Sandf: vijsa send.“ Kvæðið hefst á fallegri sumarmynd, þar sem júnímánuður er persónugerður og að auki líkt við fagra meyju:

> Junius geingur en*n* þa jn*n*
> eins og meya fögur á kinn,
> heilnæmt vedur og hlyendin
> honum fylgia j þetta sin*n* [132]

Síðan koma fleiri gullfallegar sumarmyndir, t.d. „laufgar skog en*n* blomid blijtt / blikar j sionu*m* langt og vijtt.“[133] Lesandinn sér fyrir sér stillurnar og hlýindin þessa júnídaga fyrir þrjú hundruð árum.

Bjarni blessar Margréti í miðju kvæði og vonast til að þau Jesús verði sem best samantengd. Svo þakkar hann fyrir gjöf frá henni, sem virðist hafa verið vínflaska. Eins og venjulega telur Bjarni best að guð launi gjafir sínar:

> lifa*n*di gud sem liom*ar og* skijn,
> laune þier godu dotter mijn[134]

Hann segist þó senda henni grínbréf um heimilisfólkið á Hallormsstað, sem hann hafi ort í vetur, og einnig tvo svarta tóbaksstubba.[135] Lokaerindið er blessun Margrétar.

Síðasta ljóðabréfið til Margétar er „Sonar dottur min*n*e Margrete Eireksdott*er* ad stora sandf: vijsa send“.Textinn er í hálfkæringi eða gríni en þó má sjá að Bjarna líður vel enda sumar og sólin yljar:

> Og so bakad rödullin*n* rijkt h*a*nz rumið forna
> og limunu*m* stirdu latið orna
> að listugum sie u*m* kuelld og morna.[136]

---

[130] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* vijsa g*e*fin“, 1. erindi.
[131] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* vijsa g*e*fin“, 2. erindi.
[132] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* að Sandf: vijsa send“, 1. erindi.
[133] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* að Sandf: vijsa send“, 3. erindi.
[134] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* ad Sandf: vijsa send“, 6. erindi.
[135] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eyreksdott*ur* ad Sandf: vijsa send“, 7.–9. erindi.
[136] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eireksdott*er* ad storasandf: vijsa send“, 6. erindi.

Hann gerir sér jafnvel vonir um að komast um sveitir ef blíðan helst:

> Vollur *og* Skriddal vill h*an*n sia ef varmin*n* þyde
> hellst v*id* en sem lond og lijde
> lijfgað fær með sin*n*e pryde.[137]

Svona vísur eru alger andstæða ellilýsinganna sem Bjarna eru svo tamar. Raunar stillir hann sig mjög um að kvarta undan ellimörkum í bréfunum til Margrétar. Kannski hefur honum þótt hún fullung til að hlusta á svoleiðis lýsingar?

Þessu síðasta bréfi til Margrétar lýkur á kveðjuorðum þar sem Bjarni biður að heilsa heimilisfólki, jafnt skyldfólki sem vinnufólki. Að venju er síðasta erindið bæn fyrir viðtakanda, Margréti.

Henrich Bjarnason og fjölskylda

Í handritinu (Lbs 838, 4to) er að finna fjögur bréf til Henrichs Bjarnasonar og þrjú bréf til konu hans, Guðrúnar. Þau hjón bjuggu á Borg í Skriðdal, ekki langt frá Þingmúla, þar sem Henrich var hreppstjóri en virðast hafa flutt á Arnalldsstaði í kringum 1710[138]. Þegar þetta fyrsta bréf er skrifað er Bjarni líklega hjá Arndísi á Hallormsstað.[139]

Henrich

Efnismeðferð er fremur stöðluð í bréfunum til Henrichs. Hann er ekki ávarpaður en í titli hvers bréfs kemur fram að það er til hans.

Í fyrsta bréfinu, „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar s*e*m nu fylgia“ eru efnisflokkarnir þessir:

1.–4. erindi:	Talað um elli, kulda og dimmu, frá sjónarhóli Bjarna;
5.–7. erindi:	Bænir og blessun þeirra hjóna;
8.– 9. erindi:	Uppeldisráðleggingar um börn og hjú;
10. erindi:	Um veikindi Magnúsar litla, sonar hjónanna, sem honum eru bötnuð;
11.–14. erindi:	Umsagnir um einstök vinnuhjú:

[137] „Sonar dottur min*n*e Margrete Eireksdott*er* ad storasandf: vijsa send“, 9. erindi.
[138] Í Manntalinu 1703 og í *Íslendingabó*k er bærinn nefndur Arnholtsstaðir. Nafngiftir bæjarins hafa verið enn meira á reiki, t.d. Arnhallstaðir og Arnhilstaðir og Arnhallstaðir, en nú á tímum heitir hann Arnhólsstaðir, er ríkisjörð og þar stendur samkomuhús sveitarinnar. Heimildarmaður minn fyrir þessum upplýsingum er Ásta Sigurðardóttir, ábúandi í Þingmúla, í tölvupósti 17. 3. 2007.
[139] Hann minnist á Magnús Henrichsson í bréfinu en Magnús fæddist 1702, skv. upplýsingum úr *Íslendingabók*.

15. erindi:	Um Ingiríði, dóttur þeirra hjóna;
16.–18. erindi:	Græskulaust grín um vinnufólkið;
19. erindi:	Mikil umferð og umgangur um bæinn á Borg;
20. erindi:	Bjarni falar enskt tóbak;
21. erindi:	Bæn og blessun til allra.

Í rauninni virðist aðalerindi Bjarna vera að fá þetta tóbak en hann er svo sem ekki fljótur að koma sér að efninu. Enskt tóbak, keypt ólöglega af skipverjum, er greinilega miklu betri vara en það sem danskir kaupmenn bjóða upp á:

> Eiger þu til hin ensku korn,
> epter nockur u*m* skioduhorn,
> födur ad midla þijnu*m* þa,
> þockina mu*n*tu aptur fa
> dauf og klest þau dönsku laufin droust j fra.[140]

Uppeldisráðleggingar Bjarna, í 8. og 9. erindi felast í því að halda heimafólkinu við kristinn sið og aga börnin:„Venied Börnin vel j mat“[141] Bjarna hefur verið fullkunnugt um húsagann sem fyrrum húsbóndi hans, Brynjólfur biskup Sveinsson, hélt á lofti og tengsl húsagans við kristilegt líferni. Hann fólst m.a. í:

> ... að formfestan sem menn leituðust við að skapa innan kirkjunnar hafi náð inn á heimilin. Heimilið var þar grunneining alls samfélagsins og heimilisguðræknin var einn af mikilvægustu þáttunum í trúarlífinu. Húsbóndinn hafði það hlutverk að gæta aga og reglu á heimilinu.[142]

Jón Samsonarson hefur bent á að ögun barna á 17. öld hafi verið nokkuð harkaleg. Hann vitnar til móðurafa Bjarna:

> Séra Einar í Eydölum nefnir í kvæðum sínum tvennt, sem dóttir hans hafði með sér úr föðurhúsum til blessunar. Það er hrís og bænamál.[143]

Sömuleiðis segir Jón: „Ekki er að efa, að Bjarni hefur bragðað á vendinum hjá móður sinni í Þingmúla.“[144] Honum er annt um kristilegt uppeldi barnabarna sinna, með ögun, því vegurinn til eilífs hjálpræðis fólst í kristilegum þankagangi og bænagjörð.

Bjarni endar þetta bréf til Henrichs á bæn eða blessun eins og hann endar yfirleitt öll sín bréf þar sem síðasta línan er orðaklösun til frekari áherslu: „lifid, sofid, vakid, verid j vinattu guds.“[145]

Næsta bréf, „En*n* vijsur til henrichs“ hefst á bæn og blessun. Í því kemur fram að

---

[140] „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar s*e*m nu fylgia“, 21. erindi.
[141] „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar s*e*m nu fylgia“, 9. erindi.
[142] Skúli S. Ólafsson. 2006, s. 121. Bjarni var biskupsritari Brynjólfs frá 1643 og í nokkur ár.
[143] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 6.
[144] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 9.
[145] „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar s*e*m nu fylgia“, 22. erindi.

hjónin hafi eignast dóttur en af því Henrich átti einstæðu barnaláni að fagna segir það lítið um tímasetningu bréfsins.

Í bréfinu kemur líka fram að eitthvað hafi plagað Guðrúnu en sé nú að batna:

> Hellst u*m* mij*n*a systur eg heyre med lyst
> ad hu*n* sje f*iarre* angist
> a*d* h*un* s*je* f*iarre* a*ngist* og harmkuæl*um* frij
> god dotter g*e*fin *og* gledestundin ny
>
> Heilbrigde salarin*n*ar hen*n*e giefe sa
> h*er*ran*n* sem allt ma
> ... .[146]

Mér finnst langlíklegast að einhver geðrænn sjúkdómur hafi lagst á Guðrúnu, t.d. kvíði, sbr. „angist“.[147] Hún var ófrísk á hverju ári svo þetta gæti líka verið fæðingarþunglyndi. Það að hún sé haldin angist og þurfi heilbrigði sálarinnar tel ég rök fyrir kvíða og hugsanlegu þunglyndi með. Fyrir utan það að guð er beðinn að gefa henni heilbrigði sálarinnar þá telur Bjarni síðar í bréfinu að biðja megi um að„ondin j lifsblode Christz“[148] lífgist; líklega er önd í sömu merkingu og sál þarna.

Í miðju þessu ljóðabréfi koma bænir og blessanir til allra; að englar guðs „bívari“ börnin og í rauninni afhendir Bjarni allt búið þeim eilífa guði:

> Þitt hu (svo) og þij*n* hiu og þitt lanid allt
> eins nu og avallt,
> e*ins* n*u og* a*vallt* eg afhende og fel
> eylifju*m* gude sem allt giorer vel.[149]

Síðan koma vísur um hvunndagsmál og elli Bjarna en síðustu 4 erindin bera keim af jólunum sem senn koma og upphafi þeirra: Fæðingu frelsarans. Í svartasta skammdeginu verður Jesúbarnið sól og verður okkur líknsamt, segir Bjarni:

> Giefe oss nu drottin*n* gledifögur jól:
> han*n* vere vor sol.
> h*ann* v*ere* v*or* s*ol og* veite þau rád
> að frá Mariju barninu feingju*m* vjer nád.[150]

---

[146] „En*n* vijsur til henrichs“,6.–7.erindi.
[147] Á Norðurlandamálunum og á þýsku er orðið „Angst“ notað fyrir almenna kvíðaröskun eða felmtursröskun. Skapast hefur sú hefð að kalla þetta „kvíða“ og „ofsakvíða“ á íslensku, sem eru heldur villandi orð því sjúkdómseinkenni eiga lítið skylt við það sem almenningur kallar kvíða. Angist er hins vega miklu meira lýsandi fyrir kvíðaröskun af ýmsu tagi og e.t.v. hefur orðið merkt eitthvað þvíumlíkt á tímum Bjarna.
[148] „En*n* vijsur til henrichs“, 8. erindi.
[149] „En*n* vijsur til henrichs“, 10. erindi.
[150] „En*n* vijsur til henrichs“, 18. erindi.

Í handritinu kemur næst „On*n*ur gaman vijsa til Henrichs“. Þetta eru þrjár vísur, kveðnar í hálfkæringi og lítið um þær að segja nema benda á að Bjarni tvínýtir sama brandarann í kvæðum til ólíkra viðtakenda[151]:

Nú ma eg læra ad skrifa a skin*n*
og skoturodin gra.
pen*n*afiodr *og* pappyrin*n*
Prestkallin*n* huorugt a.
...[152]

„fiorðu vijsur til henrichs“ eru rammaðar inn af lýsingum á Grímsá, sem er „geyse liot“ og hamlar kirkjusókn. Þetta ljóðabréf er skrifað milli jóla og nýárs. Bjarni segist hafa stigið þrisvar í stólinn, líklegast á Hallormsstað, því fyrr í kvæðinu er hann í samfylgd Arndísar og Eyreks. Jesús brást honum ekki:

Jesus sanna sól
sitt gaf mier náttskiol[153]

og þegar nýja árið er gengið í garð mun:

Milldast Meyarjód
med sitt u*m*skurn*ar*blód
huerskyns meini *og* mód
myke sem tilstod.[154]

Þótt nútímamanni kunni að finnast myndmál seinni vísunnar ógeðfellt er það í samræmi við rétttrúnað 17. aldar, þ.e.a.s. að raunverulegt blóð Krists hreinsi mennina af syndum, þess vegna umskurnarblóðið.

Það er dálítið merkilegt að finna tilvísun í Hávamál inni í ljóðabréfi sem ber svo kristilegan blæ. En í miðju bréfi, rétt áður en hann fer að fjalla um hið milldasta meyjarjóð, segir Bjarni:

Sælt er heima huad,
hin*n* vijse so quad,[155]

Það sem vekur kannski mesta athygli nútímalesanda ljóðabréfanna til Henrichs eru fallegar náttúrulífsmyndir, einkum vetrarmyndir, sem Bjarni dregur upp. Dæmi um slíkar eru:

---

[151] Sjá „Guðrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarið 1710“, 1. og 3. erindi.
[152] „On*n*ur gaman vijsa til Henrichs“, 1. erindi.
[153] „fiordu vijsur til henrichs“, 4. erindi.
[154] „fiordu vijsur til henrichs“, 7. erindi.
[155] „fiordu vijsur til henrichs“, 6. erindi, sbr. 5, erindi „Hávamála“.

Himin er kalldr haudrid frijs,
hiupurin*n* vatna, sterkur js,
kielldur allar döpin og dij,
djupt og hátt u*m* folldar bij
gadde læst *og* giefa nu ecke gufu nie hlij[156]

og:

Kan*n* yfer flud og fles,
vier fundu*m* Vallanes,
af lofte, og hlidu*m* hlies
hyrlega þá blies,
frelsarans fögru nott
frijd guds man*n*a drott,
...[157]

Guðrún Árnadóttir, kona Henrichs

Bjarni skrifaði ekki bara syni sínum heldur einnig tengdadóttur, Guðrúnu Árnadóttur. Í eiginhandriti Bjarna eru þrjú ljóðabréf til Guðrúnar. Fyrsta kvæðið hefur fyrirsögnina „Han*n*s ecktaquin*n*u Gudrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“ og í fyrsta erindi er Guðrún ávörpuð „elsku syster mij*n*“. Fyrstu 4 erindin eru létt spjall um hitt og þetta, t.d. kvefpest, en í 5. erindi kemur fram „að bólan sie komin / Breiðdalnum ad.“

Bóluveturinn 1708 áttu þau Henrich og Guðrún 8 eða 9 börn[158] (ein dóttirin fæddist 1708 en ómögulega er hægt að segja til um hvenær ársins).

Í bréfinu varar Bjarni tengdadóttur sína við, segir henni að vera tilbúna og að vald bólunnar sé mikið:

Bustu vid bolunnne blijd syster mijn,
bornin eru oll þijn.
bornin eru oll þijn
j umfange þui
sem hu*n* fær til valldid
ad hallda þeim j.[159]

Í næstu erindum er ítrekað að hver sem er geti veikst af bólunni og dáið. En Bjarni orðar þetta fagurlega; fólk deyr ekki heldur hverfur í ástarfaðminn brúðgumans Krists.[160] Kristur á góssið og mund sem varir að eilífu.[161] Og Kristur er brúðguminn og biðillinn, fegurri en sjálf sólin á festingunni:

---

[156] „Henrich sine mijnu*m* þessar vijsur sendar s*e*m nu fylgia“, 2. erindi.
[157] „fiordu vijsur til henrichs“, 3. erindi.
[158] Upplýsingar úr *Íslendingabók*.
[159] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 6. erindi.
[160] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 7. erindi.
[161] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 9. erindi.

Han*n* er sa bidillinn sem haborin*n* er,
þui ongvan*n* ma eins hj*er*
þui ongvann ma eins hjer
j ollu*m* heime fa,
fegre en*n* solen
festijngin*n*e a.[162]

Það kann að hafa verið einhver huggun fyrir 8 barna móður að vita af þessum góðu horfum eftir dauðann þegar bólan ógurlega nálgaðist. Bjarni segir síðan dálítið frá fólkinu á Stóra–Sandfelli og hvernig það býr sig undir bóluna. Allra ókvíðnust eru ungbörnin uns þau veikjast. Í rauninni er, segir Bjarni, eina ráðið að biðja um náð herrans og „blessa þig sialfa / *og* barnahopin*n* þin*n*“.[163] Bólan sígur að með hvassan byr[164] og svo virðist vera að Bjarni sjái hana fyrir sér sem blóðrautt ský:

Eg þreye, eg bijd, eg a under þui,
þo rautt kome regnsky
þo rautt kome regnsky
og renne yfer hart
ad verde mier Jesus
vegliosid bj*ar*t[165]

Þótt blóðrauða bóluskýið umljúki Bjarna mun Jesús ávallt vera hið bjarta vegljós sem vísar honum leið. Bjarni tvítekur að hann bíði þess versta en eigi sér þó vissuna um ljósið Jesús, þegar dimma skýið leggst yfir allt.

Í næsta erindi hvetur hann Guðrúnu til að biðja til Krists og lýkur svo ljóðabréfinu með bænum og blessun allra heimilismanna.

Næsta ljóðabréf, „En*n* vijsur til Guðrunar“ hefst á kuldalegri hverfulleikamynd svo ósjálfrátt fer lesanda að gruna að eitthvað skelfilegt hafi gerst:

Einatt dregur skur sky
skuggalegt a fjalltind,
grimt frostid gjeck j
godu*m* opt ur þeyvind,
giæta skyllder þu þui
þess hin auma Man*n*kind
ad hætt er þin*n*e holldsmynd.[166]

Hann minnir síðan Guðrúnu á að halda trú á guð og biðja til hans. Sjálfur segist Bjarni vona að Guðrún fái „osjuk / angurlausa hj*er*vist / giæfu vafin guds dúk“[167] Eftir nokkrar

[162] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 8. erindi.
[163] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 15. erindi.
[164] Sjá „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“,12. erindi.
[165] „Han*n*s ecktaquin*n*u Guðrun*n*u A.d. visja send á Bolu vetre“, 18. erindi.
[166] „En*n* vijsur til Gudrunar“, 1. erindi.

almennar fréttir, t.d. af grassprettu og fiskigengd, og frekari hvatningu um að þakka guði, segir hann:

> Mijn syster þijdi þrjár
> þijnar dætur eg bid,
> nu komande Nytt ar,
> nyan*n* hlioti guds frid,
> neyd engin, sott sár,
> sorg nie an*n*ad misklid,
> þær snerte þungt vid.[168]

Ef Guðrún á bara þrjár dætur hljóta 3 eða 4 dætur hennar að hafa látist í bólunni. Ljóst er að synirnir tveir lifa (Bjarni minnist á þá í 7. og 13. erindi). Skuggaleg byrjun ljóðabréfsins verður skiljanleg; allt er ótryggt í þessum heimi, einnegin holdsmynd hinnar aumu mannkindar. Hugsanlega hefur Guðrún eitthvað efast í trúnni við barnamissinn, a.m.k. leggur Bjarni þunga áherslu á að hún biðji til guðs og bænin sé „af grun*n*e hiartans ókolld“[169] og geymi „jafnan otuist / þyda tru a þin*n* Christ.“[170] Áður hefur verið minnst á angist Guðrúnar[171] og þrátt fyrir undirbúnings–ljóðabréf Bjarna virðist Guðrún hafa kólnað eitthvað í trúnni og sé „tuist“ eða hrygg.

Í síðasta ljóðabréfinu, „Sonarkonu min*n*e elskulegre Guðrunu Arnadotter ad Arnalldstödu*m* vijsa send – 1710“ ávarpar Bjarni hana í fyrstu línu en hefur síðan upp langa rollu um eigin krankleika, allt að því óþægilega hreinskilinn í lýsingu:

> allur er þakin*n* kroppur kalls med kregdu hraa,
> rispan morg hin rauda og blaa,
> rijdr þungt a alldurin*n* haa[172]

Hann segist hafa veikst mikið mánuði fyrir jól en „hinn ljúfi lausnari“ lét honum batna. Sjón, heyrn og mál er í nokkuð góðu lagi en svo virðist sem Bjarni sé orðinn nokkuð ellimóður og farinn að hlakka til að fá hvíldina:

> Lijda og bijda stund fra stund og stodugur trúa,
> nu mune snart ur longu*m* lua
> lifande gud mier huilder bua.[173]

---

[167] „En*n* vijsur til Gudrunar“, 4. erindi.
[168] „En*n* vijsur til Gudrunar“, 11. erindi.
[169] „En*n* vijsur til Gudrunar“, 3. erindi.
[170] „En*n* vijsur til Gudrunar“, 4. erindi.
[171] „Enn vijsur til henrichs“, 8. erindi.
[172] „Sonarkonu min*n*e elskulegre Gudrunu Arnadotter ad Arnalldstödu*m* vijsa send – 1710“, 3. erindi.
[173] „Sonarkonu min*n*e elskulegre Gudrunu Arnadotter ad Arnalldstödu*m* vijsa send – 1710“, 9. erindi.

Bréfið fjallar annars um hitt og þetta en í því miðju virðist aðalerindið: Einhver Eyrekur prestur hefur stungið af frá konu og kalli og er staddur á Arnalldstöðum. Þau hjónin, Henrich og Guðrún, eru vinsamlegast beðin að koma vitinu fyrir prestinn og fá hann til að fara heim til sín.

Lokaorðin eru svo blessun og bæn yfir þeim hjónum, börnum og hjúum.

Vilborg Jónsdóttir á Felli við Hornafjörð

Tvö elstu ljóðabréfin frá Bjarna til Vilborgar eru varðveitt í Thott 473, 4to og því ekki til umræðu hér. Í Lbs. 838, 4to eru 15 löng ljóðabréf til Vilborgar; fyrst eitt ótölusett en talið 1. bréf, síðan 13 tölusett bréf. Þessi bréf standa saman í sérstökum flokki en miklu aftar er svo eitt stakt bréf ársett 1710.

Vilborg fæddist 1666 og giftist tvítug Ísleifi sýslumanni í Austur–Skaftafellsssýslu. Bjarni sendi henni fyrsta ljóðaréfið árið 1689, sem þakklætisvott fyrir að þau hjónin höfðu stuðlað að því að Jacob Bjarnason fékk prestkosningu fyrir brauðinu Kálfafellsstað í Suðursveit. (Löngu seinna beittu þau sér fyrir kosningu Eyreks yngra Bjarnasonar á Hallormsstaði.)[174]

Þessu fyrsta bréfi virðist Vilborg hafa svarað með einhverjum hætti og samband er komið á; samband sem rofnaði ekki næstu tuttugu árin þrátt fyrir mikinn aldursmun og gjörólík kjör skáldsins og lesandans.

Vilborg verður nokkurs konar „patrón“, eða bakhjarl, Bjarna. Hún sendir honum reglulega gjafir, frá nýjum skæðum og allt upp í hest á fæti. Af því sem Bjarni nefnir í kvæðunum sést að hún hefur sent peninga (brennt silfur), vaðmál,alfatnað, tóbak o.fl. Þetta eru ekki bara gjafir heldur einnig gjaldmiðill á þessum tíma. Sömuleiðis sleppir hún ekki hendinni af sínum umbjóðaanda heldur sér til þess að Eyrekur fái heppilegt starf og geti haft föður sinn hjá sér síðustu árin hans Bjarna. Það hefur verið mikill akkur í því, fyrir Bjarna, að eiga svo tigna konu að vini.

Mér er ekki kunnugt um hversu algengt eða sjaldgæft það var að skáld ættu sér bakhjarl á þessum tímum. Eina dæmið sem ég man eftir þessu líkt er hve Árni Gíslason á

[174] Jón M. Samsonarson. 1960b, s. 111.

Ytra–Hólmi reyndist Hallgrími Péturssyni.[175] Mig grunar þó að stuðningur í áratugi, líkt og Vilborg styður Bjarna jafnt og þétt, sé afar sjaldgæfur í íslenskum bókmenntum. Enn merkilegra verður þetta hafi menn aldursmun og kyn í huga.

Fyrir gjafirnar þakkar Bjarni vel og innilega. Einstaka sinnum reynir hann að senda Vilborgu eitthvað sjálfur: „smápeningskorn“[176], „fölleita Cronu“[177] og *Eyrbyggja sögu* syni Vilborgar að láni, í því bréfi segist hann og senda henni ljóð.[178] En lang–langoftast segir Bjarni í sínum ljóðabréfum að guð launi fyrir sig og blessar Vilborgu vegna rausnar hennar.

Aðstæður þeirra eru gjörólíkar: Skv. Manntalinu 1703 voru 23 til heimilis að Felli í Borgarhafnarhreppi, þar af eru hjónin og fimm börn en hinir 16 eru vinnufólk eða ómagar. Sama ár dvelur Bjarni hjá Arndísi, nýorðinni ekkju, á Hallormsstöðum, ellefu eru í heimili en einungis þrjú þeirra eru vinnuhjú, hin eru öll í fjölskyldunni. Þessar staðreyndir segja kannski eitthvað um efnahag þeirra tveggja.

Það er skiljanlegt að Bjarni vilji halda sambandinu og þiggja gjafir og stuðning svo tiginnar og stöndugrar konu sem sýslumannsfrúarinnar að Felli. En hvað getur hann boðið í staðinn? Hann getur boðið vel ort ljóð – og hann leggur vissulega mikla vinnu og mikinn metnað í ljóðin til Vilborgar. Þetta sést vel í samanburði við „innansveitar–ljóðabréf“ Bjarna. Og hann getur ekki bara boðið listræn ljóð heldur einnig guðs blessun og bænir fyrir bakhjarli sínum og fjölskyldu hennar.

Það er auðvitað næsta vonlaust að leiða getum að því hvað göfug höfðingskvinnan Vilborg var að hugsa fyrir 300 árum. Hugsanlega hefur henni þótt mikið til koma vandaðra kvæða sem jafnframt gátu haldið orðstír hennar á lofti. Ég vil þó setja fram þá tilgátu að Vilborgu hafi verið guðsorðið í bréfunum sérlega mikilvægt; að á þessum tímum hafi menn trúað á mátt bæna ekkert síður en mátt galdra. (Þetta sést t.d. á því að Bjarni er greinilega fenginn til að yrkja einhvern krankleika úr „Voladre *og* vanheille stulkukind“svo einhverjir hafa haft trú á að ljóðabæn myndi virka til lækninga.[179])

---

[175] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 166–170.
[176] „Nijundu Liod Vilborgu send“, 21. erindi.
[177] „Gofugre H.Quin*n*u Vilborgu Jonsdottur a felle j Hornaf*ir*de ljiod send 1710 um*m* sumarid med þij*n*gmon*n*um. Hindruhliod“, 19. erindi.
[178] „Siottu liód til Vilborgar“, 20.–21. erindi.
[179] „Voladre *og* vanheille stulkukind Gudru*n*u fin*n*boga dottur sendar eft*er*fylgjande vijsur“.

Í fyrsta bréfinu til Vilborgar í Lbs 838, 4to, lætur Bjarni að því liggja að hann nái eyrum guðs og bænir og fögur orð Vilborgu til handa muni verða áhrínsorð:

> En*n* þo eg aumur þion oft hafe lagan ton,
> hef eg þa hyra bon fyrer herrans Nadartron,
> ad a þi*er* hrijne huad hellst gott sem eg bad
> hj*er og* j huorn stad, heyre min*n* gud þad.[180]

Þótt Vilborg hafi sjálfsagt verið einlægur listunnandi og viljað styrkja þennan gamla og fátæka prest með gjöfum gegn góðum kvæðum held ég að henni hafi líka þótt muna um bænagjörð og blessanir í sömu ljóðum, enda tímarnir ótryggir, harðindi, sóttir og önnur óáran hrelldi fólk. Og Bjarni tekur skýrt fram „ad a þi*er* hrijne huad hellst gott sem eg bad“, bænirnar eru áhrínsorð og aumur þjóninn Bjarni nær eyrum guðs.

Af því að bréfin til Vilborgar eru svo mörg og svo löng hef ég tekið þann kostinn að fjalla um einstaka efnisþætti þeirra en ekki hvert ljóðabréf fyrir sig.

Efni bréfanna

Í öllum bréfunum má greina sömu efnisþætti,[181] þótt þættirnir fái misjafnt rúm hverju sinni og séu í mismunandi röð. Þessir efnisþættir eru:

- Ávarp til viðtakanda (Vilborgar);
- Blessunarorð og bænir;
- Ellin og ellimörk, þessu tengd er umfjöllun um hverfulleika lífsins;
- Fréttir úr héraði;
- Þakkir fyrir sendingu frá Vilborgu og staðhæft að guð launi;
- Beiðni um að brenna bréfið.

Ávarpið er langoftast „syster god“ eða tilbrigði við það. En þótt nútímamanni þyki eðlilegt að ávarpa viðtakanda í upphafi bréfs er það engin regla í bréfum Bjarna. Í fyrstu 4 ljóðunum er ávarpið í fyrsta erindi, í „Fimtu liodmæle til vilborgar“ er hún ávöpuð í 2. erindi sem „fræga kuinna að dygð og tru“, í „Sjöundu ljodmalum vilborgu til handa“ er hún ávörpuð í 4. erindi, í „Attundu ljodum til Vijlborgar“ er ávarpið í 6. erindi o.s.fr. Það

[180] „Göfugre höfdin*n*gs quin*n*u Vilborgu Jonsdott*ur* a Felle j Hornafirde: eft*er*fylgiande Liod send“, 4. erindi.
[181] Nákvæmari töflu yfir efnisþættina í öllum ljóðabréfunum má sjá á s. 12 í þessari ritgerð.

er engin regla í þessu því í „Nijundu Liodum Vilborgu send“ er ávarpið komið á ný í upphafserindi.

Blessunarorð og bænir fá talsvert rúm í kvæðunum. Sem dæmi mætti taka „Fiordu liod vilborgu send“, þar sem erindi 5– 8, eru bænir um að guð umvefji Vilborgu, að Vilborg sé sómi húss og vinur guðs, að her guðs gæti og hlinni að heimilinu og að Jesús muni taka vel á móti fjölskyldunni í næsta lífi. Í lokin á þessu kvæði er blessað aftur; dætur Vilborgar, í 30. erindi, og bæn fyrir öllum í fjölskyldunni í því 31. Nánast öll ljóðabréfin enda á blessunarorðum.

Ellin og ellimörk fá æ meira rúm eftir því sem Bjarni eldist. Ellikvæði virðast reyndar hafa verið í tísku meðal fyrirrennara Bjarna, t.d. „Elli–diktur“ afa hans, sr. Einars Sigurðssonar í Eydölum,[182] og „Ellifró“[183], eignuð sr, Jóni Magnússyni presti í Laufási, sem lifði 1601–1675. Hugsanlega byggir Bjarni því á gamalli hefð í sínum mörgu elliþáttum í ljóðabréfum og fáu ellikvæðum.

Oft notar hann ellina til að afsaka slæma skrift og óttalegt krot o.þ.h., sem sýnir hógværð hans í samskiptum við sinn bakhjarl, Vilborgu. Stundum tengir hann ellina við forgengileika lífsins og stundum eru lýsingar hans í sjúkraskýrslustíl. Sem dæmi um þetta síðartalda er:

> Foturin*n* völnar, sortnar synin, sigjur ad deyfe,
> læckar raust en*n* hiadna hendur
> huor þa fijngurin*n* ofugt stendur.
>
> Ein*n* vel fotur ungu*m* kropnu*m* adr lypte
> nu eru þrijr ad þiona kalle
> þo er a stundu*m* buid vid falle. [184]

Nánar verður fjallað um ellilýsingar Bjarna í næsta kafla.

Fastur þáttur í bréfum Bjarna til Vilborgar eru fréttir úr héraði. Þær hefjast nær alltaf á veðurfarslýsingu undanfarið, sagt er frá heyfeng og fiskigengd og hvernig allt hefur gengið almennt fyrir sig. Sé haft í huga að Bjarni var uppi á einu kaldasta skeiði Íslandssögunnar, er ekki undarlegt að hinar almennu fréttir séu oft litaðar af hörmungum:

---

[182] Þetta kvæði er prentað í *Vísnabók* Guðbrands biskups Þorlákssonar en má einnig skoða á *Sagnaneti*, http://sagnanet.is/saganet/?MIval=/SinglePage&Manuscript=405&Page=142&language=icelandic

[183] Sjá *Sagnanet*, http://sagnanet.is/saganet/?MIval=/SinglePage&Manuscript=405&Page=142&language=icelandic

[184] „Tiundu Liod til Vilborgar“, 3. og 4. erindi.

Yfer sier hafa vo *og* vaf a vesalldarbyle,
bolloks folke og barna skijle
buin*n* ma synast alldrtijle.

Upp er sopin*n* allur dropin*n* einginn penta
einginn klar nie kyrin henta
kiemur af sionu*m* lijtil renta.

Þo en*n* rijdur þijngra a sijdr þad ma seigia
nordr sueitu*m* bolid og beya
þar born og m*enn* j hungre deya.[185]

Inni í fréttahlutanum má stundum finna áminningu um að þakka guði og ádeilu á ýmislegt sem er Bjarna ekki að skapi, t.d. þegar illa statt fólk giftir sig og hefur búskap upp á von og óvon. Ef fólki fjölgar um of er líklegt að guð „grisji“ mannskapinn fljótlega:

Syslu folkid er furdu margt
fullur a barma kalkr huer
hygg eg ad kome hru*n*id snart
af h*e*nde g*ud*z sem lijklegt er.[186]

Síðar í sama bréfi er löng ádeila á héraðsmenn; Fólk er fégráðugt, brögótt, kaldlynt auk fleiri ókosta. Að sjálfsögðu mun guð refsa þessu fólki.[187]

Langveigamestu þakkir Bjarna fyrir góðar gjafir felast í þeirri vissu að guð eða Jesús muni launa Vilborgu eða þeim hjónum og það þúsundfallt! Dæmi um þetta eru:

Þusundfallda giof til giallda, gofugu hionu*m*,
jckur veite sæll j sionu*m*
sjalfur gud, þui treyste honum.[188]

So ad h*an*n borge sæll fyrer mig j sijnu vellde
þier, og likja j þusund lijde
þijnu*m*, dyrd og himnafride.[189]

Þótt Bjarni tali oftast um sig, í bréfunum til Vilborgar, sem auman þjón, fátækling, ellimóða prestskepnu o.þ.h. þá er augljóst að hann telur sig ná eyrum guðs. Trú hans á mátt guðs er óhögguð alla tíð og sama gildir um trú Bjarna á hjálpræði Jesú Krists.

Það er dálítið freistandi, eins og fyrr var sagt, að líta ekki svo á að Vilborg hafi verið bakhjarl fátæka listamannsins Bjarna, af ást á ljóðum hans eingöngu, heldur hafi hún trúað því að blessunar– og þakkarorð Bjarna hefðu máttinn í sér. 17. öldin var galdraöld;

[185] „Fiordu liod vilborgu send“, 16.–18. erindi.
[186] „Þridiu liod til Vilborgar“, 21. erindi.
[187] „Þridiu liod til Vilborgar“, 27.–32. erindi.
[188] „Þrettandu liod vilborgu send“, 19. erindi.
[189] „Tiundu Liod til vilborgar“, 15. erindi.

menn trúðu á mátt myrkraaflanna og óttuðust þau. Er ekki líklegt að trúarhitinn hafi einnig verið á hinn veginn? Er ekki líklegt að bænir og blessunarorð, sem þar að auki var búið að festa á blað, hafi virkað á þá himnafeðga og jafnvel tryggt manni góða fjárfestingu í himneskum sjóðum?

Nánast öll bréf Bjarna til Vilborgar enda á þeirri bón að brenna bréfið sem fyrst. Hann afsakar sig, telur kvæðin ekki nógu góð og vill ekki að neinn annar fái að lesa þau. Augljóslega ristir þessi hógværð Bjarna ekki sérlega djúpt úr því hann skrifar svo öll ljóðabréfin sjálfur upp og bindur í hefti, svo þau glatist ekki. Hógværðin er sprottin af sama meiði og afsakanir um lélega skrift og kámug blöð; hún er til að festa hlutverkin betur í sessi, þ.e. hlutverk Vilborgar sem æðri bakhjarls og hlutverk Bjarna sem lægra setts þiggjanda.

Myndmál í ljóðabréfum til Vilborgar

Hverfulleikinn

Mjög oft er hverfulleikinn táknaður með gróðri sem sölnar og er feykt á brott eða sleginn. Dæmi um slíkt er:

> Blomid solnar folldin folnar fer med skinde
> sumarid eins *og* sóp fyr*er* vinde
> sijgur leid af huorjum tinde.[190]

Tæpur helmingur „Elleftu lioda Vilborgu til handa“[191] fjallar á svipaðan hátt um hverfulleikann: Þar er dregin upp mynd af fífli á túni, sem státinn sýnir gyllt höfuðið mót sólu. En þetta varir einungis skamma stund og hvíthærður fífillinn beygist „í bugdu marga.“

> Han*n* kemur þa ut
> sem helldur á ljanu*m*
> ovægin*n* slær þa
> allt til hopa,
> ung blom *og* ny,
> engu þyrm*er*
> liggia þar j bland
> lilja *og* Rosin.[192]

[190] „Þrettándu liod vilborg send“, 1. erindi.
[191] „Elleptu liod Vilborgu til handa“, 2.–13. erindi.
[192] sama ljóðabréf, 5. erindi.

Augljós er samsvörunin við sálm sr. Hallgríms Péturssonar, „Allt eins og blómstið eina“. Það er þó hæpið að Bjarni sé að stæla Hallgrím; miklu líklegra er að myndin af manninum með ljáinn og blómunum sem falla í valinn sé vel þekkt *vanitas*–mynd. Um hinn fræga sálm sr. Hallgríms segir Margrét Eggertsdóttir:

> Fyrsta myndin af blómstrinu eina sýnir svo ekki verður um villst að hér er á ferðinni barokktexti; blómið sjálft, útlit þess og fegurð, er aukaatriði, gildi þess er fyrst og fremst að vera mynd forgengileikans; á sama hátt og blómið visnar endar mannlegt líf. ... En allt það sem virðist vera veruleiki og líf; hlaupandi æskan, fegurð, hefð og vald er ímyndun, sjónhverfing því að menn vaða „í villu og svíma“ (6. erindi). Raunveruleikinn sjálfur er dauðinn sem mun koma og láta allt þetta sem við blasir fölna, hrörna og deyja.[193]

Bjarni leggur, í sínu ljóðabréfi, strax út af blómstur–myndinni og heimfærir á eigin líkama:

> Daglega sie eg
> a daudlegu hollde
> mijnu merkijng þa
> sem mala ut grösin
> æsku blom og bar
> burt er horfid
> en ellikromin kolld
> komin j stadinn[194]

Hann rekur hvernig hann gaf hvorki gaum að blómum vallarins né réttu líferni; hann fyllti flokk þeirra „sem vid dufl *og* spil / druckner sátu“[195] og datt aldrei í hug að „drottin*n* mu*n*de /liettfæran kropp / lata stirna.“[196] En nú er Bjarna fullkomlega ljóst hve hverful æskan er og hvernig drottinn hefnir léttúðarinnar maklega:

> Nu er makleg hefnd
> komin ad kalle,
> áþrif ærid þu*n*g
> ellin veiter,
> hrornar heyrn *og* syn
> hendur skialfa
> tosar tu*n*gublad
> en*n* titra leggir[197]

Ellin verður æ fyrirferðarmeiri í ljóðabréfum Bjarna til Vilborgar, eins og áður hefur verið minnst á. En ellimyndirnar eru ekki bara raunsæ lýsing á högum og heilsu hans sjálfs; þær sýna einnig hverfulleikann í lífi hvers og eins. Bjarni hefur áttað sig á því að veralldar skrautið er einungis ómerkilegur draumur:

---

[193] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 302.
[194] „Elleptu lioð Vilborgu til handa“, 6. erindi.
[195] sama ljóðabréf, 11. erindi.
[196] sama ljóðabréf, 12. erindi.
[197] sama ljóðabréf, 13. erindi.

An*n*ad er j sem svuefne ad sia fyrer sofande man*n*e
veralladar skraut og volsid lijda
virdist mjer á öngu rijda [198]

Í sama ljóðabréfi talar hann um hvernig allt hrörnar með aldrinum, bæði líkami og hugur:

Eins er varið u*m* jn*n*ra man*n*sins edli og krafta
hiartad viljan*n*, huga og sin*n*e,
hrornar þetta ad reynslu min*n*e

Bjarni notar myndina af eldi sem er að brenna út í tveimur ljóðabréfum. Annars vegar segir hann: „Blæs að kolldu*m* kolana glodu*m* / kallin*n* ein*n* j Skriddalzreit“[199] hins vegar „Ellds i kolldu kolinu / neistin*n* komin*n* að dauda“.[200]Eldurinn sem kulnar er upplögð hverfulleikamynd en þess utan nefnir Bjarni víða hve hann sé orðinn kulsæll í ellinni svo kannski er bókstaflegur kulnandi eldur í hans augum með því versta sem getur hent mann.

Fyrir utan hefðbundnar hverfulleikamyndir vísar Bjarni í Hávamál. Hann er orðinn:

„eins og Eykin þar sem adr j blome var
hrakin af vinde hriad og forn hlyar ei lauf nei bar,
hnijgr ad fagre folldu fallin nidur ad moldu.[201]

Eykin sem er hrakin af vindi minnir á velþekkta mynd Hávamála af þöllinni, sem „hrörnar á þorpi ein / hlýrat henni börkur né barr“.[202] Reyndar fjallar þetta erindi Hávamála um nauðsyn þess að eiga einhvern að en Bjarni er í sínu kvæði orðinn að lasburða eik af ellikröm. Í erindinu á eftir dregur hann upp glæsilega *vanitas*–mynd:

Eins a odru*m* solna ungdoms blomid kan*n*,
rode og farvinn folna fagur u*m* likjamann
Jn*n*re gafan oll, eins um*m* hyggjuvöll
hjadnar sliofgast fellur frijs, fagurleg viskuholl
misser glans um*m* glugga gierer a allt að skugga. [203]

Forgengileiki lífsins er augljós í þessu erindi; líkaminn hrörnar en ekki hve síst hrörna vitsmunir einnig með aldrinum. Fjórtekningin (orðaklösunin) að viskuhöllin „hjadnar, sliofgast, fellur, frijs“ er feikilega áhrifamikil, svo ekki sé minnst á að allt sem maður sér eða upplifir muni í ellinni verða skuggi en ekki glans.

---

[198] „Tiundu Liod til Vilborgar“, 8. erindi.
[199] „Fimtu liodmæle til vilborgar“, 1. erindi.
[200] „Tiundu Liod til vilborgar“, 1. erindi.
[201] „Sjöundu liodmal vilborgu til handa, 1. erindi.
[202] Hávamál, 50. erindi.
[203] „Sjöundu liodmal vilborgu til handa“, 2. erindi.

Kenningar

Bjarni notar nokkuð af sígildum kenningum, ættuðum úr *Snorra–Eddu*. Einkum sjást þessar kenningar þegar hann talar um eigin skáldskap. Má nefna „Sonar bjalla“[204] ; „hratið hru*n*gis af Bodnar fylle“[205] eða „Sonar vijinið“[206]. Í „Siottu liódum til Vilborgar“ notar Bjarni fornyrðislag. Bragarhátturinn virðist valda því að mikið er af kenningum í þessu bréfi; má nefna „flotnis hlaup“, „odar bland“ og „þundarflód“ fyrir skáldskap.

Í öðru ljóðabréfi kvartar hann einmitt yfir því að þurfa að yrkja „stúfhendijnga liod til lijta“[207] Af þessu má ætla að Bjarni vilji fremur yrkja dýrt og geta notið sinnar skáldskapargáfu. Fornyrðislag þykir honum ekki dýrt kveðið en það virðist ýta undir eddukenningar, t.d.:

> Vijk eg þess vegna
> fra vandahattu*m*
> veglegu*m* þeim
> sem vijser kun*n*a
> bragleysa mij*n*
> *og* lijuflijngalag
> draga Durnis bat
> ad dopru nauste[208]

Í vísunni hér að ofan víkur Bjarni að því að yrkisefnið sjálft sé svo mikilvægt að því henti lágur stíll svo allir skilji. En notar þó kenninguna „Durnis bat“ fyrir skáldskap.

Vilborg er kennd við ýmislegt, t.d. kölluð „blominn flioda“ og „lindin spiallda“.[209] Hún er líka kennd við hæstu hæðir í himnaríki: „ædstur blóme á Drottins dome *og* dyrdarliome“[210], sem verður að kallast talsvert hástemmd lýsing.

Börn hennar eru kölluð „huilublom“ í mörgum bréfanna og eiginmaðurinn „hussins fader“ Báðar þessar kenningar eru algengar í öðrum ljóðabréfum Bjarna en almennt og yfirleitt eru kenningar yfir Vilborgu og fjölskyldu hennar afar rómantískar.

---

[204] „Gofugre H.Quin*n*u Vilborgu Jonsdóttur a felle j Hornaf*ir*de liod send. 1710 um*m* sumarid med þij*n*gmon*n*um. Hindruhliod“ 8. erindi og „Fiordu liod vilborgu send“, 1. erindi.
[205] „Nijundu Liod Vilborgu send“, 6. erindi.
[206] „Fiortandu liodmal til vilborgar 1709“, 31. erindi.
[207] „Tiundu Liod til Vilborgar“, 41. erindi. Þetta ljóðabréf er samt ekki stúfhent heldur braghent.
[208] „Elleptu liod Vilborgu til handa“, 14. erindi.
[209] „Þrettandu liod vilborg send“, 32. og 37. erindi.
[210] „Attundu liod til Vijlborgar“, 26. erindi.

Myndhverfingar og allegóríur

Líkingar eða myndhverfingar úr náttúrunni eru tíðar enda var Bjarni mikill náttúruunnandi. Hér er dæmi um slíkt, þar sem Kristur er hið bjarta ljós, sólin, sem miðlar tunglinu af sínu ljósi; tungsljósið föla er hins vegar villuljós og leiðir okkur á hálar brautir:

> Rödullin*n* midlar mana skin sem mæta fróder,
> liost er Christur lausnarin*n* gode
> liose blæs yfer Christnar þjoder.
>
> Hann er Sun*n*a, hann er prydin himinz og jardar
> sikur *og* vökve sin*n*ar hiardar,
> sem ad oss auma mest um vardar
> ...
> Allt um*m*byltist byrte tunglz og boda oss tijdum
> hála sælu j heimi vijdu*m*
> *og* hætta sott j daudastrijdu*m*. [211]

Áður var minnst á hverfulleikamyndina í ellefta ljóðabréfi til Vilborgar, þar sem stoltur fífill á túni sýnir gylltan krans móti sólu; gyllti kransinn hvítnar, fífillinn bognar og loks kemur hinn slyngi sláttumaður og þyrmir engu blómi. Af þessu dregur Bjarni lærdóm sem á við lífið allt; fánýtt skart æskunnar, köldu ellikrömina og loks dauðann. Honum er sólin hugstæð því hann kallar blóm „Solfylgiur“ og sjálfur „solarherran*n* har“ hefur skrýtt þau slíkri prýði.[212] Að lifa í Kristi er að lifa í skini hinnar sönnu sólar, eins og minnst er á í erindunum hér að ofan en láta ekki önnur daufari ljós, s.s. tunglið, sem þiggur birtu sína af sólunni, tæla sig af réttri leið. Jesús er sólin og einnig sykur og vökvi okkar aumu mannkindanna. Hér sést vel hvernig Bjarni notar himintunglin til að skerpa á kristilegum skilningi: Öllum hugnast bókstafleg sólin en sú er táknmynd Jesú Krists. Siðferðileg merking er að ef við höldum okkur við Jesú en ekki daufa eftirlíkingar (eins og tunglið) mun okkur vel farnast. Hjálpræðissöguleg merking er að Jesús er okkur mönnunum allt (birta, sykur og vökvi) og því beri að treysta honum sem blæs ljósi yfir kristnar þjóðir.

Í myndmáli Bjarna er oft minnt á að jarðlífið er tálsýn og hið raunverulega líf hefst eftir dauðann. Dauðinn bíður allra og því borgar sig ekki að safna sér jarðneskum fjársjóðum eða vera of buninn hinu veraldlega lífi.

---

[211] „Fiortandu liodmal til vilborgar 1709“, 1., 2. og 4. erindi.
[212] „Elleptu liod Vilborgu til handa“ 7. og 8. erindi.

Hér sést sem dæmi skýr hverfulleikamynd; að maðurinn sé ekkert og dauðinn bíði hans:

> Madurin*n* veykur, bogin*n* *og* bleikur, bratt sem reykur
> numin*n* burt fra yndi *og* aud.[213]

Að sjálfsögðu er eina traustið í hinni kvikulu og hverfulu veröld að hafa hjá guði.

Vísanir

Þótt Bjarni vísi að sjálfsögðu oftast í kristilegt efni heldur hann einnig upp á eddukvæði. Í „Attunda ljiodi til Vijlborgar" vísar hann beint í *Sæmundar–Eddu*, þannig:

> Sa hin gode samu*n*de frode j sijnu*m* ode
> miukan*n* læt*r* malz kindin*n*
> a þad min*n*a ei ad lin*n*a opt ad fin*n*a
> v*er*da og lijta vinin*n* sin*n*.[214]

Í næstu þremur erindum er svo vísað í vinakaflann í „Gestaþætti Hávamála"[215]. Áður hefur verið minnst á hve vísan um eikina sem hrörnar[216] minnir á þöllina í Hávamálum. Jón Marinó Samsonarson segir, í óbirtri cand. mag. ritgerð sinni um öll kvæði Bjarna:

> Þegar frá eru skilin einstök rit biblíunnar, einkum spekirit Salomons og Siraks og sálmar Davíðs veit ég ekki um neitt bókmenntaverk sem skýtur upp kollinum í kvæðum Bjarna jafn oft sem Hávamál. Án efa eru þau skáldinu mjög hugstæð. [217]

Í tíunda ljóðabréfinu til Vilborgar vísar Bjarni í Sólarljóð, sem oft eru talin með eddukvæðum:

> Guds son Jesus giefe mier ro *og* gledinnar rijke
> en hinum ollum lijkn er lifa[218]

Í „Siottu liódum til Vilborgar", erindum 5–7 og 23., telur Bjarni að hún eigi sjö börn, „Barna er siound sogd", og leggur síðan kristilega út af þeirri tölu.[219] Hann nefnir 7 lampa í helgidómi Krists. Þarna er vísað til lampanna sjö sem Aron setti upp í helgidómi

---

[213] „Attundu lid til Vijlborgar", 26. erindi.
[214] „Attundu liod til Vijlborgar", 2. erindi.
[215] Hávamál, erindi 42–46.
[216] „Sjöundu liodmal vilborgu til handa, 1. erindi.
[217] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 346. Tilvitnun birt með leyfi höfundar.
[218] „Tiundu Liod til vilborgar", 44. erindi. Sjá Sólarljóð, 82. erindi.
[219] Upplýsingar í *Íslendingabók* og í Manntalinu 1703 telja einungis 5 börn þeirra Ísleifs og Vilborgar. Hugsanlegt er að þau hafi átt börn sem dóu í bernsku eða Bjarni telji einhver fósturbörn með.

gyðinga.[220] Bjarni talar einnig um að lamparnir séu „liljur þijnar sio“ en ég finn ekkert sem þetta gæti vísað í, nema þá alkunnu staðreynd að liljan er tákn hins hreina eða þetta tákni 7 dætur (Bjarni nefnir dætur ýmist liljur eða rósir.) Sama gildir um að þær séu „sjofolld gafan god“; þar finn ég enga beina vísun en reikna með að Bjarni hafi höfuðdyggðirnar sjö í huga.

Dálitlu síðar, í 10. erindi þessa sama bréfs vísar Bjarni í Davíð sem slapp úr snörunni, fór „frij ... fiell eij daudann j“. Líkast til er vísað til 124. erindis Sálmanna, þar sem segir: „Sál vor slapp burt eins og fugl úr snöru fuglarans. Brast snaran, burt sluppum vér.“

Í „Þridiu liodum til Vilborgar“ er mikið af vísunum í *Biblíuna*. Mætti segja að fyrri hluti þess bréfs væri aðallega prédikun en síðari hlutinn aðallega ádeila. Hér verður sjónum beint að fyrri hlutanum, sem fjallar um það hvað orð guðs geti verið.

Fimmta erindið geymir alþekkta vísun; Orðið guðs er lampi og „lios a vegu*m* Christins man*n*s“; það afhjúpar vélabrögð óvina og vísar mönnum veginn til „himnaranns“. Hér er lagt út af velþekktum 119. Davíðssálmi, versi 105, þar sem segir: „Þitt orð er lampi fóta minna / og ljós á vegi mínum“.

Í sjötta erindi er orð guðs sagt vera „Speigill fagr *og* sprotin*n* væn*n* sem span*n*ar himin*n* oss j fra.“ Það er ekki ljóst hvaðan Bjarni tekur líkinguna um spegilinn:

> Eini staðurinn þar sem minnst er á spegil í NT er í Jakobsbréfinu (1,23): Því ef einhver er heyrandi orðsins og ekki gjörandi, þá er hann líkur manni, er skoðar andlit sitt í spegli. Hann skoðar sjálfan sig, fer burt og gleymir jafnskjótt hvernig hann var." Spegill er hins vegar nefndur þrisvar á nafn í GT – en í allt öðru samhengi.[221]

Orðin „spegill“ og „skuggsjá“ voru á miðöldum notuð um bækur sem áttu að vera mönnum fyrirmynd.[222] Ef til vill hefur Bjarni sjálfur því smíðað myndhverfingu um spegilinn; Að orð guðs sé spegill sem spannar heiminn og eigi að vera mönnunum stöðug

---

[220] „Tala þú við Aron og seg við hann: Þá er þú setur upp lampana, skulu lamparnir sjö varpa ljósi sínu fram undan ljósastikunni.“ Þriðja bók Móse 8:2.

[221] Eðvarð Ingólfsson. Úr tölvupósti til Hörpu 5. okt. 2006.

[222] Sbr. hina norsku *Konungsskuggsjá* og enska bók sem heitir *The Mirrour of Justices*, eftir Andrew Horne (d. 1328). Sjá einnig kvæði Arngríms ábóta Brandssonar um Guðmund góða, ort á 14. öld: „Mæra vilda ek skuggsjá skýra / skrautvaxinnar dygða brautar / orðum, þann er ei gaf fyrðum ...“ Hér er Guðmundur biskup væntanlega sú skýra dygðarinnar skuggsjá sem öðrum mönnum á að vera fyrirmynd.
Bjarni notar orðið „speigill“ í merkingunni „fyrirmynd“í „Heidurlegum s. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 9. erindi: „Þu hefur speigil, lindin lióma / lijka sied med pryde og soma...“ en þar er Bjarni að benda húsfreyjunni á að taka sér móður sína til fyrirmyndar í húsmóðurstörfum.

fyrirmynd. Það er í góðu samræmi við þá trú að orð guðs birtist mönnunum í „riti náttúrunnar“ ekkert síður en í *Biblíunni* sjálfri.

Væni sprotinn er líklega vísun í hinn alþekkta 23. Davíðssálm þar sem segir að mennirnir þurfi ekkert að óttast því „sproti þinn og stafur hugga mig“. Það liggur beint við að orð guðs sé huggun mannanna.

Í síðari hluta þessa erindis segir að orð guðs sé „oliukuistr edlagræn*n* / sem Ande drottins helldr á“. Olíukvisturinn gæti hvort heldur sem er verið stafur Arons, sem laufgaðist í eyðimörkinni[223] eða olíuviðarblaðið sem dúfan færði Nóa eftir syndaflóðið[224].

Sjöunda erindi segir að orðið Guðs sé kær hljómurinn hörpu Davíðs og vísar væntanlega til Davíðssálma. Næsta vísun, að orð guðs sé „hu*n*ang þad s*e*m lionid gaf“ vafðist mjög fyrir mér en ég fékk aðstoð, fyrr í vetur[225], sem bendir til þess að Bjarni vísi til Dómarabókarinnar:

> „Síðan fór Samson ofan og talaði við konuna, og hún geðjaðist augum hans. Eftir nokkurn tíma kom hann aftur að sækja hana. Vék hann þá af leið til þess að sjá dauða ljónið, og sjá, býflugur voru í ljónshræinu og hunang. Og hann tók það í lófa sér, hélt síðan áfram og át, og hann fór til föður síns og móður og gaf þeim, og þau átu. En ekki sagði hann þeim frá því, að hann hefði tekið hunangið úr ljónshræinu.“[226]
>
> ... „Þá sögðu borgarmenn við hann á sjöunda degi, áður en sól settist:
> „Hvað er sætara en hunang?
> Og hvað er sterkara en ljón?!“[227]

Það er mjög líklegt að Bjarni sé að vísa til þess að orð guðs sé sætara en hunang og sterkara en ljón út frá þessum texta Dómarabókarinnar.

Seinni hluti þessa erindis segir að orðið guðs sé „lifanda vatzins lindin skiær / s*e*m lijfsins flytr steirnin*n* af..“ Í Jóhannesarguðspjalli segir:

> Jesús svaraði henni: „Ef þú þekktir gjöf Guðs og vissir, hver sá er, sem segir við þig: „Gef mér að drekka,“ þá mundir þú biðja hann, og hann gæfi þér lifandi vatn.“
>
> ...
>
> Jesús svaraði: „Hvern sem drekkur af þessu vatni mun aftur þyrsta, en hvern sem drekkur af vatninu, er ég gef honum, mun aldrei þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind, sem streymir fram til eilífs lífs.“[228]

---

[223] Sjá Fjórðu Mósebók, 17
[224] Sjá Fyrstu Mósebók, 8
[225] Eðvarð Ingólfsson. Úr tölvupósti til Hörpu 5. okt. 2006.
[226] Dómarabókin 14:8
[227] Sr. Eðvarð Ingólfsson. Úr tölvupósti til Hörpu 5. okt. 2006.
[228] Jóhannesarguðspjall 4: 10 –13.

Orð guðs er lifandi vatnið en skæra lindin er frelsarinn Jesús Kristur. Jesús er steinn lífsins: „Að steinn lífsins fljóti af þessu vatni – þýðir að við eigum líf okkar og framtíð og eilífð undir Jesú Kristi.“[229]

Í næsta erindi er orð guðs kraftur guðs til að frelsa menn og olían sem aldrei þrýtur í ekkjukrús. Þetta er vísun í Fyrri bók konunganna 17:4:

> Mjölskjólan varð ekki tóm og viðsmjörið í krúsinni þraut ekki, samkvæmt orði Drottins, því er hann hafði talað fyrir munn Elía.

Þessi erindi sem hefjast á „Ordid guds“ virðast við fyrstu sýn afar einföld en eins og sýnt hefur verið fram á hér á undan er merking hverrar staðhæfingar miklu dýpri. Hver vísunin á fætur annarri þjónar þeim tilgangi að sýna okkur hve orð guðs er víðfeðmt; það huggar, það er okkur stöðug fyrirmynd eins og það birtist í náttúrunni, það er sætt og voldugt í senn, það ætti að fylla líf manns svo mann þyrsti ekki eftir öðru og loks kemur fram að ein táknmynd orðs guðs (lifandi vatnsins) er hjálpræði Jesú Krists. Ég tel að þessar vísanir sýni mjög víðtæka þekkingu Bjarna á *Biblíunni*. Þær sýna einnig að hann lítur upp til viðtakanda bréfsins, Vilborgar, og telur greinilega að svo menntaðri eða háttsettri konu henti eitthvað flóknara en yfirborðið eitt.

Eftir erindin sem geyma vísanirnar, 5.–8., leggur Bjarni út af þeim og biður Vilborgu að geyma orð guðs í hjarta, minnir á að Kristur hefur gætur á því að menn gefi af sér og því beri að leggja í sjóð á himnum. Hagi menn sér rétt mun lausnarinn koma og leiða menn í gegnum dauðans él í dýrð og fögnuð á himnum.[230]

Stílbrögð

Endurtekningar, sérstakleg þrítekningar, eru algengar í ljóðum Bjarna til Vilborgar. Dæmið hér á eftir sýnir þrítekningu „kued eg“ í upphafi vísuorðs, reyndar mætti kannski kalla þetta fjórtekningu:

> Kued eg husbondann
> kued eg þig likja,
> kued eg blessadan*n*
> barna skara,
> kued eg oll ydr
> af kiærleiksanda
> lofid l*ei*nge og sæl
> j lausnarans nafne.[231]

---

[229] Sr. Eðvarð Ingólfsson. Úr tölvupósti til Hörpu 5. okt. 2006.
[230] Sjá „Þridiu liod til Vilborgar“ 9.–15. erindi.
[231] „Elleptu liod Vilborgu til handa“, 39. erindi.

Næsta dæmi sýnir *paronmasia*, þ.e. að orð sem hljóma líkt eru sett saman,[232],í þessu tilviki orðin „Volldugur“, „velldis“ og „vallde“:

Volldugur hallde h*erra*n*n* trur yfer husi þijnu
velldis skyllde j vallde sij*n*u
voda fyr*er og* allre pijnu[233]

„Elleptu lioð Vilborgu til handa hefjast á formálsorðum sem eru rituð með gotnesku letri en ekki fljótaskrift, í Lbs 838, 4to. Hægt er að raða þessum orðum þannig í vísuorð:

Ydar lios, ydar hros, ydar sol sie
fridar hæle, forsæla, frijtt hlie
groda, hlijf, giæska , lifj
glede mur hus
dagr, some dyrd liome
Drottne Jesus.[234]

Þessi uppsetning minnir óneitanlega mjög á hástafinn V eins og Bjarni skrifaði hann. Það er auðvitað ómögulegt að vita hvernig ljóðabréfið til Vilborgar var sett upp því allar upplýsingar um ljóðabréf Bjarna eru frá honum sjálfum komnar. En mér finnst ekkert ólíklegt að í upphaflegri gerð hafi orðunum verið raðað svona til að búa til rímskraut handa velgerðakonu skáldsins.

Í umfjöllun þessarar ritgerðar um einstök kvæði eða kvæðaflokka er einnig fjallað um myndmál, stílbrögð og vísanir. Hér á undan var einungis miðað við ljóðabréfin til Vilborgar.

Guðrún Finnbogadóttir

Fyrsta kvæðið til Guðrúnar nefnist „Volaðre *og* vanheille stulkukind Guðru*n*u fin*n*boga dottur sendar eft*er*fylgjande vijsur“. Þótt vísurnar þrjár hafi verið sendar Guðrúnu er kvæðið allt fremur ópersónulegt og fjallar að litlu leyti um þessa Guðrúnu, hún er t.d. hvergi nefnd á nafn í kvæðinu. Fyrsta erindið er bæn fyrir góðri heilsu móður Guðrúnar og þriðja erindið fær Sigga, væntanlega systir Guðrúnar, sem er hvatning til að vinna vel.

Í miðerindinu er ávarp, reyndar nafnlaust: „Tijndu e*ck*e trulynd“ og Gunnu er ráðlagt að gleðja móður sína með ljóðum og samsöng löngum „að syngia Christe otuist“.

[232] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 292.
[233] „Fiortandu liodmal til vilborgar 1709“, 18. erindi.
[234] „Elleptu liod Vilborgu til handa“, tileinkunarorð í upphafi kvæðis.

Undir lokin er leikið með hugmyndina um guð sem einan og þrennan, segir: „yckur þrjar j astþocka/ ein*n og* þren*n*r gud hrein*n* blesse ...“

Af því að Bjarni sendi alls 10 ljóðabréf til þessarar stúlku vaknar vitaskuld forvitni um hver hún hafi verið og af hverju hann hóf að skrifa henni. Í Manntalinu 1703 er Guðrún Finnbogadóttir, 15 ára, til heimilis að Stóra Sandfelli, þar sem húsbóndinn er Eyrekur elldre, sonur Bjarna.[235] Í þessu sama manntali er Bjarni skráður til heimilis á Hallormsstað en árið eftir, 1704, leysti dóttir hans upp heimilið og flutti ásamt Bjarna að Stóra–Sandfelli.[236] Líklega er því fyrsta kvæðið ort fyrir 1704 og sent unglingnum Guðrúnu.

Það hve ljóðabréfið er ópersónulegt finnst mér benda til að það hafi verið ort eftir pöntun; að einhver sú vanheilsa hrjáði Guðrúnu sem menn teldu helst kristilegan skáldskap virka á. Húsbóndinn á Stóra–Sandfelli átti auðvitað hægt um vik að biðja um svoleiðis kristilegt lækningarkvæði frá Bjarna.

Í næsta kvæði, „En*n* aðrar til Gun*n*u“, er Gunnu gefin bæn og lögð áhersla á að bænin geri hug traustan og hjartað hraust. Síðan segir skáldið:

> Herran*n* vor hjalparfus
> heita villde Jesus
> in*n* j þitt hiartans hus
> holla ber læknis krus.[237]

Ef Gunnu batnar við að Jesús beri lækniskrús inn í hjarta finnst mér það benda til þess að veikindi hennar hafi verið af geðrænum toga, t.d. þunglyndi, því á þessum tíma voru tilfinningar taldar búa í hjartanu.. Fyrstu átta erindin í þessu kvæði eru öll um mikilvægi og náð Krists sem getur sigrað „alla óvina makt“ (4. erindi) og þessa bæn á að fara með kvölds og morgna. Þá mun heilsan komast í lag:

> Bæn þesse fogur *og* fijn,
> fer gun*n*a nu til þijn,
> paskaforn fegursta mij*n*
> fær*er* þier heilsuvijn.[238]

Líkingunni um vökva er haldið, lækniskrús Jesú verður heilsuvín þessarar bænar.

„Þridju vísur til Gun*n*u“ hefjast á staðhæfingu um að þetta séu gleðvísur og þrítekinni ósk um að græðarinn Jesus „veite lid / þin*n*e eymd j allre neyd *og* voda.“ Þrátt fyrir þessa upphafstilkynningu eru vísurnar hreint engar gamanvísur, heldur er hamrað á pínu Jesú Krists og hverfulleika lífsins til skiptis næstu fjögur erindin.

---

[235] http://www.skjalasafn.is/manntol/
[236] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 108.
[237] „En*n* adrar til Gun*n*u“, 3. erindi.
[238] „En*n* adrar til Gun*n*u“, 12. erindi.

Halltu fast vid heilaga þolinmæde,
gledin heims er völlt og veyk
verdur a morgu*n* kin*n*in bleik
þ*ei*m s*e*m elska þesse v*er*alldar giæde[239]

Hér eru settar fram andstæður þess að sýna æðruleysi, þ.e. halda fast við heilaga þolinmæði, og þess að elska gæði veralldarinnar um of. Gæði veraldarinnar eru hvikul og hverful: „Litla stund er lanaður farvin*n* raude / sem nu pryder mey eða man*n*“[240] en það fagra litaraft er máttlaust í sótt og dauða, segir í sama erindi.

Svo bregður allt í einu fyrir gamansömum og bjartsýnum tóni; Einar í Flögu gæti ferjað Gunnu yfir Geitdalsá og hún gætir fengið „fiskahnutu j fagran*n* mun*n* að tiggja“[241] Ein ellivísa og loks þrjár vísur með kveðjum til heimilismanna ljúka kvæðinu. Af kveðjunum er ljóst að nú vinnur Gunna í Geitdal því Bjarni biður að heilsa hjónunum þar, þeim Árna og Lukku. Svo virðist að systir hennar, Sigga, og móðir séu þarna líka. E.t.v. er Margrét Jónsdóttir, barnfóstra í Geitdal, móðir Gunnu.[242]

„Fiordu vijsur til Gudrunar“ hefjast á lýsingu á tíðarfari. Miklar rigningar og hret hafa valdið vexti í Grímsá svo enginn kemst til kirkju, segir Bjarni. En sólin mun skína á ný, ilman gæskuvíns drottins mun gleðja okkur og kannski getum við heimsótt hvort annað (eða öllu heldur kæmist mamma Gunnu í heimsókn til Bjarna).

Gunna er síðan áminnt um að vera dugleg að elska guð og biðja: „eins og liljan giedleg og græn / gerist þa salin fogur og vaen“ segir í 6. erindi Eftir þessa fögru samlíkingu kemur öllu drungalegri vísa um bóluna sem setur menn og fljóðin fögur og rjóð í„sorgar skolan*n*“.[243] Bólan er persónugerð og heldur skóla en það orðalag kemur víða fyrir í kvæðum Bjarna, t.d. í sérstökum kvæðaflokki um bóluna. Það eina sem Gunna getur gert, segir Bjarni, að að læra góðar lexíur svo hún geti annað hvort lifað eða dáið frjáls.

Kvæðinu lýkur á kveðju til húsbænda og móður Gunnu og „þigdu vel og stokuna geym“.[244] Hér er ekki orði á minnst að brenna kvæðið heldur þvert á móti að gæta þess vel. Bjarni þarf líka ekkert að vera með eitthvert uppgerðarlítillæti við óbreytta vinnukonu; aftur á móti hvetur hann hefðafrúna Vilborgu á Felli ævinlega til að eyðileggja bréfin frá sér því þau séu alls ekki nógu vel ort og skrifuð.

---

[239] „Þridju vijsur til Gunnu“. 2. erindi.
[240] „Þridju vijsur til Gunnu“, 4. erindi.
[241] „Þridju vijsur til Gunnu, 6. erindi.
[242] Manntal 1703
[243] „Fiordu visjur til Gudrunar“, 7. erindi.
[244] „Fiordu vijsur til Gudrunar“, 8. erindi.

Næsta ljóðabréf, „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bola gieck yffer“ er greinilega ort um svipað leyti og „Fiordu vijsur til Gudrunar“ þ.e. einhvern tíma bóluvorið 1708. Þá hefur bólan sett „skarpan*n* skola j skogum hier“[245] en ekki þýðir að æðrast heldur treysta ákvörðunum guðs:

> ad deyda *og* lifga drottins er
> daglega fin*n* eg þuilijkt a mier.[246]

Bjarni rekur hvernig bólan hafi lagst á heimilisfólk á Stóra–Sandfelli og svo kemur fram að Gunna hefur einnig tekið bóluna en náð bata. Viðhorf Bjarna kemur nútímamanni kannski dálítið spánskt fyrir sjónir því hann segir Gunnu, í 9. erindi, að guð hafi bjargað henni og gefið henni gleði með bólunni:

> Guds agiæta milldin mæta mi*n*tist þijn
> a sottar bede *og* gaf þier glede gunna mij*n*:
> bolan hætt med sarendu*m* sijn
> sendist þi*er* sem heilsun*n*ar vijn.[247]

Og hér eftir mun Gunna lofa guð, „sem liettir naud *og* lanið flest / giefr oss en*n*“[248] Hafi nú Gunna þjáðst af einhverri hryggð, jafnvel þunglyndi, eins og látið er að liggja í túlkun fyrri ljóðabréfa mætti túlka þetta 9. erindi sem boðskapinn „með illu skal illt útreka“. Úr því guð gaf Gunnu gleði með því að leyfa henni að lifa sóttina af, þarf hún ekki að hryggjast framar og þar af leiðandi má líta á bóluna sem lækningu, þ.e. „heilsun*n*ar vijn.“ Það þarf varla að taka fram að hafi þunglyndi gert Gunnu volaða og vesala, svo sem áður hefur verið rætt, er þessi hugsunarháttur Bjarna engan veginn í samræmi við læknavísindi nútímans.

Það sem eftir er í fimmta ljóðabréfinu eru mest kveðjur til fólks, sérstaklega til Möngu, móður Gunnu. Gunna má núna brenna skáldskapnum, væntanlega ljóðabréfinu:

> mijn er brotin mærd*ar* þiel
> mattu nu bren*n*a gam*m*fyglu miol.[249]

Svo kemur fram að Bjarni sendir gjafir með bréfinu: Vettlinga til lítils nafna síns og harðfisk til Gunnu, ásamt matreiðsluleiðbeiningum. Hann lýkur bréfinu á að biðja þær mæðgurnar að biðja fyrir sér.

---

[245] „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bola gieck yffer“ 2. erindi.
[246] „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bola gieck yffer“ 2. erindi.
[247] „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bola gieck yffer“, 9. erindi.
[248] „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bola gieck yffer“, 10. erindi.
[249] „Fimmtu v: til Gun*n*u þa Stora Bóla gieck yffer“, 12. erindi.

„Siöttu vijsur til Gun*n*u. Hindarhliod 1708“ hefjast á ávarpi eða ósk um að Gunna fái góðan daginn. Ekki virðist nú allt í lukkunnar velstandi hjá henni því strax í fyrsta erindi segir: „ber þú krossin*n* vel að vanda.“ Hver krossinn er kemur ekki fram en e.t.v. er um einhvers konar kvíða eða óyndi að ræða því Bjarni nýtir næstu tvö erindi í að sannfæra Gunnu um að guð gæti hennar, í lífi og dauða.[250]

Annars vegar er vísa um að guðs sonur gæti lamba og sauða og hræði grimman úlfinn á brott (meira að segja sér guðs sonur um að marka þetta sauðfé). Hér er vísað í Jóhannesarguðspjall 10:11 þar sem Jesús segir: „Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina.“ Hins vegar er vitnað í Davíð sem „segist ei kuidja daudans dal“[251] Bjarni segir síðan Gunnu að hún skuli trúa tállaust og því að henni verði búið veglegt hús á himnum.

Síðan koma tvær ellivísur; Bjarni er á róli og vinnur ull þegar honum er hlýtt og vanþakkar ekki skíðlogandi eld. Hann myndhverfir skáldskap sinn með því að segja að bagan „ofan dettur ur góma hlijdu*m*“[252] Seinna í kvæðinu notar hann kenningu úr Skáldskaparmálum *Snorra–Eddu* til að tákna skáldskapinn, þ.e. „Sonarvijn“[253].

Nokkrar vísur um heimilisfólkið og störf þess fylgja og svo koma aftur tvær ellivísur. Síðasta erindið eru kveðjur til húsbænda og hjúa, væntanlega í Geitdal, og nú vill Bjarni láta brenna ljóðabréfið:

> lifdu nu sæl en*n* lattu bren*n*a
> j loganda ellde hrostan*n* þen*n*a:[254]

Fyrstu ljóðin átti Gunna að geyma, jafnvel fara með oft, fimmta ljóðabréfið mátti brenna og í þetta sjötta bréf á hún að brenna.

„Attundu liod en*n* til Gun*n*u“ er nýárskveðja. Þetta er afar kristilegt kvæði.

2.–5. erindi fjalla um að menn ættu að þakka guði fyrir árið sem er að líða; gera sér grein fyrir að margt geti komið fyrir; minnt er á hinn illa Satan, hála heim og illt hold og margt annað þúsundfallt slæmt sem getur komið fyrir mann.

Þá víkur kvæðinu að guði; menn skulu lofa náð drottins (6. erindi) og vita að gjafir herrans eru óteljandi (7. erindi). 8. erindi segir:

---

[250] Í „Siöundu vijsum til Gun*n*u“ er einnig minnst á krossinn sem hún ber: „krossin*n* gun*n*a þar fyr*er* þin*n* / þigdu vel sem besta hnoss.“ 5. erindi.
[251] „Siottu vijsur til Gunnu. Hindarhliod 1708, 3. erindi. Þetta er alkunn vísun í Sálmana 23:4.
[252] „Siottu vijsur til Gunnu. Hindarhliod 1708“, 4. erindi.
[253] „Siottu vijsur til Gunnu. Hindarhliod 1708“, 10. erindi.
[254] „Siöttu vijsur til Gun*n*u. Hindarhliod 1708“, 11. erindi.

Tuofallt lijf er lienad huorjum
lifande man*n*e,
tuen*n* þui fædan huoru hlijder,
ef halldast skal vid skapada prijde

Líf hvers manns er sem sagt tvöfalt og hvor hlutinn þarf sérstaka næringu. Þetta skýrist í næsta erindi:

Salin lifer a sæde Christz fyrer
sæla truna,
lijkamin*n* þarf *og* limerner bæde,
ad lifa vid mat *og* dagleg klæde.[255]

Líkaminn þarf efnisleg gæði en sálin lifir á sæði Krists. Líklega hefur Bjarni í huga hina frægu dæmisögu Krists um sáðmanninn, sem gekk út að sá, og síðan kemur fram að sæðið er í rauninni orð guðs.[256]

Í þessum tveimur erindum er dregin mynd af tveimur aðskildum þáttum í lifanda lífi og hún kölluð „Tuofallt lijf". Til að lifa góðu lífi verður að sinna báðum þáttunum, fæða bæði þessi líf. Augljóslega þarf líkaminn mat og föt en ef.til vill er ekki eins augljóst að sálin þarf sæði Krists fyrir trúna, væntanlega guðs orð. Dæmisagan (allegórían) um sáðmanninn og túlkun hennar hlýtur að hafa verið á allra vitorði og engin ástæða til að skýra fyrir Gunnu hvert sæði Krists er.

Það sem eftir er þessa kvæðis er fremur staðlað; Árið hefur verið gott af hendi guðs (10. erindi); Guð gefur okkur daglegt brauð (11. erindi) og í lokaerindi er kveðja til Gunnu og móður hennar ásamt ósk um „giedfelld jol *og* gledin*n*ar vijn".

Í „Gudrúnu fin*n*bogadóttur ferskeytur sendar" er ávarpið ekki fyrr en í 5. erindi. Kvæðið hefst á lýsingu á ellinni, þar sem fjallað er um kulda og máttleysi og Bjarni segist „furdu þreyttur ad lifa."[257] Það er líklegt að þetta ljóðabréf sé sent 1709[258] og þá er Bjarni 88 ára gamall. Hann kvartar yfir að eiga erfitt með að yrkja, „hefur nu lina*n* hlioda streing" (3. erindi) og kannski geti hann ekki gefið Gunnu vísu (4. erindi). En þetta er að sjálfsögðu dæmi um kurteislegt lítillæti því kvæðið er 14 ferskeytlur og verður ekki merkt að Bjarna sé stirt um stef.

Enn er eitthvað að hjá Gunnu því hún á að virða kross Krists og líða með þolinmæði:

---

[255] „Attundu liod. en*n* til Gun*n*u", 9. erindi.
[256] Lúkas 8:5–8.
[257] „Gudrúnu fin*n*bogadottur ferskeytur sendar", 1. erindi.
[258] Á undan má finna ársett ljóðabréf „Siöttu vijsur til Gun*n*u. Hindarhliod 1708", og síðasta ljóðabréfið til Gunnu, sem er á eftir þessu ljóðabréfi, ber titilinn „Guðrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarið 1710".

Virtu nu Gun*n*a Christi kross
kölldu j lifjsins setre,[259]

og

Lijda og taka krossins Bal
kallt med þolinmæde, [260]

Það er víðar talað um krossinn sem lagður er á Gunnu, t.d. „Ber þu krossin*n*, krossin*n* prijder krossberandan*n*“[261] og „ber þu krossin*n* vel að vanda“.[262] Það getur auðvitað verið hvað sem er, sem Gunnu plagar, en í ljósi fyrstu ljóðabréfanna grunar mig að þetta sé geðrænn kvilli. Krossburðurinn kemur reyndar ekki við sögu fyrr en eftir að Gunna tók bóluna; kannski eru það bóluörin sem eru hennar kross eða fötlun af völdum bólunnar? Reyndar bendir Bjarni á, í „Bólukvæðum“[263] sínum að menn eigi að líta á bóluörin sem áminningu um kvöl og pínu Jesú Krists, bæði svipuhöggin og krossfestinguna. Þetta gerir seinni skýringuna, líkamlega fötlun af völdum bólunnar, mun líklegri, að mínu mati.

Bjarni snýr sér síðan að kveðjum og gjöfum, sem hann sendir með bréfinu. Móðir Gunnu, Manga, fær klút sem hún hafði sjálf áður gefið Bjarna. Í treflinum (klútnum?) eru þrír kertisstubbar; einn handa móðurinni, einn handa Gunnu og einn handa systurinni Siggu. Í kveðjuorðum virðist hann rugla saman systrunum: „Vertu nu sæl, en*n* Sigga mij*n*“[264] Lokaerindið fjallar um elli Bjarna og þar reiknar hann með að bæði hann og Gunna hittist á himnum fljótlega:

Ellin forna dotta og dus
driugt yfer kallinu*m* lagde:
Vid mu*n*um bæde j herrans hus
hafna ad skom*m*u bragde.[265]

Síðasta ljóðabréfið til Gunnu ber titilinn „Gudrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarið 1710“. Byrjunin er gamansöm því Bjarni segir sig vanta sköturoð og skinn til að skrifa á en fær ekki fyrir vinnukonunum.[266] Pappírsleysi hrjáir hann en nú hafi hann fundið þessa 30 ára gömlu örk, sem er viðkvæm fyrir pári. Miðað við að ljóðabréfið til

---

[259] „Gudrúnu fin*n*bogadóttur ferskeytur sendar“, 5. erindi.
[260] „Gudrúnu fin*n*bogadóttur ferskeytur sendar“, 7. erindi.
[261] Gudrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarid 1710, 21. erindi.
[262] „Siöttu vijsur til Gun*n*u. Hindarhliod 1708“, 1. erindi.
[263] Sjá efnisyfirlit yfir Lbs 838, 4to í lok II.bindis, þ.e. fylgiskjala ritgerðarinnar, og síðan á handritsdiski. Áminningarljóð Bjarna vegna stóru–bólu eru ekki til umfjöllunar í þessari ritgerð.
[264] „Gudrúnu fin*n*bogadóttur ferskeytur sendar“, 12. erindi.
[265] „Gudrúnu fin*n*bogadóttur ferskeytur sendar“, 14. erindi.
[266] Þennan sama brandara um sköturoð til að skrifa á má sjá í kvæðinu „On*n*ur gaman vijsa til Henrich“.

Gunnu eru 24 braghendur ætti ekki að taka yfirlýsingar um viðkvæmni pappírsins of hátíðlega, a.m.k. er tilskrifið ekki sparað.

Margar vísur í fyrri hluta ljóðabréfsins fjalla um ellina og ellimörk Bjarna. Honum er sífellt kalt og mátturinn þverr. Bjarni virðist nú vera mjög tilbúinn dauða sínum:

> Hans vil eg prijsa heilagt nafn *og* hiedan mig bua,
> jata synd, a Jesu*m* trua
> *og* jafnlega mier fra heime snua.[267]

Síðan tekur við fréttaþáttur með glensi enda er líklega ekki langt milli Bjarna og Gunnu og þar af leiðandi fátt um nýjar fréttir.[268] Hann nefnir að undanfarið hafi veður verið óvanalega hlýtt en þá mögli vinnufólkið yfirr hitanum sem guð sendi. Guð mun eflaust refsa mönnunum en vonandi taka tillit til þeirra sem sýna rétta iðrun:

> Þui er von ad vondurinn guds med valldid stranga,
> f*yrer* vor brot *og* breste ránga
> bradlega meige yfer oss ganga.
>
> Væge oss gud en vertu jafnan vijs u*m* þetta,
> h*an*n mu*n* synda tijman*n* lietta
> ef leitad er hans med jdran rietta.[269]

Móðir Gunnu biður að heilsa svo hún er stödd á sama bæ og Bjarni, „veik og luin“ segir hann.[270] Síðustu tvö erindin eru blessunarorð til Gunnu og til húsbænda hennar og þeirra barna.

Jón M. Samsonarson segir: „Ljóðabréfin til Guðrúnar eru að jafnaði næsta efnisrýr.“[271] Þessu er ég ekki sammála. Séu bornir saman tveir stærstu ljóðabréfaflokkarnir í Lbs 838, 4to, ljóðin til Vilborgar (15 ljóðabréf) og ljóðin til Gunnu (10 ljóðabréf) sést auðvitað undir eins að ljóðin til Vilborgar eru lengri, háfleygari, myndmál og vísanir flóknari o.s.fr. Hugsanlega mætti segja að ljóðin til Vilborgar væru ort í háum stíl en ljóðin til Gunnu í lágum stíl. Þó finnst mér þetta óþægileg skipting því ég tel að ljóðabréf hljóti, eðli miðilsins vegna, að forðast háan stíl og vera sem skiljanlegust, þótt ganga megi út frá mismunandi menntun og metnaði viðtakanda (og sendanda).

---

[267] „Gudrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarid 1710“, 7. erindi.
[268] Bjarni er á Hallormsstað og Guðrún líklega á Arnaldsstöðum, í Þingmúlakirkjusókn. þar sem Einar Sveinsson hreppstjóri býr. Þessi ályktun er dregin af síðasta erindi kvæðisins og upplýsingum í Manntali 1703. Á hinn bóginn virðist Henrich Bjarnason hafa flust á Arnaldsstaði á árinu 1710 því Bjarni sendir Guðnýju, konu Henrichs, ljóðabréf þangað.
[269] „Gudrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarið 1710“, 19. og 20. erindi.
[270] „Gudrunu fin*n*bogadott*er* vijsa send um*m* sumarið 1710“, 22. erindi.
[271] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 395.

Allir gætu orðið sammála um að miklu meira er borið í ljóð til Vilborgar. Gerir það ljóðabréfin til Gunnu efnisrýr? Að mínu viti er ekki svo.

Eftir að þau Bjarni og Guðrún kynnast (væntanlega 1704 og 1705, þegar þau eru samvistum að Stóra–Sandfelli) verða ljóðabréfin hans afar einlæg og tær. Hann vísar í *Biblíuna* stöku sinnum en notar þá alþekkt efni. Hann er sífellt að stappa stálinu í Gunnu, annað hvort með gamansömum lýsingum á einhverju eða leiðbeiningum um hvernig hún geti best rækt trú sína.

Gunna er 15 ára þegar hún fær fyrsta bréfið, hún er vinnukona sem flyst bæ af bæ og það er ekki einu sinni öruggt að hún hafi sjálf kunnað að lesa, sem gæti skýrt hvers vegna Bjarni leggur stundum að henni að eiga bréfin frá sér og geyma þau vel.

Bjarni velur stíl og efnistök eftir viðtakanda sínum[272] og Guðrúnu hentar tært og einfalt mál þótt efnið sé oft mikilvægt, frá guðrækilegu sjónarhorni. Vilborgu, sem er miklu hærra sett en Bjarni og auk þess hans bakhjarl, henta flúruð kvæði og flókið myndmál. Menntamenn eða háttsettir valdsmenn, sem Bjarni skrifar líka, þurfa sumir dýrt kveðin kvæði, til þess að Bjarni geti sýnt kunnáttu sína. Þau dýrt kveðnu kvæði eru hins vegar stundum ansi efnisrýr.

Heiðarlegir kennimenn í Múlasýslu

Bjarni sendir nokkrum kennimönnum í Múlasýslu ljóðabréf og raðar þeim í sitt handrit undir fyrirsögninni: „Efterfylgia Nockur liód og Vijsur til heidr legra kien*n*e man*n*a j Mula Syslu.“

Í þessum ljóðabréfakafla Bjarna eru tvö ljóðabréf send sr. Guttormi „að hans bon“. Sá er líkast til Guttormur Sigfússon, prestur að Hólmastað í Reyðarfjarðarhreppi, sbr. Manntalið 1703. Annað þessara kvæða, „Heidurlegu*m* S. Gutorme min*n*ijngar vijsa send ad h*a*ns bon ept*er* sin*n* fod*ur*brodur. Gudmu*n*d Thomasson. 1699“ er hefðbundið erfiljóð. Hitt kvæðið „En*n* adrar til S.Gutorms ept*er* h*a*ns bon sem h*an*n sende j Kaupinhafn.“ líkist meira ljóðabréfi en hefðbundnu erfiljóði en er ort í orðastað Guttorms og sent Magdalenu, ekkju Marteins Nielssonar. Marteinn þessi hefur verið kaupmaður í Reyðarfirði. Í fylgiskjölum með þessari ritgerð má sjá bæði ljóðin en þau falla utan

[272] Sjá formála Bjarna að ljóðahandritinu Lbs 838, 4to, s.17 í þessari ritgerð.

efnisins „ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar“ þó ekki væri nema vegna þess að þetta eru pöntuð kvæði til ákveðins brúks og aldrei kemur til tals að Bjarni sendi þessi bréf sjálfur.

Páll Ámundason, prófastur

Strax á eftir fyrirsögninni um heiðarlegu kennimennina fylgir ljóðabréf til prófastsins, Páls Ámundasonar, Kolfreyjustað, Fáskrúðsfjarðarhreppi. Efni ljóðabréfsins er hefðbundið og felst einkum í blessunum. Í upphafi er vísun í blindu mennina sem Jesús læknaði[273] og síðan er minnst á freistingar Satans, sem sáir eitri hvar sem hann nær. Viðtakandi, Páll, er ekki ávarpaður fyrr en í 4. erindi en þar er hann ekki bara kallaður prófastur heldur einnig „höfuð presta“. Síðar í ljóðabréfinu eru notaðar kenningarnar „kappi guds“ „vijngards hirder“ og „fromudur Messu“.

Bjarni lýtur prófastinum djúpt þegar hann segir:

> Villde eg minstur a molldu
> medal guds þióna, tiedu*m*
> yfer preste fylgd fasta [274]

Að sjálfsögðu keyrir þessi hógvæð algerlega úr hófi fram og sennilega er lítið að marka þessa staðhæfingu. Hún er sjálfsagt til þess að sýna að Bjarni kann sig þegar hann yrkir til fyrirmanna og til að hann sjáist gera sér ljósa þá óumbreytanlegu tignar– og virðingarröð sem ríkti á þessum tímum.

Síðan taka við blessun yfir Páli og fjölskyldu hans, ósk um að sem flest ungt fólk finni guð og loks ósk um velgengni Páls og „sælu kjör“ þegar „ut er runni*n* æfin“.[275]

Séra Guðmundur Árnason að Hallormsstað

Bjarni sendir séra Guðmundi tvö ljóðabréf og eitt bréf til konunnar hans. Hann hefur þekkt Guðmund náið því sá síðarnefndi tók að einhverju leyti við embætti á Hallormsstað þegar þar var prestlaust, á árabilinu 1702–4, meðan Bjarni dvaldi þar í skjóli dóttur sinnar. Guðmundur lést í bólunni 1708.[276]

Svo virðist sem Guðmundur hafi ljóðað á Bjarna og kveðið dýrt og Bjarni varð að greiða í sömu mynt.

---

[273] Mattheusarguðspjall 9:27–32.
[274] „Profastinum S.Pale Amundasine þessar“, 6. erindi.
[275] „Profastinum S.Pale Amundasine þessar“, 9 erindi.
[276] *Íslendingabók.*

Fyrra bréfið, „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“ hefst á 12 vísuorða erindi, þar sem 3., 6., 9. og 12. vísuorð ríma. Þetta er fallegt erindi um hve Jesús geti verið margt í lífi mannanna:

> Jesus ydar lifj, liós
> og leidin vere farargreid,
> broder blijde min*n*,
> himna stige, hædst blóm,
> hella, skiolid dagur, sól,
> bæde ut og jn*n*,
> huijla fridur, forsæla,
> ...[277]

Jesús er andstæðurnar sólin og forsælan, himna stigi og traust hella og síðan ótal margt annað, miðað við orðaklösun í þessu erindi. Dæmigert ávarp þegar Bjarni skrifar karlmönnum en „broder blijde“, sem sést einmitt í þessu erindi.

Í næstu erindum talar Bjarni um hve gott er að Guðmundur stríði fyrir guð, undir hans sigurmerki, og hve gott er að hann skuli hafa eignast fagra kvinnu og unga brúði.[278] Kvæðið verður svo æ ruglingslegra sem á það líður. Það er fjallað um allt mögulegt og umfjöllun hvorki tengd saman né færð nein rök fyrir niðurskipan efnis. Að mínu mati er þetta með óreiðukenndustu ljóðabréfum Bjarna. Kannski er ástæðan sú að hann er að reyna að sýnast fyrir Guðmundi og flagga sinni þekkingu óþarflega mikið, sem kemur niður á byggingu ljóðsins.

Bjarni víkur snemma að miklu uppáhaldsyrkisefni sínu, sem eru húsmóðurskyldur og húsmóðurdyggðir. Hann ávarpar konu Guðmundar, Solveigu, í 4. erindi, „edla syster mijn“, í 8. og 9. erindi talar hann um móður Solveigar sem bar af öllum konum á sinni tíð. Solveig á að taka móður sína og fyrrverandi húsmóður sína til fyrirmyndar í öllu:

> Þu hefur speigil, lindin lióma
> lijka sied med pryde og soma,
> gofugre Modr hussins hjá,
> namid gott *og* natturu giæde
> nockur er von ad af sjer fæde
> grodurin*n* þan*n* s*e*m gagn*n*a ma.[279]

---

[277] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 1. erindi.
[278] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 3. erindi. Þetta er dálítið undarlegt í ljósi þess að Solveig, kona Guðmundar, var þremur árum eldri en hann.
[279] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 9. erindi.

Kenningin „lindin lióma“ á við Solveigu, hún hefur „speigil“, sem væntanlega táknar „fyrirsögn“ eða „fyrirmynd“[280] og svo hefur hún lært sitt af hverju í vinnukonuvist. Bjarni heldur áfram að leggja Solveigu ráðin í næstu erindum.

Í miðju ljóðabréfinu blessar Bjarni húsbændur og hjú og þrítekur það sem hann á við með farsælld: „heilsa, lijf *og* biarg*a*r þörfin / ahrærande folk og fied.“[281]

Svo fer hann að tala um ljóð frá Guðmundi, sem reynt var að ráða í um kvöld, við lampa, en árangurslaust:

> Handskrift þijn, min*n* blijde broder,
> borin var med hu*a*rma sloder
> mij*n*ar kiær a kuollde þiu,
> augun fjogur ad liose latin*n*
> lijtt u*m* sau ad yrde mátin*n*
> lidlega fundin*n* lesinu j.[282]

Þegar birti af degi tókst að lesa bréf Guðmundar og Bjarni hrósar honum fyrir hve dýrt var kveðið:

> Þacka eg briefid, broder kiære,
> böndu*m* vafid *og* orda fære
> dyru miog af durnis feing [283]

Bjarni segist líka sjá að bragarhátturinn er kymblaband og telur að laglega tengdur skáldskapurinn sýni hið forna orðtak:

> fatt er liott á fogru*m* Balldre
> fordum gatu slijkan*n* alldrei,
> aftur feingid Asiamen*n*.[284]

Þá tekur við hinn ófrávíkjanlegi elliþáttur, sem Bjarni kemur að í nánast hverju einasta ljóðabréfi sem hann sendir. Hann byrjar:

> Þad er nu fra mj*er* fatt ad seijga
> ad sijgur a kallin*n* vetrarbeya [285]

---

[280] Sbr. hina norsku *Konungsskuggsjá* og enska bók sem heitir *The Mirrour of Justices*, eftir Andrew Horne (d. 1328).
[281] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 13. erindi.
[282] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 15. erindi. Ég tel að klausan „augun fjogur“ vísi til þess að Bjarni hafi átt og notað gleraugu.
[283] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 19. erindi.
[284] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 16. og 17. erindi. Í sama erindi talar Bjarni um „Lódins log“ sem Guðmundur er flinkur að tengja í kvæði. Vísunin í 17. erindi er auðvitað í *Snorra–Eddu* og er eitt dæmi af mörgum sem sýna að Bjarni hefur verið vel að sér í fornum fræðum. Ósjálfrátt grunar lesanda að þarna sé Bjarni að sýna eigin þekkingu sem andsvar við hinu dýrt kveðna kvæði Guðmundar.
[285] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 21. erindi.

Bæði beygjan og árstíðin eru kunnugleg úr öðrum ljóðabréfum hans; hann líkir ellinni oft við vetur og tekur oft þannig til orða að ellin beygi sig niður að moldu, ýmist þá með vísuna í söguna af glímu Ása-Þórs við Elli kerlingu[286] eða kristilega vísun í að hold er mold.

Ellivísurnar þrjár sem nú taka við eru ósköp hefðbundnar: Bjarna er kalt, bakið bognar, fingur fölna, erfitt verður um mál o.s.fr. Þó nefnir hann hér trega og eftirsjá eftir fyrri kröftum, sem er hreint ekkert alltaf að finna í elli–þáttum ljóðabréfa Bjarna. Þetta sést í 23. erindi:

Kalast eg mikid kyrkjuveigin*n*,
kjemur j briostid sorg *og* treyin*n*
þegar eg huxa um*m* hægdar kior
fyrre dagan*n*a morgu unna
þa matte eg sia og jafnan fin*n*a
drottins hug t*il* heilla mij*er*

Bjarni huggar sig við það að græðarinn muni sækja sig von bráðar í dýrlega himnavist, hann geti því sætt sig við að „lijda litla duol*er*“ þangað til. Traust Bjarna á drottin er óbugað eins og sést í þessu fallega erindi þar sem orðaklösun er notuð til að sýna alger yfirráð herrans yfir tíma og rúmi:

Dagar, stunder, alldur og æfe,
utan ad herran*n* nad til giæfe
eingin giæde giefa af sier,
han*n* ein*n* rædur himne vijdu*m*,
haudre, sió og öllum lijdu*m*,
heilsu fjör og lánid lier[287]

Eftir nokkur erindi um guð og guðs blessun kúvendir Bjarni yfir í kjaftasögur sem hann segir engar vera aðrar en marklausan vaðal flökkufólks. Svo víkur talinu að sög, til að saga tros; Síðan að skáldskap Guðmundar, þar sem Bjarni sparar ekki fornar kenningar og vísanir í *Snorra–Eddu*:

Ydur broder bid eg ad leggia
bauner hárs og son*ar* dreggja
leir, j ydar skickjuskaut:
kallin*n* forn af fidre skieggja,
fengin*n* þan*n* sem hnie til veggja
j skalldfifla skiptu*m* hlaut[288]

[286] Gylfaginning *Snorra–Eddu*, 47. kafli.
[287] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 26. erindi.
[288] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 32. erindi.

Eftir hefðbundin blessunarorð endar Bjarni á ósk um að brenna þessum ómerkilega skáldskap og kveður svo hjónin á latínu:

> kastid j elldinn hrugnis(svo!) hrete.
> j heilogu*m* Gude nunc valete,
> blessud hjonin bæde þid.[289]

Það er dálítið einkennilegt að sjá eddukenningu, heilagan Guð og „lifið nú heil“ á latínu, allt í sama erindispartinum. Þó má líta á þetta sem smækkaða mynd af ljóðabréfinu í heild en það er einmitt fremur sundurlaust og þar farið óskipulega yfir víðan völl.

Hitt bréfið til Guðmundar ber yfirskriftina: „En*n* til S. Gudmu*n*dar. skothendur 1707“. Ég get ekki betur séð en bragarhátturinn sé ferskeyttur, með venjulegu endarími, þátt yfir titil ljóðabréfins. Aftur á móti er dýrt ort, sbr. upphafserindið:

> Skurna láer, hrijmfrost hamla
> hyrnis eysu*m*
> bændu*m* þv*err*a bruman gamla
> ad benda ad hreysum[290]

Þetta kvæði er miklu betur skipulagt en fyrra kvæðið til sr. Guðmundar og líkist í efnisflokkun mörgum öðrum ljóðabréfum Bjarna.

Fyrst er fjallað um tíðafar og veðurlag, sem hefur verið með versta móti. Síðan tekur við bálkur um ellina og ellimörk. Þátturinn um tíðafar og sá um ellina eru tengdir saman:

> Hun afmyndar, skiekur skiæler
> skiepnu frijda,
> eins og vindar vist odæler
> vetrartijda.[291]

Heyrn, minni, mælsku, fót og hönd afmyndar ellin og Bjarni þjáist einnig af svefnleysi, e.t.v. vegna kulda og vegna verkja. „Í barokktextum kemur gjarnan fram áhugi á forgengileika líkamans, að lýsa eyðingu holdins.“[292] Ítrekaðar ellilýsingar Bjarna í ljóðabréfum til flestra gætu fallið undir slíkan áhuga. En svo getur auðvitað vel verið að þetta bága líkamsástand og stöðugir verkir hafi einfaldlega verið honum mjög ofarlega í huga enda hefur þetta drjúg áhrif á líf hans á hverjum degi.

Í þessu volaða ástandi gladdist Bjarni mjög yfir „skartbúnu“ bréfi sr. Guðmundar, sem varð honum ljós í myrki og „ellimuggan“ þokaði frá um stund. Einhverjum kjaftasögum,

---

[289] „Heidurlegum S. Gudmu*n*de Arnasine ad Hallormst. liod send“, 34. erindi.
[290] „bruman“ merkir „skammdegið“ skv. Jóni Marinó Samsonarsyni. 1960a, s. 283.
[291] „En*n* til S. Gudmu*n*dar. skothendur 1707“, 8. erindi.
[292] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 139.

um siðugt eða ósiðugt kvendi, eru þeir félagar að smjatta á sín á milli en í þær er erfitt að ráða.[293]

Næsti stóri efnisbálkurinn í þessu ljóðabréfi fjallar um bóluna, sem er sennilega rétt ókomin því bréfið virðist skrifað um vetur 1707 og bólan grasseraði á Austurlandi fljótlega eftir áramótin 1708. Bjarni bendir á að margir hafi látist undanfarið og að drottins vöndur hafi áfallið fólk. Sennilega hefur bjargarleysi vegna tíðafarsins valdið því. En nú verði fljótlega ljóst:

> huort s*e*m Bolan hel eda fjör
> oss hefur ad færa.[294]

Eina ráðið er að halda um Krist og vera ávallt tilbúinn að deyja:

> Lijda, þreya, þola so huad
> sem þungt kan*n* vera,
> lifa og deyja lijke nu þad
> þeim liufa h*er*ra. [295]

Síðustu vísurnar eru blessun yfir ektamaka, börnum og heimkynnum og von um að guðs vörn „so vodan*n* ei fin*n*e“, þ.e. bóluna. Í lokin eru latínufrasar. Ég held að þeir séu bara til skrauts en merkingin ekki mikilvæg.

Solveig Árnadóttir, kona sr. Guðmundar

„Hans elskulegre eckta quin*n*u Solveigu Arnadóttr vijsa send“ er bréf Bjarna til konu sr. Guðmundar og er samhengisins vegna haft í þessum kafla ritgerðarinnar.

Hluti ljóðabréfsins er kankvís og yfir því öllu gleðilegur tónn, svo ólíklegt er að það sé skrifað syrgjandi ekkju. Af blessunarorðum í síðasta erindinu sést líka að sr. Guðmundur er enn á lífi.[296] Það má því tímasetja þetta bréf fyrir bóluveturinn 1708 (bólan gekk á útmánuðum það ár og fram á vor).

Bréfið hefst á einni ellivísu, síðan koma hlýleg orð til Solveigar þar sem Bjarni segir að guð launi fyrir sig. Solveig er ávörpuð í 2. erindi, „mijn syster“ sem er staðlað ávarp hans til kvenna. Næstu erindi fjalla um hlutverk húsmóður í réttri trúariðkun og um Jesús, sem gaf Solveigu nafn sitt því Jesús er samnefndur sólunni:

---

[293] „En*n* til S. Gudmu*n*dar. skothendur 1707“, 14.–17. erindi.
[294] „En*n* til S. Gudmu*n*dar. skothendur 1707“, 24. erindi.
[295] „En*n* til S. Gudmu*n*dar. skothendur 1707“, 27. erindi. Þetta minnir á kvæði sem Bjarni sendi tengdadóttur sinni á bóluvetri, þar sem segir: „Eg þreye, eg bijd, eg a under þui, / þo rautt kome regnsky...“ Sjá „Han*n*s [Henrichs] ecktaquin*n*u Guðrun*n* Á.d. visja send á Bolu vetre“, 18. erindi.
[296] „Hans elskulegre eckta quin*n*u Solveigu Arnadóttr vijsa send“, 23. erindi.

Vor Jesus, sæl solin san*n*nefndr er,
sitt nafn h*an*n gaf þi*er*
sitt nafn h*an*n gaf þi*er* og sin*n* astarkoss,
dyrt mu*n*tu meta þad myskunar hnoss.[297]

Hér er búið að tengja fyrri hluta nafns Solveigar við Jesús, tenging síðari hluta nafnsins er rétt á eftir:

ad renne ospart su veigin j vil,
vin þijnu*m* Jesu hans barna til.[298]

Eftir að hafa fjallað um hve gott hjónaband Solveigar er, segir Bjarni frá erfiðri heimferð, e.t.v. úr heimsókn til þeirra hjóna. Þá fylgja tvö erindi sem eru einhvers konar endurlit Bjarna, til æsku sinnar og hve grunlaus og einfaldur hann var í þá daga. Fyrra erindið er svona:

Fast helldid verdr þad fyrst numid er
fin*n* eg þad á mier
finn eg þad á mier þui heimsku*n*a *og* hy
hiellt eg s*e*m gimstein þa æska*n* var ny[299]

Bjarni vitnar í nokkrum vísum í alþekkt ævintýri um Naglasúpuna en lýkur svo ljóðabréfinu með tveimur blessunarvísum, þar sem s. Guðmundur er blessaður líka.

Sr. Bjarni Einarsson

Bjarni sendir þessum nafna sínum eitt ljóðabréf: „Heidurlegum S. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“.[300] Í fyrsta erindinu er þessum heiðursmanni í Ási, í Tungu– og Fellnahreppi, lýst, án þess að Bjarni beinlínis ávarpi hann. Bjarni í Ási er góður við volaða og til að undirstrika það raðar bréfritari upp orðaklösun yfir hjartalag og miskunn nafna síns:

Ordunu*m* fylger edlistamt
agiætt hiarta og mysku*n* samt
voludu*m* drottins lijku ad lia,
leyfa og mykia rauna þra
hysa, ala og hjukrun veita huar sem ma[301]

---

[297] „Hans elskulegre eckta quin*n*u Solveigu Arnadóttr vijsa send“, 7. erindi.
[298] „Hans elskulegre eckta quin*n*u Solveigu Arnadóttr vijsa send“, 9. erindi.
[299] „Hans elskulegre eckta quin*n*u Solveigu Arnadóttr vijsa send“,16. erindi.
[300] Jón Marinó Samsonarson segir um bragarháttinn: „Uppáhaldsháttur Bjarna meðal nýrra hátta er fimm vísuorð, rím aabbb. ... Bjarni nefnir vísur undir hættinum dunhendur. Hátturinn er gamall í íslenskum kveðskap.“ Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960. s. 213.
[301] „Heidurlegum s. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“, 2. erindi.

Önnur orðaklösun er skömmu síðar í kvæðinu, þar sem Bjarni lýsir ýmsum þáttum í miskunn Guðs:

> Lofad hefir þui godur gud,
> ad giefa blessun, lijf og aud,
> gott afkuæme, gnægd og fie,
> glede og ró j Christnin*n*e
> hjonu*m* þeim sem min*n*ast eins og eitt holld sie.[302]

Svo snýr Bjarni sér að eiginkonunni, sem hann skírði sjálfur fyrir löngu, og telur upp ýmsa hennar húsmóður– og guðhræðslukosti. Börn hjónanna fjögur eru öll á lífi og Bjarni segist þekkja synina Stefán og Einar vel; hugsanlega voru þeir í skóla hjá honum.[303] Hann talar einkar vel um bræðurnar, kallar þá „blisfærendur lifanda guds“ og segir að þeir séu „god*er* kuister af godu trie“.[304]Synir Jósefs, Ephramis og Manasse,[305] munu blessa bræðurna í Ási.

Bjarni blessar svo systurnar tvær og heimilið, biður síðan húsfreyjuna að kunna að meta þessi lélegu (gömlu) kvæði, orðað í kenningunni „Golnis virt“, frá svo gömlum karli. Þessi þrjú erindi byrja öll á orðunum „Bid eg ...“[306] og virðist öllum beint til húsfreyju.

Í 15. erindi afsakar Bjarni skriftina og lýsir ellimörkum sínum á þennan krassandi hátt: „talid, þánke og ræna rekin j rugl og skol“. Hann blessar síðan alla, einu sinni enn, í 16. erindi en í lokaerindinu biður hann um brenna bréfið sitt:

> Skil eg nu a um*m* skrifid og blad
> ad skule Vulcanus eiga þad
> j helgifórn ad þiggja af þier[307]

Svo virðist sem Bjarni vilji miklast af þekkingu sinni í þessu kvæði eða sýna hve vel hann er að sér í ýmsum fræðum. Hann vitnar í 1. Mósebók, síðan í heiðna kenningu, þ.e. „Golnis virt“ yfir skáldskap, og í lokin vitnar hann í rómverska goðafræði með því að tala um eldguðinn Vulcanus. Hann kveður líka kunningja sinn með latínuslettunni „multu*m* vale“, eiginlega „lifðu vel“, í síðasta erindinu.

---

[302] „Heidurlegum s. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“, 4. erindi.
[303] Sjá „Heidurlegum s. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“, 9. erindi. Þetta nám hefur þó sennilegast ekki verið stundað í Þingmúla því bræðurnir eru 10 og 7 ára, í Manntalinu 1703, ári eftir að Bjarni flutti úr Þingmúla.
[304] „Heidurlegum s. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“, 10.–11. erindi.
[305] 1. Mósebók 46:20.
[306] „Heidurlegum S. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“,12.–14. erindi.
[307] „Heidurlegum S. Bjarna e.s. ad Asstad, du*n*h*e*ndr send*ar*“, 17. erindi.

Sr. Ólafur Ásmundsson

Í eiginhandriti Bjarna er eitt ljóðabréf til sr. Ólafs að Kirkjubæ, Tungu– og Fellnahreppi, eða öllu heldur til þeirra hjóna beggja. Þetta er stutt bréf, ekki nema fjögur erindi, ort undir dróttkvæðum hætti en slík kvæði kallar Bjarni kallar áttmælur.

Fyrri hluti ljóðabréfsins fjallar um mikilvægi þess að forðast Satan, sem „sæker ad netja“[308]og er ein af 3 þústum gegn guði (hinar tvær eru seimurinn, þ.e. jarðneks auðæfi og holldið).

Lífið er stöðugur bardagi milli Satans og Krists og auðvitað eiga menn að fylkja sér undir sterku sigurmerki Krists og sýna „von, tar og tru hreina“ í þessari baráttu.[309]

Í þriðja erindi biður Bjarni guð fyrir börn þeirra Sr. Ólafs og eiginkonu hans. Þar bendir hann einnig á að nám, væntanlega einkum kristilegur fróðleikur, geti verið vörn gegn hættu.

Í síðasta erindinu blessar Bjarni alla í Kirkjubæ, bæði í þessu lífi og því næsta, þegar fólkið fær að skrýðast í „solar klædin“ hjá Kristi.

Þetta ljóðabréf til Sr. Ólafs í Kirkjubæ sker sig talsvert úr öðrum ljóðabréfum í handritinu af því það er svo stutt. Í því er heldur ekkert nýtt að finna, sömu hugmyndir, yrkisefni og framsetningu má sjá í mörgum öðrum ljóðabréfum Bjarna.

Bessi Guðmundsson

Í þessum kennimannahluta handritsins er einnig að finna bréf til sýslumannsa. Annað þeirra ljóðabréfan er „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“ en Bessi bjó á Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi. Þetta er langt kvæði og á köflum glæsilega ort. Um það eru ekki allir endilega sammála því Jón Marinó Samsonarson segir:

> Svo virðist sem Bjarni grípi stundum til áttmælunnar, þegar hann vill hafa mikið við, t.d. í ljóðabréfum til sýslumanna Þó mun enginn háttur láta skáldinu verr.[310]

Fyrstu 9 erindin hefjast öll á orðinu „Nytt“ , reyndar hefst 7. erindi á „Nyja“. Tilefnið (*topos*) er nýtt ár sem Bjarni leggur svo út af á ýmsa vegu. Fyrsta erindið kemur

---

[308] „Heidurlegu*m* S. Olafe Asmundsine ad Kyrkiubæ“, 1. erindi.
[309] „Heidurlegu*m* S. Olafe Asmundsine ad Kyrkiubæ“, 2. erindi.
[310] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 182.

nútímamanni ekki á óvart því það er áskorun um að „gera upp gamla árið“ þ.e. að minnast náðar guðs og einnig gráta þau gömlu víti.

Næsta erindi segir að enn sé oss lánað nýtt orð drottins. Síðan er aftur minnst á náð drottins og:

> þren*n* er han*n*s bera ut brun*n*ar
> blessan daglega þessa
> himin, lad og votn vijdu,
> valld er slijkt mikid ad hallda.[311]

Vald guðs er vissulega mikið þegar sýnt er fram á að brunnar blessunar hans séu himinn, láð og vötn, þ.e. allur hinn sýnilegi heimur. Talsvert síðar í ljóðabréfinu er þetta áréttað:

> han*n*, sem a himne þren*n*um
> hefur rad, sjó og lade; [312]

Þennan vetur er asahláka um áramót, sem sýnir einmitt óskorað vald drottins yfir veðri og vindum. Um þetta fjalla 4. og 5. erindi. Meira að segja sauðkindin fyllist fjöri og vill fara að ganga úti, jafnvel á fjall:

> Nytt er ad gengur ad gnóttu*m*
> god hiord um lands suordu
> og hefir nu hellst ódofin
> hylligrös si*er* t*il* fylla
> feit nog med leiklatu*m*,
> langar til med fotsprange
> hatt vid hraun og kletta,
> hjer og þar, fyrir ad berast [313]

Þetta er afar spaugileg mynd af ánum um miðjan vetur og áhrifamikil, eins og ávallt þegar Bjarni bregður upp náttúrulífsmyndum, í kvæðum sínum.

Næstu erindi fjalla aðallega um náð guðs, sem lýsir veg til Paradísar og dóttir hans, sólin,[314] vottar ást guðs. Satan vill hrinda okkur í stórsyndir en guð heldur honum frá okkur ef við höfum hreina trú. Í þessu 8. erindi er Satan myndhverfður í úlf en úlfur hefur á öllum tímum verið talin slæg og svikul skepna, þótt engir finnist úlfar á Íslandi. Ef til vill hefur Bjarni ósjálfrátt haft Skoll, úlfinn sem gleypir sólina skv. Völuspá og *Snorra–Eddu*, í huga úr því hann var að yrkja um sólina.

---

[311] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 3. erindi.
[312] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 14. erindi.
[313] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 5. erindi.
[314] Mér finnst þessi staðhæfing, í 6. erindi, dálítið skrítin því hugmyndin um sólina sem dóttur drottins minnir óneitanlega á jörðina sem dóttur Óðins.

Níunda erindi bregður upp hverfulleikanum og hve stutt er milli lífs og dauða. Í rauninni er þetta listi yfir allt sem getur komið fyrir og orðið manni að aldurtila, þegar minnst varir:

> Nytt kiemur opt til ama
> angur med hugraun lángre
> vina misser og muna,
> man*n*skade og og slijkt an*n*ad.
> hættár, hungur, sótter,
> hrijddrep, feller vijda,
> brune, strijd bradur daudi,
> bon*n*ud hjalp öll af mön*n*um.[315]

Í þessari orðaklösun er svolítil stígandi; frá vinamissi til þess að vera útlægur úr mannlegu samfélagi (bönnuð hjálp öll af mönnum). Á hinn bóginn er erfitt að meta einn dauðdaga öðrum léttari, t.d. mannskaða og bráðan dauða, svo varla verður talað um stígandi í þeirri umfjöllun.

Eftir þetta er áréttað að varast villu og vantrú, að menn eigi að þeyta herlúðra fyrir merki Krists og iðrast, því blóð hans er syndaaflausn mönnunum. Á móti þessari syndaaflausn eigi menn að lofa bót og betrun. Við verðum að gera allt til æru guðs því uppgjörið (gialltijd) kemur um síðir.[316] Í 11. erindi er talað um heit orð herrans sem ná að „bleita þurt man*n*s þelid og hiarta / ad þyda god verde um*m* sijder.“ Þessi málsgrein kallast á við lýsingarnar á asahlákunni, í 4. og 5. erindi.

14. erindi hefst þannig: „Ydur guds madurin*n* gode“. Líklega er þetta ávarp til Bessa sýslumanns en það er þá í fyrsta og síðasta sinn sem hann er ávarpaður í þessu ljóðabréfi.

Lokahrina ljóðabréfsins er áfram á kristilegum nótum; minnst er á að Jesús mettar alla og æskilegt sé að vera börn hans, minnt á að gera vel við þurfalinga, viðtakandi fær blessunarorð og lokaerindið er glæsilegt:

> Lijdur stund, lifjid endast,
> lijdur flestallt, u*m* sijder
> lijder Gud late rada,
> lijd nú vel og hart strijdu*m*:
> strijd þegar ein fer ydar
> önd hrein skilin fra meinu*m*
> synge lof sætt og leinge,
> sólbiort fyrer Guds Stole.[317]

---

[315] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 9. erindi.
[316] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 10.–13. erindi
[317] „Virdulegu*m* syslumann*n*e Bessa Gudmu*n*dsine attmælur send*ar*“, 19. erindi.

Í erindinu er *paronmasia*, þ.e. klifað á orðunum „lijdur“ og samhljómandi orðum þótt þau séu merkingarlega óskyld. Fyrsta línan, „Lijdur stund, lifjid endast“ minnir okkur á að jarðlífið er stundlegt og því muni ljúka. Lokin á erindinu, þegar „önd hrein skilin fra meinu*m*“ syngur sólbjört fyrir Guðs stóli minnir okkur á hinn bóginn á hið eilífa líf þar sem engar kvalir finnast og allt er bjart og hlýtt.

Björn Pétursson

Dálítið aftar en kenni–og valdsmannakvæðin Bjarna eru má finna stutt ljóðabréf með yfirskriftinni: „Virduglegu*m* syslumann*n*e Birne Pieturs: vijsa send“. Björn bjó að Burstafelli í Vopnafjarðarhreppi. Af því þetta ljóðabréf er efnislega skylt þeim sem fjallað hefur verið um á undan er það látið fylgja þeim flokki.

Þetta er dýrt kveðin áttmæla (dróttkvæði), t.d. eru í fyrsta erindinu þrjár hendingar í hverju vísuorði.

Viðtakandi er ávarpaður strax í upphafi, með orðunum „Ydar goda giedpryde“. Síðar í kvæðinu eru ávörpin „ydar milldin margfölld“ og „ydar náde“. Þessi ávörp sýna hvernig Bjarni bugtar sig og beygir fyrir Birni sýslumanni. Það er reyndar óvenjulegt að sjá svona mörg ávörp því oft virðist undir hælinn lagt hvenær Bjarni ávarpar viðtakendur ljóðabréfa sinna eða hvort hann gerir það yfirleitt.

Vegna dýrleika kvæðisins er stundum erfitt að sjá hvað Bjarni er að fara en í megindráttum virðist það nokkurn veginn þetta: Skjalla Björn sýslumann í fyrsta erindi; tala um eigin elli og ellimörk í öðru erindi, skjall og dulbúin beiðni um tóbak í því þriðja og loks blessun yfir öllum á heimilinu í fjórða og síðasta erindinu.

Hin bljúga ósk um tóbak er dulbúin þannig að Bjarni segist sjálfur mundu senda Birni sýslumanni tóbak ef hann bara ætti það til:

> Senda munde kallkind,
> kiæmist hun j þan*n* slæm
> ydar milldin margfölld
> sem morgu*m* veiter glede biörg,
> snuid laufe so kallt kuef
> kugist fra j nefssug
> ellebrekin of mikil
> ydar náde forrad.[318]

[318] „Virduglegu*m* syslumann*n*e Birne Pieturs: vijsa send“, 3. erindi.

Þótt Bjarni bjóði enga borgun, ekki „guð laun fyrir mig“ eins og hann gerir oft fyrir gjafir þá segir hann í blessunarorðum, í lokaerindi, „eg um mæle“, sem ljáir blessuninni áhrínsblæ. Hafi menn almennt verið trúaðir á áhrifamátt blessunar í bundnu máli er ekki að efa að Bjarni hefur fengið sitt tóbak.

Hér hefur verið fjallað um bréf Bjarna Gissurarsonar til kennimanna og sýslumanna. Það er augljóst að hann hefur mikið við þegar hann yrkir til sýslumannanna, bæði hvað varðar form og efnistök. Þessi kvæði eru skreytt rækilega, jafnvel svo að erfitt er að skilja þau, t.d. kvæðið til Björns. Bréfin til prestanna (og einnar prestfrúar) eru í léttari stíl enda virðast þessir nágrannar Bjarna vera ágætis kunningjar hans, auk þess að vera embættismenn. Prófasturinn Páll Ámundason fær kannski formfastasta bréfið sem ýtir undir þá skoðun að Bjarni hafi almennt notað háan stíl, a.m.k. dýrar ort, til þeirra sem eru háttsettir en lægri (og jafnvel meira leikandi) stíl fyrir aðra. Þetta er þó alls ekki algilt því Bjarni flaggar sinni kunnáttu rækilega við sr. Guðmund á Hallormsstað en sá hefur stundað að yrkja afar dýr kvæði til Bjarna, skv. umfjöllun í ljóðabréfum til hans.

Það var dálítið erfitt að takmarka efnið í þessum ljóðabréfaflokki. Veldur það að margir af kunningjum og vinum Bjarna, sem er fjallað um í næsta kafla, eru hreppstjórar og þar með embættismenn. Í handriti kemur strax eftir ljóðabréfinu til Bessa sýslumanns, „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“. Ljóðið fjallar vissulega um þessi börn en eru örugglega ort og sent til að ganga í augun á foreldrum þeirra, sérstaklega sr. Ólafi. Ég ákvað að raða því ljóði með vinum og kunningjum, ásamt fleiri ljóðum sem ég tel í og með vera ort fyrir foreldra viðtakenda.. Á hinn bóginn má halda því fram að sr. Guðmundur á Hallormsstað hafi miklu fremur verið vinur Bjarna en embættismaður og kollegi. Vegna stöðu ljóðabréfanna til hans,í handritinu, fengu þau að standa í þessum kafla sem er að ljúka.

Niðurstaðan er að skilin milli vina og kunningja annars vegar og hins vegar valdsmanna eða presta eru afar óljós. Veldur því einna helst hve viðtakendur Bjarna búa á þröngu svæði og hljóta þ.a.l. allir að vera kunningjar hans.[319] Ég hef reynt að fylgja

[319] Sjá kort bls. 24 í þessari ritgerð.

skiptingu Bjarna sjálfs að svo miklu leyti sem það er hægt en stend uppi með vafasama flokkun á nokkrum kvæðum, eins og rakið er hér á undan.

Vinir og kunningjar

Hér verða fyrst talin ljóðabréf sem ég tel að séu aðallega ort til að ganga í augun á foreldri eða foreldrum viðkomandi. Þetta eru þrjú ljóðabréf til barna eða unglinga.

Börn sr. Ólafs Stefánssonar í Vallanesi

„Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“ eru, eins og nafnið bendir til, dróttkvæðar vísur um börn sr. Ólafs Stefánssonar Ólafssonar. Faðir sr. Ólafs var náfrændi Bjarna og á sínum tíma góður vinur hans. Sjálfsagt hefur hann einnig viljað vingast við soninn í sama prestakalli.

Í ljóðabréfinu er ein áttmæla til hverrar systur og svo þrjár til bróðurins yngsta. Áttmælurnar ganga mest út á að skýra nafn hvers barns, t.d.: „Helgunin fylger Helgu“, „feste kiör fögur Kristij*n* / fyst hún hlaut Nafn af Christe“[320]
Undan hverri áttmælu er nafn barnsins, í þágufalli, skrifað með gotnesku letri, og hefur líklega verið svo í upphaflegu gerðinni, því bréfi sem Bjarni sendi.

Margrét Eggertsdóttir hefur bent á að í evrópskum tækifæriskvæðum sem bera sterk barokk–einkenni hafi reynt mjög á:

> *inventio* (upphugsun) skáldsins eða hugmyndaauðgi. Ein gjöfulasta uppspretta slíkra atriða í tækifæriskvæðum var nafnið, gjarnan nafn þess sem ort var um. Höfundur sem vildi leggja út af nafni þess ávarpaða gat valið milli eftirtalinna kosta: Hann gat notað samlíkingu (*collatione*) með því að vísa til annarrar persónu með svipuðu nafni úr goðafræðinni, Biblíunni eða mannkynssögunni eða með því að nota andstæðu (*oppositione*), stillt upp persónu sem er gjörólík þeirri sem um er rætt. En einkum og sérílagi mátti nota merkingu nafnsins sjálfs (*significatione*) og var það sérstaklega vinsæl aðferð.[321]

Bjarni leikur sér með merkingu hvers nafns í þessum áttmælum. Hann er reyndar í dálitlum vandræðum með Helgu en kemst á verulegt flug með Kristínu, Margréti, Guðrúnu og Stefán.

Um Helgu segir að sú blíða brúður hafi verið þvegin í fagurrjóðu blóði Krists.[322] Ég er ekki viss um hvað er við er átt en kannski hefur Helga nýlega verið fermd og þegið

---

[320] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 1. og 2. erindi.
[321] Margrét Eggertsdóttir. 2005, s. 243.
[322] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“,1. erindi.

heilagt sakramenti. Þetta getur staðist því Helga var 9 ára árið 1703 og gæti ljóðabréfið sem best verið ort 1708–1709.

Í erindinu um Kristínu er að sjálfsögðu leikið og snúið með nöfn Krists og Kristínar á ýmsa vegu.

Áttmælan um Margréti sýnir sama misskilning og í ljóðabréfi Bjarna til sonardóttur sinnar, Margrétar Eyreksdóttur,[323] sem er að Margrét þýði gimsteinn:

Margretar man eg heite,
ma nafn he*nnar* jafnast
hier vid gimstein godan*n*
sem geing*ur* er *og* vanfenigin*n*:[324]

Guðrún er augljóslega tengd við guð. Nafnið verður henni leiðarvísir gegnum lífið.

Þótt systurnar fjórar fái eitt erindi hver fær bróðirinn Stefán, sem er yngstur systkinanna, þrjú erindi. Í því fyrsta felur Bjarni Stefán guði. Í hinum tveimur er leikið með merkingu nafnsins Stefán sem „er komið úr grísku *Stephanas*, af *stéphanos* 'kóróna, 'höfuðsveigur,.“[325] Dæmi um þetta er:

Kronu og Krantzin*n* hreina
kalla eg vel til fallid
þyder nafn þetta hid goda [326]

Stefáni er beðið blessunar í 7. erindinu og vonast til að hann verði kynsæll og beri „Krantz rjettlætis“ síðar meir.

Seinustu erindin eru blessun yfir börnum, hjónum og búi. Þar ávarpar Bjarni sr. Ólaf, annars vegar „min*n* brode*r*“[327] og hins vegar „edla broder“[328]. Blessunin er falleg og innileg, t.d.:

jckur hion heidurs vænu
og huijlublom vafin j soma
feleg af huga heilu*m*
j handaskjol g*ud*z lifanda[329]

Bjarni tekur oft þannig til orða í blessun, þ.e. að óska þess að viðkomandi verði vafin í gæsku guðs eða Krists eða, eins og hér, í sóma. Hvílublóm notar hann margoft sem

---

[323] „Ein vijsa til Margretar“ þar sem er leikið með *telestichon*, þ.e. síðustu stafir hvers erindis mynda samanlagt orðið GIMSTEIRN.
[324] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 3. erindi. Hið rétta er að Margrét þýðir perla. Sjá Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni. 1991, s. 402.
[325] Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991, s. 509.
[326] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 6. erindi.
[327] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 8. erindi.
[328] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 9. erindi.
[329] „Börnu*m* s.Olafs ad Vallanese áttmælur sendar“, 8. erindi.

myndhverfingu fyrir börn. Það er því ósköp sorglegt að vita til þess að af börnunum, sem áttmælurnar hlutu í veganesti, dóu þrjár dætranna ungar og sú sem lifði, Margrét, varð „mjög geðveik“, skv. tilvitnun í Espólín. Ekkert segir af afdrifum Stefáns en hann virðist ekki hafa eignast neina afkomendur. [330]

Jón Ísleifsson á Felli við Hornafjörð

Hitt ljóðabréfið sem eflaust var hugsað til að vingast enn betur við foreldra viðtakanda, í þessu tilviki móður hans, er „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“. Jón var sonur Vilborgar sem reyndist Bjarna svo vel að kalla mætti hana bakhjarl hans. Faðir Jóns var Ísleifur sýslumaður. Í uppsetningu Bjarna í eiginhandritinu er ljóðabréfinu til Jóns raðað inn í syrpu ljóðabréfa til móður hans.

Í kvæðinu til Jóns er leikið með andstæðurnar æsku og elli sem og hvernig líkja megi ævi manns við sumar og vetur. Ljóðabréfið hefst á tilkynningu um ástand skáldsins:

> Örvasa kallin*n* uppgiefin*n* nær
> aumur og vanfær [331]

Skömmu síðar lítur Bjarni um öxl og lýsir lausung sinni í bernsku og á unglingsárum:

> Ungur eg stu*n*dade leikin*n og* lat,
> lijtt hafde eg gat
> *lijtt hafde eg gat* huad leiddist af þui
> lijkaman*n* ad temja v*id* hoppin *og* hij[332]

Samkvæmt því sem á eftir segir í ljóðabréfinu er svona áhyggjulaust háttalag hreint ekki gott. Verðmætamat brenglaðist svo hann virti sjálfræði, lausung og leikspil sem gimstein en í rauninni var það eitthvað sem blés burt með vindum, sem sagt hverfult og lítils virði.[333]

Svo snýr Bjarni sér að því að sýna Jóni hvernig líf manns er tvöfallt; æviskeiðin eru tvo:

> Æfe man*n*s deilldirnar olijkar tuær
> eru so miog þær
> *eru so miog þær* sem arstijdin huor
> j mynd er tuofalldar umbreyter sier.[334]

---

[330] Upplýsingar um Ólaf Stefánsson í *Íslendingabók*.
[331] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 1. erindi.
[332] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 3. erindi.
[333] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 4. erindi.
[334] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 4. erindi.

Eins og þarna segir eru æviskeiðin mjög lík árstíðum. Bjarni byrjar á að lýsa vetrinum og gerir talsvert úr því hversu grimmur og kaldur og harður veturinn getur verið. Veturinn getur umbylt öllu og eyðilagt allt. Síðan tengir hann saman vetur og elli:

> So sem ad veturinn vægdarlaus er
> þa valldinu nær hier
> *þa valldinu nær hier* a vesolldu*m* man*nz*,
> eins gior*er* ellin v*id* sin*n* omaga krans.[335]

Eftir þessa skýringu kemur erindi þar sem andstæðunum elli og æsku („ungt lijfid“) og vetri og sumri, í lífi skáldsins og lífi viðtakanda ljóðabréfsins, er brugðið upp:

> Ellin*n*ar veturinn aþynger mier:
> en*n* þig min*n* brod*er*
> *enn þig minn broder* og ungt lijfid þitt
> upglansar su*m*arid med agiæte sitt.[336]

Nú skiptir líka um yrkisefni. Reyndar er eitt erindi fyrst þar sem nafn Jóns er sagt þýða náð, sem er einkar heppilegt í sambandi hans við guð.[337]

Svo er sumrinu í lífi Jóns lýst: „Natturun*n*ar liosid lijse þj*er* ad spekt“,[338] sem er andstætt vetrarlífi öldungsins Bjarna: „*grijman er forlong* en*n* dagsbirtan dauf“.[339]

Nú skyldi maður ætla að Bjarni gerði sér mat úr þessum andstæðum sem hann er búinn að undirbúa svo vel. Það gerir hann þó ekki heldur fylgja fremur sundurlausar vísur, þar sem Bjarni þakkar m.a. fyrir gjöf, segist sjálfur senda peningskorn með þessu bréfi en nefnir síðan það væri gott að fá skæði í næstu gjöf. Það er ómögulegt að vita hversu gamall Jón Ísleifsson er þegar hann fær bréfið, hann er fæddur 1694, en Bjarni stingur upp á því að hann eyði peningnum í „ölskrusar jl“[340]. Vonandi er strákurinn kominn sæmilega til vits og ára til að fara eftir svona uppástungu.[341]

Sjálfur kvartar Bjarni yfir að bréfið sé „klickad *og* klest“ og segir sér til afbötunar:

> *er* klorid á blad fest þad kamleita gler
> safna tekur gliju j sjonbauga mier[342]

---

[335] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 12. erindi.
[336] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 13. erindi.
[337] „Nafnið er ... hebreskt að uppruna, *Jochananan* og merkir eiginlega ‘guð hefur sýnt miskunn’. ... Af þessu nafni eru leidd nöfnin –> *Jón* ...“ í Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni frá Arnarvatni. 1991, s. 343.
[338] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 16. erindi.
[339] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 8. erindi.
[340] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 21. erindi.
[341] Það er dálítið gaman að bera þessa ráðleggingu saman við ráðleggingu Bjarna til Gissurar, dóttursonar síns, í Kaupmannahöfn en þar var Gissuri mjög tekinn vari fyrir drykkjuskap, sjá „En*n* vijsur sendar Gissure j Kaupinhafn 1705“, 10. erindi.
[342] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 22. erindi.

Það er spurning hvert hið kámleita gler er. Notar Bjarni stækkunargler? Eða eru þetta gleraugu? Eða kenning fyrir dapra augnsjón?

Síðustu tvö erindi þessa ljóðabréfs eru blessun yfir viðtakanda. Þar er Jóni og systkinum hans beðið blessunar guðs og m.a. skrifar Bjarni:

> Lausnarans a brjostunu*m* ligdu nu spakt
> lattu þi*er* þad sagt.[343]

Hann notar þessa líkingu, að liggja á brjósum lausnarans, einnig í ljóðabréfi til móður Jóns:

> Jesus kiose hja þjer huijld og hus ad þiggja,
> a þo ad meige urin*n* skyggja
> under hans skallt vid brjostin liggja[344]

Kristín Eyreksdóttir

Þessi Kristín er dóttir Eyreks Sölvasonar, sem tók við embætti sóknarprests í Þingmúla, af Bjarna, árið 1701 og gegndi því til dauðadags, 1731. Áður hafði Eyrekur verið prestur í Mjóafirði í nokkur ár.[345] Það má því ætla að þeir Bjarni hafi þekkst ágætlega. Yfirbragð ljóðsins bendir til þess að Kristín sé lítil stúlka.

Ljóðið til hennar hefst á lýsingu á veðri og tíðarfari, sem hefur verið með allra versta móti nú á þorra, svo ávarpar hann Kristínu í næsta erindi en eyðir máli sínu í lýsingu á ellimörkum. Það er ekki fyrr en í þriðju vísu sem hann snýr sér að henni og segir:

> Miukan*n* fot hefur meyan þyda,
> mun ogiarnan fyrer þui kuijda
> a þo ad falle sull *og* suad, [346]

Kristín er engin pempía, kemur skýrt fram, og að Bjarni sendir henni sköturoð og tvenna skó svo „verde jaf*n*an dygda kuende / þurrt j fotin*n* so *og* so.“[347]

Þetta stutta ljóðabréf einkennist af gamansemi og Bjarni gerir góðlátlegt grín að Kristínu, kjarki hennar og siðprýði. Kvæðinu lýkur á blessun Kristínar.

---

[343] „Ungu*m* dandis sueine Jone Isleifsine á Felle J Hornaf. vijsa send“, 23. erindi.
[344] „Fiortandu liodmal til vilborgar 1709“, 21. erindi.
[345] „Upplýsingar úr *Íslendingabók*.
[346] „Vngre mey Kristijnu Eyreks dotter ad Mula vijsa send“, 3. erindi.
[347] „Vngre mey Kristijnu Eyreks dotter ad Mula vijsa send“, 4. erindi.

Ástríður Hjálmsdóttir

Innan um ljóðabréf Bjarna, á undan ljóðabréfinu til Kristínar Eyreksdóttur, er bréf sem ber yfirskriftina „Glede vijsa giefin Astrijde Hialmsdóttur“. Við nánari skoðun kemur í ljós að þetta er ekki ljóðabréf heldur huggunarsálmur, ortur í orðastað hinnar sextán ára gömlu Ástríðar. Hún er „dóttir Hjálms Sigurðssonar, hjáleigumanns í Hvammi í Vallnahreppi ... og mun kvæðið því ort 1708.“[348] Vegna sérstöðu þessa kvæðis, þ.e. að um huggunarsálm er að ræða, verður ekki gerð grein fyrir því hér en kvæðið sjálft má finna í fylgiskjölum ritgerðarinnar.

Árni Alexandsson

Þrjú ljóðabréf eru til „langkunningja“ Bjarna, Árna Alexandssonar. Árni þessi var hreppstjóri og bóndi í Geitdal í Skriðdalshreppi.[349]

Í fyrsta bréfinu kvartar Bjarni kurteislega, nánast í upphafi, yfir því að nóvember hafi tekið frá honum skáldagáfuna. Hann lætur það samt ekki aftra sér í raun því kvæðið er 17 erindi. Hann ávarpar Árna í fyrsta erindi, segir „broder blijde“. Í bréfinu kemur fram að Árni hafi sent honum vín og Bjarni er þakklátur en getur ekki launað heldur verður að treysta á himnaföðurinn eins og oft áður:

> Gud mu*n* launa en*n* gamalmen*n*id gietur þad ecke
> samt meiga ord *og* vilien*n* vera
> þó v*er*kin m*ei*ge þad e*ck*e giora [350]

Hann blessar hjónin og óskar þeim alls hins besta. Jafnframt bregður hann á leik að nafninu Lukka en kona Árna hét einmitt Lukka Jónsdóttir.[351] Inni í blessunarkaflanum er áréttað að í þessu lífi skiptist á skin og skúrir:

> Blase heitt eda urin*n* a þid athugid bæde,
> ad Christner meiga þau kjorin vita,
> kulid ad fa en*n* stundu*m* hita.[352]

---

[348] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 394.
[349] Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 393.
[350] „Langkun*n*ijngja mij*n*um Arna Alexandsine liod send“, 5. erindi.
[351] Upplýsingar úr *Íslendingabók* og Manntali 1703.
[352] „Langkun*n*ijngja mij*n*um Arna Alexandsine liod send“, 10. erindi.

Eftir blessunarversin eru þrjár vísur um Egil Skallagrímsson. Bjarni er að lána Árna, vini sínum, söguna og tekur fram að hann vilji fá eintakið til baka eftir jól. Bjarni talar af aðdáun um þennan hervíking og bendir vissulega hárétt á þessa staðreynd:

> Eygill huorke hirdte um*m* prest nie helgidaga.
> vel má h*an*n jolatijdu*m* tijna,
> talde ha*n*n helldr penijnga sijna.[353]

Það er eins og skíni eilítið í gegn hvað Bjarni hefur haft gaman af óþekkt Egils, nísku og vígaferlum, þótt sjálfur sé hann ávallt að prédika hófsemi, hlýðni við guð og kristilegt líferni. í ljóðabréfum sínum.

Síðustu erindin eru um ellimörk Bjarna, hversu tilbúinn hann sé að víkja úr þessu lífi og loks blessun yfir fjölskyldu viðtakandans, þar sem þess er óskað að þau verði „j guds vafin nád og fride“.[354]

Í næsta ljóðabréfi til Árna, „Adrar en*n* til Arna“, er aðalefnið daglegt brauð, sem er guðs gjöf. Í útleggingu Bjarna af þessu yrkisefni (*topos*) má finna fjölda vísana í *Biblíuna*; sem varða daglegt brauð eða drykk.

Fyrst er vísað í samskipti Davíðs, Nabals og Abígail, konu Nabals.[355] Bjarni tengir þessa sögu við Ísland og segir: „eins for margur audkijfijngur u*m* Jsaland“.[356] Hverfulleiki lífsins og fánýti efnislegra gæða eru aldrei langt undan í kvæðum Bjarna.

Því miður hefur mér ekki tekist að finna hvaðan vísunin í 6. erindi um Qamel, sem sat svangur en fékk saðningu frá guði, er ættuð.

Í 7. erindi er vísað í góðu ekkjuna í Sarepta sem hafði Elias spámann í fæði[357] og í því 8. er vísað í fræga brúðkaupið í Cana, þar sem Jesús breytti vatni í vín.[358] Það heyrir til undantekninga að Bjarni noti svo margar vísanir í ljóðabréfi, sambærilegt við þetta er helst „Þridiu liod til Vilborgar“ þar sem Bjarni lagði út af hugtakinu „orð guðs“ með vísunum í marga staði *Biblíunnar*.

---

[353] „Langkun*n*ijngja mij*n*um Arna Alexandsine liod send“, 14. erindi.
[354] „Langkun*n*ijngja mij*n*um Arna Alexandsine liod send“, 17. erindi.
[355] Nabal þessi var auðugur en tók upp á að rýja sauðfé Davíðs, sem var vitaskuld ekki ánægður með það. Davíð hugðist ráðast á Nabal en kona hans, Abígail, skarst í leikinn og sló upp veislu fyrir liði Davíðs. Þegar Nabal heyrði af þessu varð hjartað í brjósti hans sem steinn og hann dó 10 dögum síðar. Davíð tók sér þá Abígail fyrir konu. Sjá Fyrri Samúelsbók 25:1–44.
[356] „Adrar en*n* til Arna“, 4. erindi.
[357] „En satt segi ég yður, að margar voru ekkjur í Ísrael á dögum Elía, þegar himinninn var luktur í þrjú ár og sex mánuði, og mikið hungur í öllu landinu, [26]og þó var Elía til engrar þeirra sendur, heldur aðeins til ekkju í Sarepta í Sídonlandi.“ Lúkasarguðspjall 4:25–26.
[358] Jóhannesarguðspjall 2:7–11.

Hann fjallar næst um hey– og mjólkurþurrð en segir svo:

Eins sem fordu*m* faderin*n* trur
folk sitt leidde þrautu*m* ur
so mu*n* jckar hussins hag
herran*n* sialfur fære j lag
giefa til rad og godan*n* sijna gledin*n*ar dag.[359]

Hér kemur skýringin á öllum vísununum; þær eru rök fyrir því að guð hafi bjargað forðum og muni einnig gera svo nú. Í næsta erindi staðhæfir Bjarni að Jesús muni breyta „rauna vatni“,líklega tárum, í vín:

Þui skulu þid j vissre von
vera þar u*m* ad Mariu son
yckar rauna vatne j vijn
venda kan*n* fyrer mysku*n* sij*n*
ef tru, bænin, elska og vonin ecke duijn[360]

Ljóðabréf Bjarna til kunningja eru oftast einföld og tær. Þetta bréf til Árna Alexandssonar er undantekning, vegna þess að Bjarni leiðir rök að máli sínu með svo mörgum vísunum í bæði *Gamla* og *Nýja testamentið* og dregur svo þá ályktun að guð muni bjarga í heyskorti og mjólkurþurrð alveg eins og hann bjargaði fólki um daglegt brauð og vín hér forðum tíð.

Svo leggur hann út af niðurstöðunni, í erindinu hér að ofan, og fullvissar vin sinn að Maríu sonur muni bjarga þeim svo lengi sem þau eru staðföst og ekki dvín „tru, bænin, elska og vonin“. Hugsanlega er þetta vísun í höfuðdyggðirnar þrjár: „Trú, von og kærleikur“.

Táknrænt segir Bjarni að Jesús muni breyta „rauna vatni“ í vín; bókstafleg merking er væntanlega að trú á Jesús þerri tárin og vísunin í brúðkaupið í Kana gefur þessari málsgrein hjálpræðissögulega vídd: Við getum treyst á kraftaverk Krists hvenær sem eitthvað bjátar á.

Þessu ljóðabréfi lýkur svo á hefðbundinn hátt, með blessunarerindi eða bæn um að Jesús annist þau hjónin alltaf.

Þriðja kvæðið til Árna, „Arna en*n* send hiegoma vijsa“ er allt annars eðlis en það sem fjallað var um hér að ofan. Þetta er gamankvæði, reyndar er handritið ólæsilegt að hluta til, en kvæðið virðist fjalla um vínbrúsa.

---

[359] „Adrar en*n* til Arna“, 10. erindi.
[360] „Adrar en*n* til Arna“, 11. erindi

Bjarni virðist eiga Árna margan vínpottinn að þakka, og síðasta ljóðabréfið er gamanvísa um leirbrúsa, sem Árni hefur látið hann hafa á ferðalagi. Skáldið vonast til, að brúsinn komist tómur til skila og fái að nýju brennivínsstaup hjá Árna. Hér er notuð sama líking og í Leirkarlsvísum.[361]

Einar Sveinsson

Einar Sveinsson var hreppstjóri og bjó að Arnaldsstöðum í Skriðdal þegar manntalið var tekið árið 1703. Bjarni kallar hann „landseta“ sinn en mér er ekki alveg ljóst af hverju hann gerir það.[362]

Fyrra bréfið byrjar á lýsingu á góðu tíðarfari og síðan tekur við lýsing á elli Bjarna:

Flest þo adr fallegt sie
fölnar bratt med ellin*n*e,
sóar hun ollu*m* up til san*n*s,
edla kostu*m* sier huors man*n*s,
huort þad er j kotinu kall eda kongur lands[363]

Bjarni endurtekur mjög svipaða hugmynd um að ellin hlífi engum, í bréfi til kunningjakonu sinnar, Þóru á Streiti. Þar segir hann:

Ellin fellir hið unga bar
og allt það fyrr sem blomlegt var
af þui hun væger ongu*m* hier,
ec*k*e er von hu*n* hlijfe mj*er*
tijgnar men*n* og totrakall hun tekur með sier.[364]

Það er auðvitað ekki nokkur leið að vita hvort kvæðið er eldra en má af þessu sjá að Bjarni hugsar um ellina óumflýjanlegu sem alla tekur með sér, án tillits til stéttar eða stöðu.

Eftir elliþáttinn kemur blessun yfir hjónabandi þeirra Einars og eiginkonu, ábendingar um hvernig skuli lifa kristilega og haldast í vináttu við guð. Sumstaðar bregður fyrir glæsileika í stíl. Bragarhátturinn býður upp á meitlaða lokamálsgrein, jafnvel spakmæli eða málshátt. Dæmi um slíkt er „hrigd *og* glede ad lijda liuft er listin kiæn.“ í lok 6. erindis. Leikið er með klifun á góð, gott o.þ.h. í 7. erindi:

[361] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 394.
[362] Skýringin gæti verið sú að þegar Gróa,tengdamóðir Bjarna lést, 1671 eða 1602 „fékk [Bjarni] eftir Gróu vegna forlagsbrests jarðarhundrað í Arnaldsstöðum og annað á Þorvaldsstöðum og þrjú hundruð í lausu.“ Tilvitnun í Jón Samsonarson. 1960a, s. 38.
[363] „Landseta mijnum Ein*n*are Suenisine liod s*e*nd“, 3. erindi.
[364] „Goðre quinnu Þoru Jonsdott*er* að Streite vijsa send“, 6. erindi.

Gott ber avoxt godan*n* trie
god born jckar vona eg sie
þid erud bæde giæskugod,
godan*n* vaktid dygda siod,
til hædstu tijgnar hafin og vijgd fyrer herrans blod.

Seinni hluti kvæðisins er öllu hversdagslegri en hinn fyrri. Bjarni yrkir um dæturnar fjórar og óskar þeim alls hins besta en minnir einnig á skyldur. Svo yrkir hann um vinnukonu og sauðamann og blessar, að venju, heimilisfólkið í síðasta erindinu.

Seinna kvæðið til Einars, „Enn adrar til Einars S.S“, hefst á ávarpi og blessunarorðum, fyrst til húsbóndans og síðan til Gunnu, hússins móður. Það er ekkert undarlegt þótt Bjarni blessi þau vel því þetta bréf er skrifað á bóluvetri. Það kemur líka í ljós í þriðja erindinu að nú eiga hjónin bara tvær dætur, sem þýðir að tvær eru dánar.

Bjarni brýnir fyrir hjónunum að sýna guðsótta og ljóðabréfið á að hafa einhver áhrif í þá átt því hann segir:

Sedilin*n* liotur lyser ydur ad lijfsins geinge,
giefid sje oss *og* guds vinfeinge,
gledr þad hjartad vel og leinge[365]

Seðillinn ljóti hlýtur að vera bréfið hans Bjarna sem getur lýst þeim hjónum á lífsins vegi, á þessum erfiðu tímum.

Eftir að hafa nefnt góðviðri undanfarið, góða fiskigengd og feitt sauðfé, ásamt því að þakka þetta allt drottni, nefnir Bjarni bóluna rétt sem snöggvast:

Sarlig bolan sitt hefiur spiót j sueitu*m* vijda,
kuin*n*r men*n* og klerka frijda
kremur hu*n* hart j daudan*n* strijda.[366]

Í næsta erindi leggur hann áherslu á að guð muni líkna þeim sem lifa og vonast til að þeir nái einnig sem fyrst „fegurstu ró j himnavistum“. Hugsanlega hefur það verið mönnum fró að hugsa til hins dýrlega lífs sem látnir ástvinir hafa horfið til.

Eftir þetta tekur við langur vísnabálkur um vinnufólk og þeirra skrítnu tiltæki. Þetta er mest í græskulausu gríni ort því hlýja Bjarna í garð þessa fólks skín ávallt í gegn. Síðasta erindið er kveðja til Einars en engin blessun fylgir, sem er óvanalegt í ljóðabréfum Bjarna. Kannski hefur honum þótt blessunin fullkláruð í upphafi bréfsins.

[365] „Enn adrar til Einars S.S“, 5. erindi.
[366] „Enn adrar til Einars S.S“, 9. erindi.

Guðfinna Vigfúsdóttir

Aftarlega, í handritinu Lbs 838, 4to á síðu 275, er fyrirsögnin: „Nockrar vijsur kun*n*ijngjum sendar fra Hallormstad 1709“ og strax á eftir undirfyrirsögnin „Gudfin*n*u ad Kalfafells stad vijsa send“. Jón Marinó Samsonarson, sem gengur að því vísu að handritið sé samansett af mörgum kverum, telur þetta kvæði til Guðfinnu vera „í viðbæti aftan við kvæðabók“. Hann bætir við: „Guðfinna þessi var fóstra Ingibjargar litlu Jakobsdóttur og Bjarni getur hennar oft innilega í kvæðum til Ingibjargar og sendir henni smágjafir.“[367] Annars staðar leiðir Jón líkur að því að Guðfinna gæti verið systir Bjarna[368] en ég tel það óhugsandi því hún er skráð Vigfúsdóttir í Manntalinu 1703.

Bjarni byrjar ljóðabréfið á að tala um hversu vel henni láti að annast börn. Síðan þakkar hann fyrir fjóra skinnskó sem „gullsbrijk“, þ.e. Guðfinna, hafi sent honum og staðhæfir að sjálfur eigi hann eftir að verða „suart liijk“, sem er heldur ónotaleg andstæða. Í þriðja erindi segist Bjarni láta fylgja tóbak með bréfinu sínu og í næsta erindi blessar hann Guðfinnu hlýlega og fallega:

> Frid guds og forrád
> fae syster mijn blijd
> j myskun og nád
> alla sijna lijfstijd,
> j leingd og j brad,
> ardeigis og kuolldsijd,
> han*n* gledje gulls hlijd.[369]

Guðfinna fái frið guðs í lengd og í bráð, morgna og kvöld og yfirleitt alla hennar lífstíð. Bjarni kennir Guðfinnu tvisvar, með stuttu millibili, við gull, sem er óvenjulegt miðað við önnur ljóðabréf Bjarna til kvenna og bendir til þess að honum hafi verið óvanalega hlýtt til hennar.

Ljóðabréfinu til Guðfinnu lýkur með því að Bjarni minnist aðeins á elli sína, sendir Imbu svolítið tóbak (Ingbjörgu Jakobsdóttur, fæddri 1699 og er því 10 ára þegar bréfið er sent) og biður guð að blessa dætur Jakobs og Guðmund litla.

---

[367] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 394.
[368] Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 4.
[369] „Gudfin*n*u ad Kalfafells stad vijsa send“, 4. erindi.

Þóra Jónsdóttir

Bjarni skrifað Þóru tvö bréf, hið síðara var sent á bóluári en ómögulegt er að vita hvenær hið fyrra var sent. Þóra þessi bjó að að Streiti í Breiðdalshreppi. Fyrra kvæðið, „Godre quin*n*u Þoru Jonsdott*er* ad Streite vijsa send“, hefst á ávarpi og hrósi um dyggðir Þóru sem og þakkir fyrir allt gamalt og gott, sem Jesús mun launa. Svo segir Bjarni frá því að hann beri við að messa:

> Kreikunar fær er kallin*n* en*n*,
> kraftalaus j verknadin*n*
> bragdar samt og ber þad vid
> ad byrja Messu *og* embættid
> en*n* þo ad meginid mij*n*ke söngur *og* malfærid[370]

Þetta bréf gæti því verið skrifað á árunum 1702–1704, þegar Bjarni dvaldi hjá dóttur sinni að Hallormsstað.

Bjarni sleppir að vanda ekki lýsingu á ellinni og ábendingu um hve allt sé hverfult þegar um hana ræðir:

> Ellin fellir hid unga bar
> *og* allt þad fyrr sem blomlegt var
> af þui hun væger ongu*m* hier,
> e*ck*e er von hu*n* hlijfe mj*er*
> tijgnar men*n* og totrakall hun tekur med sier.[371]

Í kaflanum um Einar Sveinsson, hér á undan, var nefnt kvæði til hans þar sem koma fram nánast sömu hugmyndir um ellina og hér, sem sé að ellin hlífi engum og hirði ekkert um stétt og stöðu. Hér er lífið myndhverft í tré sem smám saman visnar og fellir barrið eftir því sem ellin sækir á.

Bjarni bendir svo á að bæði séu þau Þóra að eldast:

> en*n* lifu*m* bæde a sein*n*e tijd
> samanteingd *og* sæl med drottins signudu*m* lijd.[372]

og biður drottin um „ad heimfor verde hæg og blijd j himinin*n*.“

Í blálok ljóðabréfsins kemur fram að sár og blóð Jesú muni fleyta þeim til himna:

> blessud sar *og* blodid han*n*s,
> best er læknij*n*g syndugs man*n*s.
> fleyte ockur ferjan su til födurlands. [373]

---

[370] „Godre quinnu Þoru Jonsdott*er* ad Streite vijsa send“, 5. erindi.
[371] „Godre quinnu Þoru Jonsdott*er* ad Streite vijsa send“, 6. erindi.
[372] „Godre quinnu Þoru Jonsdott*er* ad Streite vijsa send“, 9. erindi. Skv. Manntali 1703 var Þóra 57 ára og heilsuveik.
[373] „Godre quinnu Þoru Jonsdott*er* ad Streite vijsa send“, 11. erindi.

Síðara bréfið ber yfirskriftina „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“[374] Í 12. erindi sést að þetta ljóðabréf er ort meðan bólan geisar:

> Fliotz u*m* dalin*n*, fell og tungu
> fer nu yffer m*annz* vallde þungu
> Bolan, med sitt banaspjót:[375]

Fyrri hluti ljóðabréfsins fjallar um gamalkunnugt áhugamál Bjarna, ellina. Hann nefnir að á yngri árum hafi sér aldrei dottið í hug að ellin rændi hann kröftum og atgervi:

> Sijst mij*er* kom j sin*n*e *og* þanka
> so munde ellin fyrer mj*er* hánka
> hendur bæde og fotaferd,
> ad eg jrde hræddur ad hlaupa
> hægan*n* sprett, en verda ad kaupa
> stafi so ad jrde gangan giord.[376]

Svo telur Bjarni upp ýmis líkamleg einkenni ellinnar, mætti jafnvel segja að hann væri óþægilega smámunasamur í svoleiðis upptalningu en líkast til þjónar hún þeim tilgangi að sýna lesanda hve allt er í rauninni hverfult; aumasti hégómi og enginn kemst undan hrörnun og tapi hæfileika og lífsgæða þegar aldurinn færist yfir.

Eitt af því sem hann telur upp er: „Sjon er dauf j giegnu*m* glerid“[377] sem styrkir mig í þeirri trú að Bjarni hafi, einn örfárra á þessum tímum, átt gleraugu, eins og áður hefur verið nefnt og rökstutt í þessari ritgerð.

Það er ekki nóg með að líkaminn hrörni í ellinni heldur hnignar einnig viljastyrk og hæfileikanum til að líta jákvæðum augum á ástandið, að rýna burtu raunirnar:

> Mistur er lijka matterin*n* jn*n*re,
> ...
> bænin veyk en*n* hugurin linr
> ad rij*n*a j burtu raunernar.[378]

Það eina sem enn stendur styrkum fótum í líkama og sál Bjarna er trúin á Krist. Hann segist glaður bera þrautir meðan hann bíður eftir að Jesús leysi hann frá þrautunum:

> vinátta hans mi*er* giefur a sijdan
> heilaga ro *og* huijldar stad.[379]

---

[374] Jón Marinó Samsonarson segir um þennan bragarhátt: „Hindarhljóð minnir óneitanlega á hinn fræga hindarleik, hvort sem ætla má af því að hátturinn hafi verið tengdur dansi.“ Hann bætir því svo við að hátturinn séu 6 vísuorð og rímið ýmist aabccb eða aabaab. Sjá Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 218.
[375] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 12. erindi.
[376] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 2. erindi.
[377] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 4. erindi.
[378] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 5. erindi.
[379] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 7. erindi.

Að því búnu snýr Bjarni sér að viðmælanda sínum, Þóru. Hann segir að það gleðji sig að hún sé hress, segir bréfið frá henni hafa verið indælt, þakkar fyrir ýmsar velgjörðir og óskar Þóru alls hins besta. Eftir að hafa minnst á bóluna talar hann um að margir eftirlifendur eigi um sárt að binda. En Jesús mun gefa þeim gleði á ný, fyrir sitt rauða blóð og dýra dauða.

Í næstsíðasta erindinu blessar Bjarni þau bæði hjón, hús og hjúin, bæði þessa heims og annars. Hann kveður í síðasta erindinu og þar kemur fram að Bjarna finnst hann ekki almennilega passa inn í heiminn lengur:

> Heilsar hin*n* forne huorndags prestur
> heiminu*m* j sem framande giestur, [380]

Mér finnst skína í gegnum allt seinna ljóðabréfið til Þóru einhvers konar tómlæti, sérstaklega í þessu erindi, og raunamædd hugsun Bjarna. Ekki einu sinni venjubundnar yfirlýsingar um að hann treysti á Jesúm og hlakki til framhaldslífsins megna að svifta þessum þunglyndislega blæ af ljóðabréfinu; uppgjöfin er alger.

Margrét Vagnsdóttir

Um „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“ segir Jón Marinó Samsonarson að hún „býr með manni sínum Sigurði Jónssyni að Þverhamri í Breiðdal 1703. Bjarni er að þakka Margréti tóbakskorn.“[381] Fyrr á árum hafði þessi Margrét verið vinnukona hjá Bjarna í Þingmúla, svo hann þekkir hana vel.

Kvæðið hefst á blessun og bæn, minnt er á hverfulleikann í 3. erindi: „Man*n*sins lijf er veykt og vallt j veralldar ran*n*e“ og síðan er haldið áfram með bæn og blessun. Um mitt kvæðið eru þakkirnar fyrir „sendijng godra korna“ og endurgjaldið er guðleg bæn:

> Gief eg þier aftur gudliga bæn af godum vilja,
> astar minnijng mattu skilia,
> mun eg ecke fyrer þier dylia.[382]

Það er áréttað síðar í kvæðinu að launin eru ekki efnisleg þegar Bjarni skrifar: „Trefilin*n* sende eg toman*n* þin*n* med truu*m* gran*n*a“[383] en tóbakið frá Margréti hefur væntanlega verið í þessum trefli.

---

[380] „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“, 15. erindi.
[381] Jón Marinó Samsonarson. 1960a, s. 395.
[382] „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“, 7. erindi.
[383] „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“, 11. erindi.

Í bréfinu er hálfgerður vonleysistónn í Bjarna, sbr.

> Gamle prestur þesse þin*n* er þreyttur ad lifa,
> latur miog ad lesa og skrifa,
> og lioda bögur saman ad klifa.[384]

og upphaf síðasta erindis: „Megnar han*n* ecke meira ad lofa ur mærdar klijdu*m*“[385] Hann blessar að sjálfsögðu Margréti og hennar fólk en biður hana líka að biðja fyrir sér svo hann fái góða burtfararstund úr þessu lífi.[386]

Í þessum kafla var fjallað um ljóð til vina og kunningja Bjarna. Raunar má segja að fyrstu þrjú ljóðin: Til barna sr. Ólafs í Vallanesi, sonar Vilborgar á Felli og dóttur Eyreks prests í Þingmúla hafi líklega átt meira erindi til foreldra þeirra en viðtakendanna sjálfra.

Raunverulegir vinir og kunningjar eru af báðum kynjum: Karlarnir tveir, þeir Einar og Árni; konurnar eru Guðfinna, Þóra og Margrét. Í öllum tilvikum hefur vinskapurinn staðið lengi, t.d. voru bæði Guðfinna og Margrét vinnukonur í Þingmúla á búskaparárum Bjarna þar.

Bréf Bjarna til þessa fólks eru stundum sérstaklega einlæg. Má nefna dæmin um vonleysi og depurð sem koma fram í síðustu ljóðabréfunum, „En*n* adrar til Þorú. Hindarhliod“ og „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“ Ég á bágt með að sjá fyrir mér slíka tjáningu í ljóðabréfi Bjarna til karls en kannski villa þar eigin fordómar sýn. Bréfin til Árna og Einars eru samt hlýleg og huggandi þar sem það á við, eftir bóluna.

---

[384] „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“, 8. erindi.
[385] „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“, 14. erindi.
[386] „fromre Dande Quin*n*u Margrete Vagnsdott*er* vijsa send“, 10. erindi.

3. Lokaorð

Heimur sr. Bjarna Gissurarsonar, Skriðdalurinn og næsta nágrenni, kann að finnast nútímamanni vera smár, jafnvel örsmár. Á kortunum á s. 24 og 25 sést að vegalengdir milli Bjarna og flestra viðtakenda ljóðabréfanna eru stuttar. Þó ber nútímamönnum að gæta varúðar í að draga ályktanir; okkar skyn á fjarlægðir og ferðatíma er skekkt af malbikuðum vegum, brúuðum ám og vélknúnum ökutækjum. Samt sem áður datt mér oft í hug við þessa ritgerðasmíð að Bjarni og flestir þeirra sem ljóðabréfin fengu hafi margsinnist hist á milli bréfa.

Í sveitinni eða héraðinu er allt í órjúfanlegum skorðum guðs; embættismenn eru á sínum stað, vinnufólk á sínum stað og þegar fólk reynir að brjótast úr sinni stétt endar slíkt með ósköpum. Bjarni minnist oft á fátækt vinnufólk sem tekur saman og byrjar að bolloka í einhverju kotinu og fer á vonarvöl í næstu harðindum. Sem réttrúnaðarmaður er hann mjög á móti svoleiðis „nýgiftingum“. Honum hefur áreiðanlega fundist að hver ætti að halda sig á sinni hillu í lífinu.

Þótt heimasveitin sé smá og sennilega fámenn og lítið þar um breytingar þá yrkir Bjarni þannig að allt stækkar og allt fær merkingu: Almáttugur guð á loft, lög og láð og ekkert er honum ómögulegt. Hann ræður lífi og dauða og hið eina sem manneskjan getur gert, í sinni kröm eða sorg, er að biðja til guðs sem þá mun veita huggun. Þessi litla sveit og hennar fáu íbúar eru mikilvægt tannhjól í gríðarlegu sköpunarverki drottins.

Menn geta náð eyrum guðs með tíðum og heitum bænum. Svo virðist sem Bjarni líti einnig svo á að rímuð blessun í ljóðabréfi hafi einstakan áhrifamátt; að hún verði jafnvel árhrínsorð. Þetta er bráðnauðsynlegt því guð er ekki bara algóður, stundum neyðist guð til að tyfta sitt fólk. og má jafnvel nota bænir til að verjast eða a.m.k. að milda yfirvofandi tyftun.

Aðalmarkmið Bjarna, í sínum ljóðabréfum, virðist vera að fræða um kristindóm, að hugga og að skemmta, fyrir utan hið sjálfsagða hlutverk bréfa að segja fréttir. Það fer eftir viðtakendum hvernig þetta er gert. Einföld fræðsla, studd alþekktum dæmum hentar sumum; flóknar vísanir og myndhverfingar henta öðrum. Huggun eða skemmtun fer eftir lífi viðtakanda undanfarið. Helstu fréttir eru ævinlega af elli Bjarna sjálfs en svo er

misjafnt hvað telst annað til tíðinda: Innansveitarmál ef um nágranna er að ræða; helstu tíðindi úr héraði ef hann er að skrifa Vilborgu á Felli, því hún býr langt í burtu.

Það sem mér þykir einkenna ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar, eftir að hafa unnið þessa ritgerð, er hve mikil hlýja er í þeim og umhyggja fyrir viðtakanda eða bara manneskjum öllum. Hann reynir nánast ævinlega að stappa stálinu í hina veikburða og blessar jafnt háa sem lága. Volaða og vesæla stúlkukindin Gunna fær jafnmikla umhyggju og hún þarf; Sýslumannsfrúin Vilborg á Felli fær blessun fyrir allt sitt fólk og ábendingu um að hún safni sjóðum í himni.

En það sem mér þykir þó merkilegast er að í þessum litla og fátæka heimi, Skriðdalnum og nágrenni, hafi hluti af menningu heimsins endurspeglast í bréfaskriftum fremur lítilsiglds sveitaprests, sem miðlaði lúterskum rétttrúnaði í ljóðum, stundum í barokkstíl, og byggði að nokkru leyti á fornri klæssískri hefð og latínufræðum.

Heimildir

Aðalheimild: Lbs 838, 4to

Aðrar heimildir:

Arngrímur ábóti Brandsson**,** *Guðmundardrápa***,** 6**.** *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. http://skaldic.arts.usyd.edu.au/db.php?table=verses&id=1691. Skoðað á vef í október 2006.

Ásta Sigurðardóttir, ábúandi í Þingmúla, Skriðdal: Upplýsingar í tölvupósti 17. 3. 2007.

Biblían, http://www.biblian.is og http://snerpa.is/net/biblia/biblia.htm.

Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla. 1960. *Sólarsýn. Kvæði*. Jón M. Samsonarson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur á Akranesi: Upplýsingar í tölvupósti 5. 10. 2006.

Gilje, Nils. 2001. „En verden full af tegn – aspekter ved virkelighetsoppfatningen på 1600 tallet“ í *Petter Dass og Norden*, s. 103–122. Ritstjórar Sven Erik Forfang og Ivar Roger Hansen.Alstahaug: Høgskolen i Nesna, Noregur.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.

Guillén, Claudio. 1986. „Notes toward [svo] the Study of the Renaissance Letter“. *Renaissance Genres. Essays on Theory, History and Interpretation*, s. 70–101. Ritstjóri Barbara Kiefer Lewalski. Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts og London, England.

Hávamál á Netútgáfunni, http://www.snerpa.is/net/kvaedi/havamal.htm.

Helgisiðastofnun í Skálholti, gagnagrunnur. http://tf.is:8080/truararfur/salmar/index.asp. Skoðað á vef í mars 2007.

Íslendingabók, http://www.islendingabok.is.

Jón Marinó Samsonarson. 1960a. *Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla ævi hans og kveðskapur*. Handskrifuð cand.mag. ritgerð í vörslu Árnastofnunar.

Jón M. Samsonarson. 1960b. „Eftirmáli“ að Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla. *Sólarsýn. Kvæði*. Jón M. Samsonarson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Jón Þorkelsson.1885. Formáli, s. I–LXXXII, í *Kvæði eptir Stefán Ólafsson I*. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Kingo, Thomas. 1689. „*Til Brigitte Baltzlow* paa hendes indfaldende Nafns Dag Dend 1 Febr. 1689“. http://www.kalliope.org/digt.pl?longdid=kingo2002111303.

Manntal 1703, http://www.skjalasafn.is/manntol/

Margrét Eggersdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Sagnanet. http:/www.saganet.is

Sigurður Pétursson. 2006. „„Nugas accipe,‘. (Tak við lítilræði)“ í *Brynjólfur biskup. Kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynólfs Sveinssonar 14. september 2005*, s. 47–63. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sigurður Pétursson. 2007. „Poeta felicissimus. Latínuskáldið Stefán Ólafsson (um 1619–1688). Óprentuð grein án blaðsíðutals, byggð á fyrirlestri á Hallgrímsstefnu 2006.

Skafte Jensen, Minna. 2002. „Zacharias Lund (1608–67) and the early Baroque“. *Skandinavische Literaturen der frühen Neuzeit*, s. 9–16. Ritstjórar Jürg Glauser og Barbara Sabel. Tübingen, Þýskalandi.

Skúli S. Ólafsson. 2006. „Skundað að nauðugu verki. Kirkjuhöfðinginn Breynjólfur Sveinsson“ í *Brynjólfur biskup. Kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynólfs Sveinssonar 14. september 2005*, s. 111–130. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Snorra–Edda á Netútgáfunni, http://www.snerpa.is/net/snorri/gylf.htm.

Sólarljóð á Netútgáfunni, http://www.snerpa.is/net/kvaedi/solar.htm.

Stefán Ólafsson. 1886. *Kvæði eptir Stefán Ólafsson I*. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Völuspá á Netútgáfunni, http://www.snerpa.is/net/kvaedi/volospa.htm.

Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttu,r Háskóli Íslands og Mál og menning, Reykjavík.